



FRÉTTABLAÐIÐ

19. maí 2005 - 131. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is - Sími: 550 5000

FIMMTUDAGUR

Misstu af titlinum

Róberti Gunnarssyni, Sturlu Ásgeirssyni og félögum í Árhús GF mistókst að tryggja sér danska meistaratitilinn í handbolta á heimavelli í gær.

ÍPRÓTTIR 34



Er ekki flokkaflokkari

Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður segir sín vistaskipti ekki sambærileg við flokkaflokk Gunnars Órlygssonar.

UMRÆÐA 26


Vala Matt í Sirkus

Sjónvarpskonan snjalla er að hætta með Innlit - Útlit á Skjá einum.



FÓLK 54

VEÐRIÐ Í DAG




ÁFRAM SVIPAD Viða bjartviðri vestan til en skýjaðra eystra. Hiti 4-12 stig að deginum, mildast suðvestan til. Hætt við næturfrosti.

VEÐUR 4

Meðalbestur á tölublað

25-49 ára konur



*Höfuðborgarvæðid skv. fjölmiðlakönnun Gallup í maí 2005.

Talin of þung til að ættleiða

Kona hefur höfðað mál á hendur íslenska ríkinu vegna þess að dómismálaráðuneytið synjaði henni um að ættleiða barn frá Kína. Synjunin byggði meðal annars á því að konan væri of þung. Í stefnunni er ráðuneytið sakað um geðþóttaákvörðanir og fordóma.

DÓMSMÁL Kona hefur stefnt íslenska ríkinu vegna synjunar dómismálaráðherra á umsókn hennar til að ættleiða barn frá Kína. Synjunin er byggð á því að konan sé yfir kjörþyngd, auk þess sem aldur hennar er tiltekinn. Þetta er fyrsta dómismál sinnar tegundar hérlendis og hefst málfutningur í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag.

Konan er nú 47 ára, einhleyp og barnlaus. Hún lagði fram umsókn um svokallað forsambykki til ættleiðingar á síðari hluta árs 2003. Taldi hún það fyllilega raunhæft eftir að einhleypu fólki var gert auðveldara en áður að ætt-

leiða barn með lagabreytingu 1999. Konan er alin upp í stórum systkinahóp og á bróður sem er þroskaheftur. Tók hún mikinn þátt í umönnun hans og ber enn fulla ábyrgð á bróður sínum. Konan hefur lokið kennara- og sérkennaranámi frá Kennaraháskóla Íslands sem og stjórnunarnámi frá Þroskaþjálfaskóla Íslands. Hún hefur starfað sem kennari og deildarstjóri hjá Fjölmenn. Hún býr í eigin íbúð við góðan og stöðugan fjárhag og hefur aðstæður til að vinna mikið heima við. Með öðrum umsóknargögnum hafði hún skilað til ráðuneytisins heilbrigðisvottorði frá hjarta-

lækni þar sem hann hafði metið áhættu af hjarta- og æðasjúkdómum vegna yfirþyngdarvanda hennar. Læknirinn fann engin merki um slíkt.

Í desember 2003 fól dómismálaráðuneytið barnaverndarnefnd í héraði að kanna hagi konunnar. Benti ráðuneytið nefndinni „á meint yfirþyngdarvandamál stefnanda...“ að því er segir í stefnu. Eftir að hafa skoðað málið mælti barnaverndarnefndin með því að konan fengi að ættleiða.

Í mars 2004 leitaði ráðuneytið álits ættleiðingarnefndar og benti það nefndinni einnig sérstaklega á að konan væri yfir kjörþyngd.

Öfugt við barnaverndarnefndina mælti ættleiðingarnefndin gegn því að konan fengi að ættleiða. Í júlí 2004 hafnaði ráðuneytið svo umsókn konunnar.

Konan gerir þá kröfu fyrir dómi, að úrskurður ráðuneytisins verði felldur úr gildi. Einnig að viðurkennt verði með dómi að hún uppfylli öll skilyrði til að fá að ættleiða barn frá útlöndum.

„Byggir stefnandi á því að stjórnvaldsákvörðun ráðuneytisins sé þannig byggð á geðþóttaákvörðunum og fordómum og standist hvorki lög né rök,“ segir í stefnunni.

-jss/ Sjá síðu 2



SELMA ÆFÐI Í BÚNINGNUM Selma Björnsdóttir og Eurovision-dansararnir æfðu í gær í fyrsta sinn opinberlega í búningunum sem þau klæðast í forkeppni söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva í kvöld. Álitsgjafir gáfu lítið fyrir búning Selmu og sögðu þeir hördustu að hann gæti kostað Ísland sæti í úrslitakeppninni. Einhverjar breytingar eru fyrirhugaðar fyrir keppnina í kvöld, þó ekki ýkja miklar. Sjá síðu 54

Ekkja Vu Van Phong:

Saknar hans sárt

LÖGREGLUMÁL Thanh Viet Mac, ekkja Vu Van Phong sem stunginn var til bana í Hlíðarhjalla á sunnudagskvöldið segist sakna mannsins síns sárt. Framtíðin hafi verið björt en nú sé allt breytt og hún á erfitt með að sjá fyrir sér framtíðina. Engu að síður tekur hún sorginni með æðruleysi.

„Ég hef lítið getað hugsað til framtíðar, það er svo skammt um liðið frá því að maðurinn minn dó,“ sagði Viet.

Viet á þriggja ára gamla dóttur og ber annað barn undir belt. Erfitt er framundan hjá ekkjunni ungu. Hún og eiginmaður hennar voru tiltölulega nýlega búin að kaupa sér íbúð sem þarf að borga af auk þess sem rekstur heimilisins kostar sitt. Til að koma til móts við þetta hefur hún verið hrundið af stað söfnun til styrktar henni.

Nánar á bls. 4

Fjórtán óbindandi tilboð bárust í Símann:

Deilt um trúnaðarákvæði

VIÐSKIPTI Logos lögmansþjónusta, sem aðstoðar einkavæðingarnefnd við sölu á Símanum, telur að fréttatilkynning hóps fjárfesta til fjölmiðla í fyrradag hafi brotið gegn ákvæði í trúnaðarsamningi sem skilyrði var að undirrita til að fá útboðsgögn afhend. Í lið 5.1 kemur fram að viðkomandi megi ekki upplýsa um einstakar ráðstafanir sem tengjast mögulegum kaupum á Símanum. Áform hópsins komu skýrt fram í tilkynningunni.

Hópurinn, sem samanstendur af Burðarási, KEA, Ólafi Jóhanni

Ólafssyni, Talsímafélaginu og Tryggingamiðstöðinni og nýtur stuðnings Almennings ehf., skiladi inn tilboði í fyrradag. Lögfræðingar á hans vegum eru algjörlega ósammála þessari túlkun, segir einn forystumaðurinn. Auk þess hafi verið óskað eftir áliti Logos fyrirfram en það borist of seint. Þau hafi ekki áhyggjur af þessu.

Fjórtán óbindandi tilboð bárust í Símann. Að baki þeim standa 37 fjárfestar, innlendir og erlendir.

- bg/sjá síðu 28



AGNES BRAGADÓTTIR OG ORRI VIGFÚSSON Lögmennirnir sem aðstoða einkavæðingarnefnd telja fjárfestahópin sem forsvarsmenn Almennings ehf. styðja hafa brotið trúnað.

Fást á þjónustustöðvum

ESSEO

1604/IG 10



SPURNING DAGSINS

Vilhjálmur, eigum við ekki að fyrirgefa vorum skuldunautum?

„Jú, en um leið frelsa oss frá R-listanum.“

Vilhjálmur P. Vilhjálmsón, oddviti sjálfstæðis- manna í borgarstjórn, sakar R-listann um óráðsú í fjármálum og segir skuldaaukningu borgarinnar með ólíkindum.

Lækningaforstjóri segir stefnumótun um vinnu lækna hafna yfir efa:

Læknir kærir Landspítalann

DÓMSMÁL „Meginmálið er að það reynir á hvort þessi stefnumótun spítalans sé lagalega réttmæt eða ekki,“ sagði Jóhannes M. Gunnarsson lækningaforstjóri Landspítala- háskólasjúkrahúss um málshöfðun fyrrverandi yfirlæknis á geðsviði LSH á hendur spítalanum. Jóhannes bætti við að hann teldi stefnumótunina „siðferðilega hafna yfir efa hvað réttmæti varðaði.“

Læknirinn, Tómas Zoega, hefur höfðað mál gegn sjúkrahúsinu til ógildingar á breytingu á stöðu sinni. Forsagan er sú, að í desember 2001 samþykkti yfirstjórn LSH að yfirlæknar skyldu starfa í fullu starfi á sjúkrahúsinu. Þeim skyldi

óheimilt að starfa annars staðar, með tilteknum undantekningum. Þar með var þeim óheimilt að reka sjálfstæðar einkastofur úti í bæ, en það hafði Tómas gert um árabil. Þessu hafnaði hann.

Þann 1. maí gerði yfirstjórn LSH þær breytingar á starfi hans og verksviði á spítalanum að hann myndi gegna stöðu sérfræðings þar. Hafði hann þá með bréfi frá forstjóra sjúkrahússins í lok apríl verið leystur frá stjórnunarskyldum sem fylgja starfi yfirlæknis á geðsviði.

Tómas telur þessar aðgerðir spítalans varðandi starf sitt stangast á við lög.



JÓHANNES M. GUNNARSSON Telur stefnumótun spítalans siðferðilega hafna yfir allan efa.

Kolmunnaveiði:

100 þúsund tonn á land

SJÁVARÚTVEGUR Kolmunnaafli Íslenskra skipa á vertíðinni fór yfir hundrað þúsund tonninn í fyrradag þegar Hólmaborg SU landaði tæpum tvö þúsund tonnum á Eskifirði.

Íslensku skipin hafa nú veitt 103 þúsund tonn af þeim 345 þúsund tonnum sem þeim er heimilt að veiða. Að auki hafa erlend skip landað 82 þúsund tonnum hér- lendis og því hafa samanlagt borist 185 þúsund tonn af kolmunna á land.

Mest hefur borist á land hjá Síldarvinnslunni á Seyðisfirði, 33 þúsund tonn, og næstmest hjá Eskju á Eskifirði, 30 þúsund tonn. - bþg

Fjármálasvindl:

66 milljarða í bætur

BANDARÍKIN, AP Morgan Stanley verður að greiða fjárfestinum Ron Perelman andvirði 66 milljarða króna í skaðabætur. Þetta er niðurstaða dómstóls í Flórída sem komst að þeirri niðurstöðu að fyrirtækið hefði beitt svikum og hjálpað Sunbeam að hafa fé af fjárfestum í viðskiptum árið 1998.

Morgan Stanley hafði milligöngu um kaup Sunbeam á fyrirtækinu Coleman sem Perelman átti. Fyrirtækið segir að Perelman hafi hagnast á viðskiptunum þar sem hann hafi fengið greitt andvirði tíu milljarða króna fyrir fyrirtækið og losnað við skuldir fyrirtækisins upp á 34 milljarða. ■

LÖGREGLUFRETTIR

BÍLVELTA Á SNÆFELLSNESI

Bíll valt á veginum skammt vestan við Vegamót á Snæfellsnesi um hádegisbilið í gær. Tveir ferðamenn voru í bílnum sem er bílaleigubíll. Bíllinn valt á hliðina og hvorki farþegi né ökumaður slasaðist. Bílnum var komið aftur á réttan kjöl og þá gátu ferðamennirnir ekið sína leið.

ÍSIAKI Á EYJAFIRÐI

Lögreglan á Dalvík segir nokkuð marga hafa komið til að berja ísjakann sem lónir úti á firðinum augum. Jakinn bráðnar og minnkar hægt og rólega og á meðan nætur eru bjartar stafar sjófarendum lítil hætta af honum. Hann er hins vegar þeim mun tilkomumeiri.

ÁLFT KVEIKTI SINUELD

Lögregla og slökkvilið þurfti að slökkva sinueld nærri Kirkjubæjarklaustri í fyrrinótt. Álft hafði flogið á rafmagnsvír og kviknað í henni sem og sinunni sem hún lenti í auk þess sem rafmagn fór af nálægum bæjum. Þegar eldsupptök voru könnuð fannst álftin eða það sem var eftir af henni.

Reknir og leiddir burt í fylgd öryggisvarðar

Tveimur starfsmönnum Alcan var tilkynnt uppsögn í síma en annar var þá í sjúkrameðferð. Starfsmönnum hefur verið sagt upp án skýringa og þeir látnir yfirgefa svæðið umsvifalaust í fylgd öryggisvarðar.

STARFSMANNAMÁL „Þeir eru að vinna eftir einhverri mannauðs- stefnu þar sem allir eiga að falla svo vel inn í liðið að þeir sem ekki falla alveg inn í þetta eru bara látnir fara,“ segir Gylfi Ingvason, trúnaðarmaður starfsmanna ALCAN í álverinu við Straumsvík.

Mikil óánægja er meðal starfsmanna með að fimm starfsmönnum hefur verið sagt upp frá 1. mars og þykir mönnum sérlega harkalega að uppsögnunum staðið.

Markús Kristjánsson er einn þeirra sem var rekinn. „Ég hafði fengið leyfi til að fara í hádeginu þar sem ég varð að fara í jarðarför. Klukkan hálf tölft var ég svo boðaður á fund og fékk reyndar ekki að hafa trúnaðarmann með mér eins og ég vildi. Þar var mér sagt upp án nokkurra skýringa. Svo var mér fylgt af svæðinu líkt og fanga. Þannig lauk 30 ára starfsferli mínum á þessum stað.“

Einn þeirra fimm sem sagt var upp var í sjúkrameðferð á Stykkishólmi þegar hringt var í hann og honum tilkynnt að hans biði uppsagnarbréf þegar hann kæmi heim. Að sögn Gylfa vildu forráðamenn ALCAN tryggja í viðurvist vitna að símtalinu að uppsögnin hefði verið kynnt starfsmanni fyrir mánaðamót. Hann var í meðferð vegna meiðsla sem hann hlaut í starfi en ALCAN viðurkennir ekki að meiðslin séu af þeim toga og er mál hans nú hjá lögfræðingi að sögn Gylfa.

Í öðru tilfelli var hringt í starfsmann heim og honum tilkynnt að honum bærist uppsagnarbréf eftir mánaðamótin.



MARKÚS KRISTJÁNSSON Í síðustu viku fékk Markús fyrrum starfmaður ALCAN að taka poka sinn fyrirvaralaust og var fylgt út fyrir svæðið af öryggisverði. Þannig lauk 30 ára starfsferli hans hjá fyrirtækinu.

Gylfi segir að starfsmenn séu afar ósáttir við að mönnum sé fylgt líkt og fongum út fyrir svæðið eftir að búið er að segja þeim upp.

Hrannar Pétursson upplýsingafulltrúi ALCAN segir að hann geti ekki tjáð sig um einstök mál né einstaklinga. Hinsvegar segir hann að mönnum hafi verið til-

kynnt um uppsagnir símeiðis þar sem ekki væri öruggt að tilkynningin bærist með öðrum hætti.

Trúnaðarráðsundur fór fram í gær þar sem þessi mál voru rædd og mun stjórn ALCAN berast ályktun frá þessum fundi í dag. Ekki náðist í forstjóra, starfsmanna- né ráðningastjóra ALCAN í gær. -jse@frettabladid.is

Blair um ESB-sáttmála:

Heitir þjóðar- atkvæði

BRETLAND, AP Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, lýsti því yfir í gær að breskir kjósendur myndu fá tækifæri til að greiða atkvæði um staðfestingu stjórnarskrár- sáttmála Evrópusambandsins, óháð því hver dómur franskra kjósenda verður um málið. Atkvæðagreiðslan í Frakklandi fer fram 29. þessa mánaðar og samkvæmt skodanákönnunum eru fylkingar fylgjenda og andstæðinga sáttmálans hnífjafnr.

Hreyfing breskra andstæðinga sáttmálans hóf í gær formlega baráttu fyrir því að Bretar hafni honum í hinni boðuðu þjóðaratkvæðagreiðslu. ■



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Framhaldsskólavist:

Börnin gætu ráðið ferðinni

FRAMHALDSSKÓLAR Nokkurrar óánægju hefur gætt meðal foreldra með að menntamálaráðuneytið sendi nemendum í tíunda bekk en ekki foreldrum þeirra bréf um hvernig hægt væri að sækja um skóla á netinu.

Reiður faðir hafði samband við Fréttablaðið og sagði frá því að bréfin væru stíluð á nemendur og þeim því í sjálfsveld sett hvort forráðamenn séu hafðir með í ráðum þegar sótt er um skóla.

Samkvæmt upplýsingum frá menntamálaráðuneytinu þá hafa menn þar áttað sig á mistökunum og því send út ný bréf, í þetta skiptið stíluð á forráðamenn. -óá



Kristín Gísladóttir sjúkrapjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18



Opið virka daga: 10-18 laugardaga: 11-15

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500

Lögmaður konu sem synjað var um ættleiðingu:

Ráðuneytið lét þyngdina ráða

DÓMSMÁL „Málið er að því leyti óvenjulegt hvaða eiginleikar umsækjandans um ættleiðingaleyfi eru látnir ráða niðurstöðu dómsmálaráðuneytisins. Það er fyrst og fremst þyngdin,“ sagði Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður um mál konunnar sem fékk ekki að ættleiða barn vegna ofþyngdar hennar, samkvæmt úrskurði dómsmálaráðuneytisins.

Sigríður Rut Júlíusdóttir héraðsdómslögmaður hefur rekið þetta mál, en Ragnar mun flytja það fyrir héraðsdómi Reykjavíkur í dag í fjarveru hennar.

„Ráðuneytið reynir að blanda aldri stefnanda inn í til að styrkja niðurstöðuna,“ sagði Ragnar. „En auðvitað vitum við og getum sýnt fram á að fjölmargir hafa fengið leyfi til ættleiðingar þótt þeir væru eldri en 45 ára.“



RAGNAR AÐALSTEINSSON Flytur málið í Héraðsdómi í dag.

Ragnar sagði að umrætt mál væri einsdæmi sem dómssmál hér á landi og prófmál á ýmsa



SIGRÍÐUR RUT JÚLÍUSDÓTTIR Hefur rekið mál konunnar.

vegu, til að mynda hvað varðaði mannréttindabátt og mismunum.

-jss



Húsasmiðjan býður nú vaxtalaus lán á völdum vörum.
e6 tilboðið stendur fyrir enga útborgun og enga vexti í 6 mánuði.*
*e6 tilboðin gilda aðeins fyrir korthafa Visa.



með drifi

Garðsláttuvél, Murray

6 hp, B&S 4-gengismótor, 51 sm sláttubreidd, "Mulch" afturkast, 7 hæðarstillingar, 20 sm delux hjól, drif, 70 lítra grassafnari.
5085256



42.995

19.995



Garðsláttuvél, Murray

3,5 hp, B&S 4-gengismótor, 51 sm sláttubreidd, hliðarfrákast, manual hæðarstilling, 15 sm hjól.
5085245



29.995

Garðsláttuvél, Murray

4 hp, B&S 4-gengismótor, 51 sm sláttubreidd, "Mulch" afturkast, 7 hæðarstillingar, 20 sm delux hjól, 70 lítra grassafnari.
5085247



3.795

~~5.988~~



Hjólbörur, 85 lítra
5080041



Garðsláttuvél, Murray

5 hp, B&S 4-gengismótor, 51 sm sláttubreidd, "Mulch" afturkast, 7 hæðarstillingar, 20 sm hjól með legum, 70 lítra grassafnari.
5085254

35.995



Kantskeri

5084403 Verð áður 1.995
1.595

Stunguskófla

5084069 Verð áður 1.995
1.595

Malarskófla

5082506 Verð áður 1.295
895

Gleðilegt sumar!



HÚSASMÍÐJAN

...ekkert mál

GENGIÐ			
GENGI GJALDMIÐLA 18.05.2005			
		KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	USD	65,72	66,04
Sterlingspund	GBP	120,40	120,98
Evra	EUR	82,87	83,33
Dönsk króna	DKK	11,13	11,20
Norsk króna	NOK	10,23	10,29
Sænsk króna	SEK	8,99	9,04
Japanskt jen	JPY	0,61	0,62
SDR	XDR	97,88	98,46

Gengisvísitala krónunnar
114,95 -0,70%

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



MÆLT MEÐ KAUPUM Íslandsbanki spáir að fasteignaverð hækkir um fimmtán prósent.

Fasteignaverð:

Spá enn meiri hækkun

FASTEIGNAMARKAÐUR Íslandsbanki spáir því að íbúðaverð hækkir um fimmtán prósent fram á næsta ár og meðalverð á fermetra fari yfir 200 þúsund á höfuðborgarsvæðinu. Bankinn telur að nú sé ágætis tími til að kaupa þrætt fyrir að verð sé hátt. Þó mun draga úr hækkun fasteignaverðs á næstunni og verð á eftir að staðna árið 2007.

Þetta kom fram í máli Ingólfs Benders, forstöðumanns greiningar Íslandsbanka, á fundi um íbúðamarkaðinn í gær. Ingólfur telur að forsendur bankans séu frekar hóflegar og aðstæður á markaði tiltölulega bjartar. - epa

Spánn:

Ákæra birt alKaídalíðum

MADRID, AP Spænskur dómari hefur ákært 13 múslima fyrir að tengjast hryðjuverkasamtökunum al-Kaída en auk þess er sumum þeirra gefið að sök að eiga aðild að sprengjutil-ræðunum í Madrid í mars í fyrra sem kostuðu 191 mannslíf.

Í ákærinni kemur fram að hinir grunuðu, sem eru flestir Marokkómenn, hafi árið 2002 sett á fót hryðjuverkasellur í Madrid og Marokkó. Þeir eiga að hafa talið að Spánn „væri óvinur íslam og því væri nauðsynlegt að ráðast gegn landi og þjóð“.

Mennirnir voru handteknir í nokkrum lögreglurassium í vetur og segja yfirvöld að þar með hafi frekari hryðjuverkum verið afstýrt. ■

Notkun á réttum öryggisbúnaði fyrir börn í bílum hefur aukist:

Færri börn deyja í umferðinni en áður

UMFERÐARMÁL Dauðsföllum barna í umferðarslysum hefur fækkað stórlega á síðustu árum að sögn Sigurðar Helgasonar, verkefnisstjóra hjá Umferðarstofu. Á blaðamannafundi sem Umferðarstofa, Lýðheilsustöð og Slysavarnafélagið Landsbjörg héldu í gær voru kynntar niðurstöður könnunar um öryggi barna í bílum. Á fundinum kom meðal annars fram að ekkert barn hefur látist í umferðarslysi á síðustu þremur árum.

Í könnuninni kemur fram að á síðustu tíu árum hafi tólf börn látist í umferðarslysum þar af níu á árunum 1995 til 1999. Aðeins eitt

NOTKUN Á RÉTTUM ÖRYGGISBÚNAÐI FYRIR BÖRN Í BÍL EFTIR BÚSETU

Neskaupstaður	100%
Selfoss	96%
Reykjavík	86%
Kópavogur	85%
Akureyri	85%
Ísafjörður	84%
Meðaltal landið allt	84%
Bíldudalur	55%

Heimild: Könnun gerð á vegum Slysavarnarfélagsins Landsbjörg, Lýðheilsustöð og Umferðarstofu.

barn af þessum tólf notaði réttan öryggis- og verndarbúnað.

Tæplega fjórutíu börn sex ára

og yngri slasast árlega sem farþegar í bíl. Á fundinum var fullyrt að mun færri börn myndu slasast ef foreldrar og forráðamenn barna notuðu réttan öryggis- og verndarbúnað. Þá er átt við barnastóla og öryggisbelti. Öryggisbelti ein og sér teljast ófullnægjandi öryggisbúnaður fyrir börn sex ára og yngri.

Samkvæmt könnuninni hefur notkun á réttum búnaði stóraukist. Alls nota 84 prósent foreldra réttan öryggisbúnað fyrir börn sín, eitt af hverjum tíu notar óviðunandi öryggisbúnað en eitt af hverjum tuttugu notar engan öryggisbúnað fyrir börnin. - jse



LAÐAMANNAFUNDUR Í FURUBORG Einar Magnús Magnússon, upplýsingarfulltrúi Umferðarstofu, kynnr niðurstöður könnunar um öryggi barna í umferðinni.

Ég sakna hans svo sárt

Það ríkir mikil sorg á heimili Than Viet Mac, ungu konunnar sem missti manninn sinn af völdum sára eftir hnífsstungu um hvítasunnuna. Hún á þriggja ára dóttur og er nýlega orðin ófrísk aftur. Framtíðin var björt fyrir atburði síðustu helgar en er nú í rúst.

LÖGREGLUMÁL „Ég sakna mannsins míns svo sárt,“ sagði hin unga ekkja, Thanh Viet Mac, þegar Fréttablaðið heimsótti hana á heimili hennar í Breiðholti í gær.

Það er mikill harmur kveðinn að Viet eftir að eiginmaður hennar Vu Van Phong var stunginn til bana í Hlíðarhalla í Kópavogi að kvöldi hvítasunnudags. Eftir stendur unga konan, fædd 1978, ásamt þriggja ára dóttur þeirra. Viet er nýlega orðin ófrísk aftur og lífið brosti við ungu hjónunum þar til hinn skelfilegi atburður átti sér stað fyrir fáeinum dögum. Þau unnu bæði í efna-lauginni Björg í Mjódd og hafa verið þar afar vel látnir.

Tveir vinir Viet voru staddir hjá henni í gærmorgun. Kalla varð til túlk svo blaðamaður gæti rætt við hana því hvorki hún né aðrir viðstaddir gátu gert sig skiljanleg á íslensku. Þau ræddu saman á móðurmáli sínu víetnömsku meðan beðið var eftir túlkinum og var greinilegt af látbragði þeirra að þau voru að fara í gegnum vöðaatburðinn þegar eiginmaður Viet var stunginn til bana. Eftirtektarvert var hve fólkið var æðru-laust í sorg sinni. Í stofunni stóð dúkað borð með mynd af hinum látna, logandi kerti og reykelsi, víni og matvæli samkvæmt víetnamskri hefð. Fjöldamargir blómvendur höfðu borist og stöðugur straumur fólks verið í heimsókn til hennar til að votta henni samúð. Sumar fjölskyldurnar höfðu komið oftar en einu sinni. Síðdegis í gær eða í dag átti að liggja fyrir ákvörðun um hvenær eiginmaður hennar yrði jarðaður.



SORG Thanh Viet Mac, unga ekkjan við eins konar altari sem sett hefur verið upp samkvæmt víetnamskri hefð. Á því er mynd af manninum hennar heitnum, svo og ávextir, reykelsi, kertaljós, blóm, matvæli og vín.

„Ég hef lítið getað hugsað til framtíðar, það er svo skammt um liðið frá því að maðurinn minn dó,“ sagði Viet. „Ég veit samt að það á eftir að reynast mér mjög erfitt að sjá mér og fjölskyldu minni farborða. Við keyptum íbúðina okkar 2002 og fengum 90 prósent lán til að fjármagna kaupin. Af þessu þarf vitanlega

að borga og reka heimilið. Ég veit ekki hvernig ég mun leysa það.“

Viet kvaðst ekki vera með há laun. Hún hefði ekki bílpróf, en þyrfti að koma dóttur sinni í leikskóla og komast sjálf í vinnuna í Mjóddinni.

„Ég verð bara að reyna nú að taka eitt í einu,“ sagði þessi unga

kona, aðdánlega sterk í sorg sinni. DV hefur hrundið af stökkuunum fjársöfnun í samvinnu við Rauða kross Íslands sem sér um vörslu þess fjár sem safnast. Þeir sem vilja styrkja ungu ekkjuna, dóttur hennar og ófædda barnið geta lagt inn á reikning nr: 301 - 26 - 350. Kennitala RKÍ er 530269 - 1839. jss@frettabladid.is

VEÐRIÐ Í DAG


BEINT TIL SAN FRANCISCO

Nú eru þeir lentir sem flugu með fyrsta beina fluginu til San Francisco, og ef marka má spár verður hitinn þar í dag um 20 stig. Þótt veðrið hér á Fróni sé vissulega falllegt víða um land vantar tilfinningarlegu nokkrar gráður til að það sé virkilega notalegt hér. Við fáum vonandi (öruglega) 20 gráður seinna í sumar. Bara bíða!!!


HORFURNAR HÉR? Mjög keimlíkt veður verður á landinu næstu daga og sennilega fram yfir helgi, bætur þó heldur í vind á morgun. Því miður!

Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur


Um hádegi



Á morgun



Laugardagur og sunnudagur



Veðurhorfur í borgum í dag

Kaupmannahöfn	12°C hálfskýjað	Paris	19°C hálfskýjað	Alicante	25°C hálfskýjað
Oslo	13°C hálfskýjað	Berlín	14°C hálfskýjað	Milano	20°C hálfskýjað
Stokkhólmur	16°C hálfskýjað	Frankfurt	18°C hálfskýjað	New York	20°C léttskýjað
Helsinki	11°C hálfskýjað	Madrid	26°C léttskýjað	San Francisco	20°C skýjað
London	15°C skýjað	Barcelona	20°C hálfskýjað	Orlando/Florida	30°C léttskýjað

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Talstöðin
FM 90,9

ALLT & SUMT MEÐ HALLGRÍMI THORSTEINSSYNI OG HELGU VÖLU HELGADÓTTUR Alla virka daga kl. 15.

TILBOÐ

STJÚPUR!



20 plöntur í hólfuðum bökkum, blandaðir litir **790kr**

ALLT Í GARÐINN Á EINUM STAÐ

TILBOÐ

R350 - 1000w
13.980kr

TILBOÐ

R 484 - 3.5hö
26.850kr

Mold og túnpökur í kerruna!
Afgreitt til kl. 18,00 alla daga.

TILBOÐ

MARGARÍTUR **595kr**

TILBOÐ

HENGI-LOBELÍUR **395kr**

TILBOÐ

SÓLBOÐAR **595kr**

TILBOÐ

SÓLBLÓM **595kr**

TILBOÐ

GARÐHÚSGÖGN

GLÆSILEGT JAVA SETT
120cm borð og 4 stólar (úr gegnheilum Keruing harðvið)

verð áður: 27.750kr
nú: 24.975kr

BLÁKORN Á FRÁBÆRU VERÐI

Blákorn 5kg **395kr**

Blákorn 40kg **2.480kr**

Blákorn 10kg **780kr**

TILBOÐ

TÓBAKSHORN **395kr**

Tilboðin gilda frá fimmtudegi til sunnudags.

Útskriftablómin
Útskriftagjafirnar



GARDHEIMAR

allt í garðinn á einum stað!

GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA

Munið að gefa sumarblómunum áburð:
Korn: 2 - 3svar yfir sumarið,
eða áburðarvatn í 2 af 3 skiptum
vökvunar.



KJÖRKASSINN

Kemst Ísland í úrslitakeppni Eurovision?

Niðurstöður gær dagsins á [visir.is](#)

Já	85,9%
Nei	14,1%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Á að reisa fleiri álver hérlendis?

Farðu inn á fréttahluta [visir.is](#) og segðu þína skoðun



Íraskur undirhershöfðingi drepinn:

Al-Zarqawi kyndir undir ófriðarbálinu

BAGDAD, AP Uppreisnarmenn skutu undirhershöfðingja í íraska innanríkisráðuneytinu til bana í gær. Hátt settir bandarískir erindrekjar í landinu segja að ofbeldisalda undanfarinna vikna sé hryðjuverkamanninum Abu Musab al-Zarqawi að kenna.

Rósturnar í Írak héldu áfram í gær sem aldrei fyrr. Setið var fyrir bifreið Ibrahim Khamas undirhershöfðingja í Bagdad í gær og hann skotin til bana. Í síðustu viku voru tveir starfsmenn innanríkisráðuneytisins drepnir en það fer með öryggis- og lögreglumál. Samtök Jórdanans al-Zarqawi, forsprakka al-Kaída í Írak, viður-

kenntu fljótlega að hafa staðið á bak við tilræðið.

Bandarískur embættismaður í Írak greindi frá því í gær að al-Zarqawi hefði boðað fylgismenn sína til fundar í Sýrlandi í síðasta mánuði til að hvetja þá til dáða í baráttunni gegn hernámsliðinu og íröskum bandamönnum þess. Á hann að hafa hvatt til að bílsprengrar yrðu notaðar í ríkari mæli. Í síðasta mánuði var 21 bílsprengruárás gerð í Bagdad, samborið við 25 allt síðasta ár.

Lík sjö manna fundust í gær í bænum Amiriyah vestur af Bagdad. Var greinilegt að mennirnir höfðu verið teknir af lífi. ■



LAGÐUR Í KISTU Ættingjar Ibrahim Khamas undirhershöfðingja, sem banað var í gærmorgun, höfðu hröð handtök við að leggja hann í kistu og bera til mosku.



MEIRU LANDAÐ EN Í FYRRA Íslensk fiskiskip hafa komið með hundrað tonnum meiri afla að landi það sem af er þessu fiskveiðarári en þau gerðu á því síðasta.

Fiskistofa:

Meira veitt nú en í fyrra

SJÁVARÚTVEGUR Umtalsvert meira hefur veiðst af ýsu, ufsa, karfa og steinbít á fyrstu mánuðum þessa árs en sömu mánuði í fyrra. Nemur aukningin um og yfir 20 prósentum á þessum fjórum tegundum.

Þá hefur veiði á kolmunna aukist um heil 92 prósent milli ára, úr 33 þúsund tonnum í 64 þúsund tonn, og humarveiðin er 60 prósentum meiri en í fyrra. Á móti hefur þorskveiði dregist saman um fjögur prósent og síld- og rækjuveiði um heil 80 prósent.

Heildarafla íslenskra skipa á fyrstu átta mánuðum fiskveiðarársins er þannig orðinn tæp 1.300 þúsund tonn, sem er tæplega hundrað þúsund tonnum meira en á síðasta fiskveiðarári. - aðe

Hvalveiðipjóðirnar styrkja stöðu sína

Ársfundur Alþjóðahvalveiðiráðsins hefst í næstu viku. Ríki sem hlynnt eru hvalveiðum hafa sótt í sig veðrið á undanförunum misserum og ætla sér stóra hluti á fundinum. Íslenska sendinefndin varar þó við of mikilli bjartsýni.

HVALVEIÐAR Valdahlutföllin í Alþjóðahvalveiðiráðinu eru að breytast hvalveiðipjóðunum í vil. Japanar hugsa sér gott til glóðarinnar á ársfundi ráðsins sem hefst í næstu viku en íslenska sendinefndin varar þó við of mikilli bjartsýni.

Ársfundur Alþjóðahvalveiðiráðsins fer fram í Ulsan í Suður-Kóreu 27. maí – 24. júní næstkomandi og sem fyrr skiptast aðildarríkin mjög í tvö horn í afstöðu sinni til veiðanna. Síðustu ár hafa hvalveiðipjóðir á borð við Ísland og Japana ekki riðið feittum hesti frá þessum samkomum en svo virðist sem valdahlutföllin séu að breytast í ráðinu.



ÁSTA EINARSDÓTTIR

Joji Morishita, fulltrúi í japönsku sendinefndinni á fundinum, telur að forskot ríkjanna sem



VEIÐAR Á ATVINNUSKYNI HEIMILAÐAR? Margt bendir til að hvalveiðipjóðunum sé að vaxa fiskur um hrygg í Alþjóðahvalveiðiráðinu.

aðhyllast veiðibann sé aðeins eitt eða tvö atkvæði og því er af sem áður var. „Vatnaskil gætu orðið á þessum fundi.“ sagði hann í samtali við AP-fréttastofuna í gær.

Undir þetta tekur Ásta Einarsdóttir, varaformaður íslensku sendinefndarinnar sem bendir á að tvö ný ríki séu að koma inn í ráðið sem séu hlynnt hvalveiði- um: Malí og Kíríbatí. Þar við bætist að ákveðinn miðjuhópur hefur verið að myndast innan ráðsins en í honum eru ríki á borð við Bandaríkin, Holland og Svíþjóð. Þau hafa tekið virkan þátt í stefnumótun um að komið verði á stjórnkerfi á hvalveiðum

innan Alþjóðahvalveiðiráðsins, svonefnt RMS-kerfi.

Ásta segir að talsverðar umræður hafi farið fram um RMS-kerfið undanfarna mánuði en þær hafi þó ekki skilað eins miklu og vonast hafi verið til. „Ef þetta verður hins vegar samþykkt þá mun það hafa mjög mikla þýðingu fyrir okkur Íslendinga því það þýddi einfaldlega að atvinnuveiðar yrðu leyfðar með ákveðnum skilyrðum. Við reynum eins og við getum að koma þessu í höfn á fundinum en því miður eru ekki alltof miklar líkur á því, maður má ekki vera of bjartsýnn.“

sveinng@frettabladid.is

Bandaríkjamenn góma grunaðan hryðjuverkamann:

Brugðist við ákalli Fidel Castro

HAVANA, AP Eftir áeggjan Kúbverja hafa Bandaríkjamenn handtekið kúbverskan mann sem grunaður er um að hafa framið hryðjuverk fyrir tæpum þrjátíu árum síðan. Tugþúsundir Kúbverja hlýddu ákalli leiðtoga síns, Fidel Castro, og fóru í kröfugöngu að bandarísku sendiskrifstofunni í Havana á mánuðaginn. Með göngunni vildu yfirvöld á Kúbu knýja Bandaríkjamenn til að handtaka Luis Posada Carriles, 77 ára Kúbverja sem sagður er hafa grandað kúbverski farþegaflugvél með 73 manns innanborð árið 1976.

Castro styður kröfur Venesúlamanna um að fá Carriles framseldan en hann var áður á mála hjá CIA og venesúlsku leynipjónustunni. Hann hefur sótt um pólitískt hæli í Bandaríkjunum.

Castro var í fylkingarbrjósti göngumanna og hrópaði slagorð gegn hryðjuverkum og „kenningu og aðferðum nasista“. Hann sagði það ótrúlega hræsni af hálfu Bandaríkjamanna ef þeir myndu láta undir höfuð leggja að handtaka menn sem hefðu framið hryðjuverk gegn Kúbverjum á meðan þeir hejja stríð gegn hryðjuverkum annars staðar í heiminum.

Á þriðjudaginn brugðust Bandaríkjamenn við áskoruninni og handtóku Carriles í Miami í Flórída. Ekki er þó víst að hann verði framseldur. ■

LUIS POSADA CARRILES Hann er sagður hafa grandað kúbverski farþegaflugvél með 73 manns innanborðs árið 1976.

Dæmdur til sektar:

Fullur á traktor

DÓMSTÓLAR Maður var dæmdur í Héraðsdómi Norðurlands eystra til greiðslu 130 þúsund króna sektar fyrir að aka dráttarvél ölvadur um miðjan desember þannig að hún endaði utan vegar í Víkur-skarði. Þá var hann sviptur öku- leyfi í tvö ár, en dómurinn var upp kveðinn síðasta föstudag.

Maðurinn neitaði sök og kvaðst hafa hafið drykkju eftir að akstri lauk og hann kominn út af vegna hálfu í skarðinu. Þá sagði hann rangt eftir sér haft í lögreglu- skýrslu og kvaðst hafa verið drukkin við skýrslutökuna.

Vitni báru um undarlegt aksturslag mannsins og hvernig sjá mátti för eftir dráttarvélina vegkanta á milli í nýföllnum snjó. - ók

Dönsk börn:

Hreyfa sig allt of lítið

DANMÖRK Dönsk börn hreyfa sig allt of lítið samkvæmt nýrri rannsókn. Í stað þess að hreyfa sig sitja þau meira en þrjár klukkutíma á dag við sjónvarp eða tölvu.

Rannsóknin náði til 15 ára gamla barna og leiðir í ljós að helmingur þeirra sest umsvifalaust fyrir framan sjónvarpið eða tölvuna þegar skóla lýkur. Vegna þessa meðal annars fá þau ekki tilhlyðilega hreyfingu sem er talin vera ein klukkustund á dag.

Dönsk heilbrigðisvirkir segja þetta ávisun á margs konar sjúkdóma í framtíðinni. ■

SVÍPJÓÐ

MIKIL FJÖLGUN EFTIRLAUNA- PEGA

Búið er við að eftirlaunabæjum í Svíþjóð fjölgi um 21 af hundruði á næsta áratug. Gert er ráð fyrir að Svíar eldri en 65 ára verði tvær og hálf milljón árið 2050 en þeir eru um ein og hálf milljón nú.

PRÓFAÐU NÝTT SYKURLAUST 7UP FREE

NÝTT 7UP FREE
Laust við allt sem þú vilt ekki!

✓ Ekki kalóriur ✓ Ekki sykurlaust ✓ Ekki koffein ✓ Ekki kolvetni ✓ Ekki litarefni

Allt í veisluna



30%
afsláttur við
kassa

kryddlegið lamba grillkjöt

lærisneiðar, kótilettur,
framhryggjasneiðar



Ávaxta- og
grænmetisbakkar



Kjöt & fisktorgið

Nauta
piparsteik

TILBOÐ
1.998 kr/kg
Verð áður 2.749,-

Danskir ljúfengir gæða ostar



TILBOÐ
419 kr/stk
Verð áður 598,-

Freschetta Brickoven pizzur og
hvítlauksbrauð



TILBOÐ
149 kr/pk
Verð áður 249,-

Dorritos snakk
- mest selda snakkið



20%
afsláttur

Freyju Staur, Draumur og Rís

Gildir til 22. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



VEISTU SVARIÐ?

- 1 Hversu margir verða dregnir fyrir dóm vegna hryðjuverkanna í Beslan?
- 2 Hverjir hafa gefið kost á sér til varaformennsku í Samfylkingunni?
- 3 Hvaða íslenska kvikmynd verður sýnd á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Shanghai?

SVÖRIN ERU Á BLS. 54

Frítækjumark námslána afnumið og skerðingarhlutfall lækkað:

Tekjulægstu námsmenn græða ekkert

NÁMSLÁN Skerðingarhlutfall námslána lækkar en frítækjumark er lagt niður samkvæmt nýjum úthlutunarreglum sem stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna hefur samþykkt. Grunnframfærsla námsmanna hækkar jafnframt úr 79.500 krónum í 82.500 krónur.

Stærsta breytingin er sú að skerðingarhlutfallið lækkar úr 33 prósentum tekna eftir skatt í fjórtán prósent af öllum tekjum. Hingað til hafa fyrstu 300 þúsund krónur í tekjum ekki skert námslána en frítækjumarkið fellur nú niður.

Samkvæmt útreikningum lánasjóðsins hækka ráðstöfunar-

tekjur námsmanna um sjö prósent að meðaltali. Fulltrúar námsmanna benda hins vegar á að afnám frítækjumarks kemur í veg fyrir að námsmenn með lág- ar tekjur hagnist á breytingun- um. Því verða þau fimmtán prósent námsmanna sem hafa lágst- ar tekjur af kjarabót en á móti kemur að aukin tækifæri opnast fyrir námsmenn til að fram- fleyta sér með vinnu. Þeir sem hagnast mest á breytingunni eru námsmenn með tekjur nálægt skattleysismörkum.

- bþg

NÁMSMENN Í ÖSKJU Námsmenn með tekjur nálægt skattleysismörkum hagnast mest á breytingunum.



MÍÐ-AUSTURLÖND

HEIMSMÁLIN RÆDD Á þriðja tug nóbelsverðlaunahafa eru nú sam- ankominir í bænum Petra í Jórdaníu til að ræða ýmis mein sem hrjá heimsbyggðina, til dæmis fátækt, sjúkdóma og of- beldi. Á meðal verðlaunahafanna eru Dalai Lama og Elie Wiesel. Bandaríski leikarinn Richard Gere er einnig á meðal fundar- manna.

MÁTTI EKKI REYNA VIÐ DÓTTUR- INA Sautján ára ísraelskur piltur sem fór á fjörurnar við dóttur rabbína nokkurs hefur stefnt rabbínanum fyrir margvísleg myrkraverk. Honum er meðal annars gefið að sök að hafa látið ræna piltinum, berja hann og ógna með hnífi fyrir að stíga í vænginn við stúlkuna.

Vestur-Kongó:

Ebóla-veiran enn á kreiki

BRAZZAVILLE, AP Starfsmenn Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í Vestur-Kongó staðfestu í gær að níu manns hefðu að undanfögnu dáði úr ebóla-veikinni og tveir til viðbótar væru smitaðir. Sjúkdómurinn kom upp í Itoumbi-héraðinu, 700 kílómetra norðvestur af höfuðborginni Brazzaville.

Sjúklingar sem smitast af ebóla-veirunni fá mikinn sótthita og blóð vellur úr vitum þeirra. Sjúkdómurinn er bráðsmitandi og enginn lækning er til við honum. Á bilinu fimmtíu til níutíu prósent þeirra sem smitast af veirunni deyja innan nokkurra daga.

Það er því mikið áhyggjuefni ef veikin fer að láta verulega á sér kræla á ný. ■

Abu Ghraib:


Hermaður hlýtur dóm

FORT HOOD, AP Herréttur í Texas hefur dæmt Sabrinu Harman í sex mánaða fangelsi fyrir að misþyrma íröskum fögnum í Abu Ghraib-fangelsinu síðla árs 2003. Á meðan yfirheyrslum stóð brast Harman í grát og sagðist sjá mjög eftir hegðun sinni.

Harman er annar hermaðurinn sem er dæmdur fyrir misþyrmingar í Abu Ghraib en í janúar fékk Charles Graner tíu ára dóm. Lynndie England bíður eftir að refsing hennar verði ákveðin. Ekki er búist við að nokkur hátt settur embættismaður verði dreginn til ábyrgðar. ■



SABRINA HARMAN



LÆKKUN VÖRVERÐS FRÁ 1. FEBRÚAR TIL 11. MAÍ

Matur hefur lækkað um rúman þriðjung

Matvöruverð heldur áfram að lækka í flestum verslunum en mest þó í verslunum Bónuss og Krónunnar samkvæmt könnun ASÍ.

NEYTENDUR Vöruverð hefur lækkað umtalsvert hjá Krónunni, Bónus og í Fjarðarkaupum síðan um áramót en mun minna hjá öðrum verslunum samkvæmt þriðju verðkönnun Alþýðusambands Íslands. Þetta er þriðja könnun samtakanna á þessu ári og vekur athygli að vöruverð hefur hvergi hækkað síðan síðasta könnun var gerð um miðjan mars.

Áberandi mikill munur er milli lágvöruverslana og annarra stórmarkaða á hæsta og lágsta verði og reyndist munurinn á dýrustu og ódýrustu vörukörfunni þannig vera um hundrað prósent. Það er mun meiri munur en mælst hefur áður í öðrum könnunum ASÍ.

Mest hlutfallsleg lækking á vöruverði mældist í Bónusi en vörukarfan þar lækkaði um 37 prósent milli kannana. Í Krónunni lækkaði verð um 33 prósent. Aðrar verslanir standa þeim nokkuð að baki. Í Fjarðarkaupum lækkaði karfan um tæp fimmtán

prósent, tæp tíu prósent í Samkaupum en minna en sex prósent hjá Nóatúni, Hagkaupum og Sparkaupum.

Reyndar metur Alþýðusambandið það svo að ólíklegt verði að teljast að þessi mikli munur fái staðist til lengdar og reikna með að saman dragi með verslunum þegar fram líða stundir en þangað til njóta neytendur góds af.

Í umræddri vörukörfu voru algengar mjólkurvörur, ávextir, grænmeti, morgunkorn, kaffi, ostur og brauð eða vörur sem að jafnaði sjást á borðum fjölskyldna hér á landi. Mest lækking í Bónus reyndist vera á fjórum lítrum af nýmjólk en lækkingin frá því í febrúar reyndist vera 65,8 prósent. Hjá Krónunni reyndist kíló af grænum vínberjum hafa lækkað mest eða um 67,6 prósent og 150 gr af Camembert-osti lækkaði hlutfallslega mest í Fjarðarkaupum eða um 35,2 prósent.

albert@frettabladid.is

... GÓÐUR MEÐ GRILLMATNUM

TUBORG
NJÓTTU LÍFSINS TIL FULLS
LÉTTJÓR



KJARABÓT FYRIR HEIMILIN Samkvæmt nýjustu verðkönnun ASÍ er enn verðstríð milli lágvöruverslananna Bónuss og Krónunnar en um hundrað prósent verðmunur getur verið á körfunni þar og í öðrum verslunum.

Aðeins 4,4% vextir

VERÐ- SPRENGJA Á JEPPA- DÖGUM!

Pajero Pinin
Árg. 2002, ekinn 40 þ. km,
2 l sjálfskiptur
Verð áður: 1.600.000
Verð nú: 1.350.000



Pajero Sport "35
Árg. 1999, ekinn 87 þ. km,
3 l beinskiptur
Verð áður: 1.690.000
Verð nú: 1.390.000



Pajero stuttur
Árg. 1998, ekinn 171 þ. km,
2,5 l dísil
Verð áður: 980.000
Verð nú: 770.000



Pajero 3500 GLS
Árg. 2001, ekinn 89 þ. km,
3,5 l sjálfskiptur
Verð áður: 3.540.000
Verð nú: 3.250.000



Kia Grand Sportage
Árg. 2000, ekinn 108 þ. km,
2 l beinskiptur
Verð áður: 950.000
Verð nú: 690.000



Laugavegi 174
Sími 590 5040
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

Nú er tækifærið til að fá sér jeppa fyrir sumarævintýrin. Á jeppadögum Bílapings býðst þér fjölbreytt úrval jeppa og fjórhjóladrifsbíla á stórlækkuðu verði. Sölumenn okkar eru í samningstuði og bjóða bílasamninga með aðeins 4,4% vöxtum.

Gerðu frábær kaup í góðum jeppa fyrir sumarið.

BÍLAPING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

Eurovision lambalærið: 12 stig!

Sláðu upp Eurovision-pítupartí og sláðu í gegn. Þetta er frábær og frumleg uppskrift.



Pítu partí

1 meðalstórt lambalæri
4 hvítlauksgeirar, skornir í þrenn
2 msk. dijon-sinnep
4 timjangreinar
salt og pipar
pítubrauð

Skerið raufar hér og þar í lærið og stingið hvítlauksbitum og timjangreinum í rauðarnar. Smyrjið dijon-sinnepi vel á lærið og kryddið með salti og pipar. Setjið lambið í 200°C heitan ofn og bakið í 45–50 mín. (miðað við u.þ.b. 1,5 kg)

Jógúrt-sósa

1 dós hrein jógúrt
rifinn börkur af 1/2 sítrónu
1 msk. sítrónusafi
1 tsk. kummin
(ath. ekki kúmen)
1 tsk. hunang

Meðlæti

Iceberg eða lambhagasalat
rauðlaurur
tómatar
steinlausar ólífur
chiliolía, t.d. sambal oelek
hummus

Ristið pítubrauðin í brauðrist eða ofni. Stillið lærinu upp á fat eins og sént er á myndinni og skerið þunnar sneiðar utan af jafnóðum og fólk fær sér pítu. Raðið skálum með meðlæti í kring og hver og einn útbýr síðan sína pítu eftir hómur og smekk.



lambakjöt – léttur réttur

Upphald íslensku þjóðarinnar
Fjöldi uppskrifta á www.lambakjot.is

Forseti Póllands:

Þingkosningar boðaðar í haust

PÓLLAND. AP Aleksander Kwasniewski, forseti Póllands, tilkynnti í gær að þingkosningar færu fram í landinu hinn 25. september næstkomandi.

Forsetinn tilkynnti um þetta á sameiginlegum blaðamannafundi með Włodzimierz Cimoszewicz, forseta pólska þingsins, í Varsjá. Kwasniewski greindi einnig frá því að tveimur vikum síðar, hinn 9. október, yrðu haldnar forsetakosningar. Öðru fimm ára kjörtímabili Kwasniewskis lýkur í desember og samkvæmt stjórnarskrá er honum ekki heimilt að bjóða sig fram í þriðja sinn.

Marek Belka, sem farið hefur

fyrir minnihlutastjórn Lýðræðislega vinstribandalagsins, arftakaflokks pólska kommúnistaflokksins, frá því í maí í fyrra, vildi að þing yrði strax rofið og þingkosningum flýtt. Sú tillaga hans var hins vegar felld og forsetinn gerði honum að sitja áfram uns kosningar færu fram. Belka hefur sjálfur boðað að hann muni ganga til liðs við annan flokk um leið og hann losni undan embættisskyldum sem forsætisráðherra. Tveir flokkar hægra megin við miðju njóta mests fylgis í Póllandi um þessar mundir, ef marka má skoðanakannanir, með um 20 prósent hvor. ■



BELKA OG KWASNIEWSKI Forsætisráðherra og forseti Póllands á tali saman.

Ræddi mannréttindi við stúdenta í Peking

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, hélt ræðu á stórum fundi með stúdentum við Háskólann í Peking og gerði þar mannréttindamál að aðalumfjöllunarefni sínu. Mikilvægir viðskiptasamningar voru undirritaðir í Kína í gær.

MANNRÉTTINDAMÁL „Það var auðvitað ekki tilviljun að ég skyldi velja Háskólann í Peking til þess að flytja þennan boðskap og til þess að vísa til reynslu okkar á vettvangi lýðræðis og vísa í lýðræðisþróun í Evrópu, þróun mannréttinda og þær hugmyndir sem þessu eru tengdar. Þessi háskóli hefur verið í fararbroddi á sögulegum tímamótum þegar lýðræðisbylgjan var að reyna að brjótast fram í Kína,“ sagði Ólafur Ragnar Grímsson forseti þegar hann var spurður að því hvers vegna hann ákvað að ræða mannréttindamál í ræðu sem hann hélt við háskólann.

„Það kveður við allt annan tón á fundum mínum núna miðað við aðra fundi sem ég hef áður átt við ráðamenn í Kína þegar mannréttindamál ber á góma, það er ekki þessi sama spenna,“ sagði Ólafur Ragnar.

Ólafur Ragnar hélt einnig ræðu á ráðstefnu íslensku viðskiptasendinefndarinnar þar sem hann lagði áherslu á að hlutverk Íslendinga væri að vera hlekkur og hvati í viðskiptum Kínverja við Evrópu og Bandaríkin.

FL-Group undirritaði samning við Air China um leigu á fimm Boeing-þotum en samningurinn er gerður í framhaldi af kaupum FL-Group á 15 nýjum flugvélum af gerðinni Boeing 737-800 fyrr á þessu ári, sem var stærsti flugvélakaupsamningur í sögu félagsins. Vélarnar verða afhentar í júlí á næsta ári.

Fulltrúar kínversku borgarinnar Xianyang, Íslandsbanki og Enx, sem er samstarfsfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur um



Í FORBOÐNU BORGinni Sigríður Anna Þórðardóttir, Dorrit Moussaief og Ólafur Ragnar Grímsson. Forboðna borgin er við norðurenda Torgs hins himneska friðar og er hún umklunin gríðarstórum hallargarði þar sem fimm brýr tákna dyggðir Konfúsíusar. Forboðna borgin var höll keisara Ming- og Qing- veldanna með 9.999 byggingum á 74 hektara svæði. Byggingafrákvæmdir hófust árið 1407 og tók það milljón verkamenn og 100 þúsund listamenn 13 ár að ljúka verkinu.

útflutning á hitaveituþekkingu, undirrituðu samkomulag um uppbyggingu hitaveitumála í þessari kínversku stórborg. „Það er greinilegt að kínversk stjórnvöld hafa gríðarlegan áhuga á því að nýta jarðvarmann sem er víða í Kína,“ sagði Alfreð Þorsteinsson, stjórnarformaður Orkuveitunnar, eftir

undirritun samkomulagsins í samtali við Talstöðina. Alfreð bætti svo við: „Það er greinilegt að Kínverjar hafa mikinn áhuga á jarðvarma og yljá hafa samstarf við okkur Íslendinga sem erum kannski mestu sérfræðingar í heimi á þessu sviði.“

hallgrimur@talstodin.is
oddu@frettabladid.is

Sjálfstæði Norðmanna 1905:

Svíar íhuguðu innrás í Noreg

SVIÞJÓÐ Litlu munaði að Svíar réðust á Norðmenn með hernaði árið 1905 þegar Norðmenn sögðu sig einhliða úr ríkjasambandinu við Svíþjóð.

Þetta kemur fram í grein í sænska dagblaðinu Dagens Nyheter, sem komist hefur yfir áður óbirtar minnisbækur manna sem voru í eldlínu sænskra stjórn mála á þessum tíma. Í þeim kemur meðal annars fram að Axel Rappe yfirhershöfðingi og fjölmargir áhrifamenn á sænska þinginu vildu svara sjálfstæðisyfirlýsingu Norðmanna með innrás.

Helstu rök þeirra byggðu á því að Svíur stafaði ógn af sjálfstæði Norðmanna og að þeim gæti reynst erfitt að verjast bæði Rússum og Norðmönnum samtímis kæmi til stríðs.



NORSKIR HERMENN Herir Svía og Norðmanna voru við öllu búnir eftir að Norðmenn lýstu einhliða yfir sambandslitum 1905.

Ekki reyndist meirihluti fyrir þessum skoðunum á sænska þinginu og um síðir tóks forsætisráð-

herrum landanna að komast að samkomulagi um sambandslitin án þess að til átaka kæmi. ■



30%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLU SNAKKI

Gleðilega Evróvisjónhelgi e-korthafar!



20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLU GOSI

Frábær tilboð í Hagkaupum frá fimmtudegi til laugardags

Evróvisjónhelgin er að hefjast og því bjóðast e-korthöfum hreint ótrúleg tilboð í Hagkaup. Þegar þú greiðir með e-kortinu í Hagkaupum færðu 20% afslátt af gosi og 30% afslátt af snakki!

30%
AFSLÁTTUR
AF LAMBALÆRI



Sælkeramáltíð á sæludegi

Notaðu tækifærið um helgina og bjóddu fjölskyldu og vinum í mat. Í Hagkaupum fá e-korthafar 30% afslátt af lambalæri að hætti kokkalandslíðsins. Um er að ræða sérvalið læri sem er kryddlegið í ólífuoolíu, sítrónusafa, fersku rósmaríni og hvítlauk. Áfram Ísland!



HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

e kort
www.ekort.is



TALIBANI Á ÞING Wakil Ahmed Muttawakil, fyrrverandi utanríkisráðgjafi talibanastjórnarinnar í Afganistan, lýsti í gær yfir framboði sínu í þingkosningunum í landinu í september.

Íbúapróun á Austurlandi:

Erlendum körlum fjölgar mikið

FÓLKSFJÖLGUN Íbúum Austurlands fjölgaði um 4,6 prósent í fyrra og er það meiri fjölgun en í nokkrum öðrum landshluta, samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Næst mest fjölgaði fólki á höfuðborgarsvæðinu eða um 1,3 af hundraði.

Aðflutningur fólks til Austurlands vegna virkjana- og stóriðjuframkvæmda hefur snúið fólksfjöldaþróun á svæðinu við síðustu ár en áratuginna þar á undan fækkaði fólki þar líkt og annars staðar á landsbyggðinni.

Samsetning íbúa á Austurlandi hefur breyst verulega síðustu ár og hlutfallslega mun fleiri íbúar eru þar af erlendum uppruna en í

öðrum landshlutum. Þannig eru ríflega ellefu prósent karla með erlent ríkisfang og liðlega fjögur prósent kvenna, en landsmeðaltalið er í kringum þrjú og hálf prósent.

Miklir búferlaflutningar karla til Austurlands síðustu ár hafa líka skekkt kynjaskiptinguna á svæðinu og eru þar nú tæplega tólf hundruð karlar á hverjar eitt þúsund konur.

- ssal

FÓLKI FJÖLGAR MEST Á AUSTURLANDI Stóriðjuframkvæmdir fyrir austan hafa gjörbreytt íbúapróun og kynjaskiptingu á svæðinu




20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
JAKKAFÖTUM

JAKKAFATADAGAR NEXT

VERTU Í NÝJUM JAKKAFÖTUM ÞEGAR SELMA VINNUR EUROVISION. 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM JAKKAFÖTUM FRÁ MIÐVIKUDEGI TIL SUNNUDAGS. ÖLLUM JAKKAFÖTUM FYLGIR NÝJI EUROVISIONDISKURINN.

NEXT
KRINGLUNNI



Húsvíkingar von- góðir um álver

Kristján Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, segir samstöðu um staðarval álvers á Norðurlandi nauðsynlega svo að verkefnið geti gengið vel. Sveitastjórinn í Skagafirði biður menn um að flýta sér ekki um of í þessum efnum.

STÓRIÐJA Húsvíkingar eru bjartsýnir á að fá álver á svæðið eftir að hafa fundað með mönnum frá Alcoa.

„Við höfum alltaf trúað því að það verði á endanum ákveðið að reisa álver hér á Húsavík, þar sem allar aðstæður hér eru fyrir hendi. Í þökkabót virðist vera að skapast um þetta sátt á Norðurlandi öllu, sem er okkur hér á Húsavík mikið ánægjuefni,“ segir Reinard Reynisson, bæjarstjóri á Húsavík.

Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, hefur lagt til að lítið verði til Húsavíkur sem fyrsta kosts fyrir álver. Reinhard er ánægður með þetta. „Ég fagna þessari afstöðu Kristjáns, sem er til þess að fallin að efla samstöðu um þetta verkefni,“

Kristján Þór segir afstöðu sína vera eins konar sáttatillögu. „Staðarval álvers hefur verið deilumál hér á Norðurlandi og því tel ég nauðsynlegt að við Norðlendingar séum einhuga um að vinna sem best að þessu verkefni. Þetta sjónarmið hjá mér, að nefna Húsavík sem fyrsta kost, er liður í því að reyna að skapa samtakamátt um stóriðju hér á Norðurlandi, sem er algjör forsenda fyrir



ÁLVER VINSÆL Norðlendingar reyna nú að skapa samstöðu um staðarval álvers í landshlutanum. Áliðnaðurinn er greinilega helsti valkosturinn til uppbyggingar atvinnulífi í augum bæjarstjóra á svæðinu, þótt sumir telji helst til of geyst farið.

ir því að svona stórt verkefni geti gengið vel,“ segir Kristján.

Ársæll Guðmundsson, sveitarstjóri í Skagafirði, telur ótímabært að ræða um staðarvalið með þeim hætti sem Kristján hefur gert. „Það eru ennþá skiptar skoðanir um hvernig iðnað við viljum byggja upp á Norðurlandi og því tel ég óeðlilegt að strax sé

farið að raða stöðunum niður eftir röð. Það þarf að ræða þetta mál nánar og betur til þess að sáttin um málið geti á endanum verið víðtæk og marktæk,“ segir Ársæll og leggur áherslu á að óvissuþættirnir séu ennþá margir í þessu máli.

Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, segir það ekki koma á óvart að Alcoa sé að undirbúa uppsetningu álvers á Norðurlandi. „Iðnaðarráðgjafi hefur alltaf talað fyrir uppbyggingu álvers á Norðurlandi og því kemur mér ekki á óvart að samstaða um þá uppbyggingu sé að aukast,“ segir Árni.

magnus.halldorsson@frettabladid.is



ÁRNI SIGFÚSSON



ÁRSÆLL



KRISTJÁN ÞÓR



REINHARD

www.icelandexpress.is

5.995*
KR.

FYRIR BÖRN 2 - 12 ÁRA

*Aðra leið með sköttum. Börn þurfa að vera í fylgd með fullorðnum.



Fullorðinsverð frá 7.995 kr. Aðra leið með sköttum

Iceland Express

Dómur Hæstaréttar:

Faðerni fæst ekki sannað

DÓMSMÁL Hæstiréttur hafnaði í fyrradag kröfu manns um að gerð verði lífsýnisrannsókn á látnum manni til að fá úr því skorið hvort sá sé líffræðilegur faðir mannsins. Áður hafði verið úrskurðað að eiginmaður móður hans væri ekki líffræðilegur faðir hans.

Barnalög veita í tilfellum sem þessum heimild til dómsmála um faðerni viðkomandi. Hinsvegar þótti Hæstarétti maðurinn ekki hafa komið fram með nægilegar röksemdir varðandi grun sinn um að sá er lífsýnið yrði rannsakað úr væri líffræðilegur faðir hans.

-jse

Deilt um lögmæti mjólkursölu:

Semja við bændur um umframmjólk

NEYTENDAMÁL Mjólkursamlagið Mjólká sem stofnað var í síðasta mánuði hefur náð samningum við tíu kúabændur sem munu selja því mjólk sem þeir framleiða umfram kvóta, Mjólká setur sína fyrstu vöru á markað í næsta mánuði. Afurðirnar eru framleiddar hér á landi án beinna styrkja frá hinu opinbera. Bændasamtök Íslands sendu frá sér tilkynningu þar sem þau vekja athygli á því að ólöglegt sé að selja mjólk innanlands sem framleidd er umfram greiðslumark án leyfis framkvæmdarnefndar búvörusamninga.

„Það ríkir atvinnufrelsi í

landinu og við erum ekki bundnir að búvörusamningum svo við þurfum ekki leyfi framkvæmdarnefndar,” segir Ólafur M. Magnússonar framkvæmdastjóri Mjólká.

Að fyrirtækinu standa átta systkyni frá Eyjum II í Kjós en þau eru með um fimmtíu kúr. Spurður hvað hann gerði við mjólkina frá þeim nú þegar framleiðsla er ekki komin í gang sagði Ólafur að hann gæfi kálfum, lömbum og vinum hana. „En frekar myndi ég reyna að drekka hana alla heldur en að setja hana inn í þetta ríkiskerfi,” bætti hann við.

-jse



ÓLAFUR M. MAGNÚSSON Ólafur M. Magnússon framkvæmdastjóri Mjólká segist ekki sjá hvaða almannahagsmunum hann sé að ógna með því að kaupa mjólk af kúabændum og furðar sig á viðbrögðum Bændasamtaka Íslands.



PUNGIR ÞANKAR Tuesday Ewusony, nígírískur lögregluþjafi, stendur hugsi fyrir utan lögglustöð sína. Hann lenti í síðustu viku í átökum við hóp ungmenna í Port Harcourt sem mótmæltu drápi lögreglunnar á félagi þeirra.



Á KJÖRSTAÐ Kjörsofn var áætlað um helgina en þetta er í þriðja sinn í 3.000 ára sögu landsins sem Eþíópíumenn fá að kjósa sér ráðamenn.

Byltingarflokkur alþýðunnar:

Hefur þegar lýst yfir sigri

ADDIS ABABA, AP Byltingarflokkur alþýðunnar, stjórnarflokkurinn í Eþíópíu, hefur þegar lýst yfir sigri í þingkosningum sem þar fóru fram um helgina en talsmaður hans viðurkendi þó að stjórnarandstaðan hefði sótt örlítið í sig veðrið. Leiðtogar hennar segja hins vegar ótímabært að tilkynna úrslit enda eigi eftir að telja atkvæði stórs hluta kjósenda.

Á síðasta kjörtímabili hafði stjórnarflokkurinn 95 prósent sæta á eþíópíska þinginu.

Eftirlitsmaður á vegum Evrópusambandsins sagði að kosningarnar hefðu farið tiltölulega heidarlega fram en hann átalði þó stjórnina fyrir að lýsa yfir sigri svo snemma. ■



HRAFN JÖKULLSSON Höfundur Skáksögu Íslands sem var styrkt um hálf milljón króna.

Menningarsjóður:

Hæstu styrkir hálf milljón

STYRKIR Menningarsjóður hefur úthlutað 17,5 milljónum króna í styrki til 69 verkefna. Færri fengu en sóttu um því alls sóttu 109 einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir og félag um styrki að andvirði 123 milljóna króna.

Hæstu styrkirnir nema hálfri milljón króna. Þá fengu Ágúst Þór Árnason vegna Stjórnarskrárbókunnar, Edda útgáfa vegna Skáksögu Íslands og skáksögu heimsins sem Hrafn Jökullsson skrifar og Háskólaútgáfan vegna útgáfu á ávörpum, fyrirlesturum og ræðum Matthíasar Johannessens í ritstjórn Ástráðs Eysteinssonar.

- bþg

Gxatað partý!!!

verð áður: 2.499

1.799

þú sparar 700

verð áður: 3.499

9 kr.

2.999

þú sparar 700

verð áður: 1440

990

hugbúnaður fylgir

verð áður: 149

99

verð áður: 398

149

verð áður: 649

249

þú sparar 400

verð áður: 429

199

Millispiöld Esselte stafróf A4

Verðlistamappa mjúk svört 10 bls / 20 bls á 249

Hjá okkur eru næg bílastæði og gott aðgengi

GRIFFILL

Skeifunni 11d | Sími 533 1010

Opið virka daga 10-18
Laugardaga 10-14



Krakkadagar

FRÁ FIMMTUDEGI TIL SUNNUDAGS

í Smáralind



FRÁBÆR SKEMMTUN OG FJÖR

Börnin eru í aðalhlutverki alla helgina. Ótrúleg tilboð á vörum fyrir börn, spennandi dagskrá og fullt að gerast fyrir alla krakka á hverjum degi til sunnudags. Komdu á Krakkadaga, njóttu skemmtilegra stunda með börnunum og gerðu frábær kaup.

SKEMMTILEGAR UPPÁKOMUR OG ENDALAUST FJÖR

- ÁVEXTIR ÚR ÁVAXTAKÖRFUNNI KOMA Í HEIMSÓKN OG SKEMMTA ALLRI FJÖLSKYLDUNNI
- HOPPUKASTALAR, BLÖÐRUR OG MEIRA FJÖR Í VETRARGARÐINUM
- PLAYSTATION TÖLVA FYRIR FRAMAN BT

DAGSKRÁ ALLA HELGINA FYRIR FRAMAN TE & KAFFI Á 1. HÆÐ:

Í DAG OG Á MORGUN

17.00 Eplið og peran úr Ávaxtakörfunni fara á kostum

Á LAUGARDAGINN

14.00 Eplið, peran og banani bregða á leik

16.00 Eplið, peran, banani og Immi ananas (Jónsi) skemmta fjölskyldunni

Á SUNNUDAGINN

14.00 Eplið, peran, banani og Immi ananas (Jónsi) skemmta

16.00 Eplið, peran og banani bregða á leik



20%
afsláttur af öllum barnaskóm

skór.is

Four hettupeysur.
Verð nú: **690 kr.**
Verð áður: 1.490 kr.

Einnig fleiri spennandi Krakkadagatilboð sem þú vilt ekki missa af!
Sumarfötin sem krakkarnir vilja.

EXIT®

20% afsláttur af öllum vörum í barnadeild

DEBENHAMS

15%
afsláttur af öllum leikföngum

Glaðningur fylgir öllum vörukaupum.

BabySam

Lita- og fönðursett Crayola MINIKIDS. Vaxlitir, trélitir og tusslitir, fönðurskæri, pappír öfl. Hentar fyrir 3ja ára og eldri.

Verð nú: **1.595 kr.**
Verð áður: 2.295 kr.

PENNIN Eymundsson

Þú kaupir 3 boli en borgar fyrir 2*

*Ódýrasta varan er frí. Gildir um alla boli/peysur og skyrtur í verstuninni.

adams

30% afsláttur af DVD kids

4.599 kr. (áður 5.999 kr.)

Einfalt og skemmtilegt leiktæki fyrir yngstu kynslóðina. Frábærir leikir fylgja sem efla þroska barnanna. Mjög einfalt að tengja beint við DVD spilarann.

Krakkadagar í BT!

Kleinuhringur og Svali á **200 kr.**

ADESSO

Náttföt. **1.699 kr.**

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

2.999 kr. (áður 3.999 kr.)

Latabæjarskór.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

25% afsláttur af öllum Prostyle hjólum

2.499 kr. (áður 3.332 kr.)
Latabæjar regnjakki.

1.999 kr. (áður 2.665 kr.)
Latabæjar regnbuxur.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Mikið úrval af fallegum Ticket barnafötum fyrir stelpur og stráka í stærðum 92-128.

ÚTILÍF

Barnasett- Flispeysa og buxur frá Color Kids. Stærðir 92-116. Verð nú **4.990 kr.** Verð áður: 6.990 kr.

ÚTILÍF

Playstation Two á aðeins **9.999 kr.**

(Takmarkað magn)

S·K·Í·F·A·N

20% afsláttur af öllum boltum

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Stelpupeysa nú **2.470 kr.** Verð áður: 3.295 kr.

Stelpubuxur nú **1.720 kr.** Verð áður: 2.295 kr.

UNITED COLORS OF BENETTON.

Strákapeysa nú **2.995 kr.** Verð áður: 3.995 kr.

Strákabuxur nú **2.845 kr.** Verð áður: 3.795 kr.

UNITED COLORS OF BENETTON.

490 kr.

Súkkulaðikaka og barnakakó

TE & KAFFI

Gamaldags brjóstyskur og sleikjó. Skemmtilegt og ódruvisi nammi.

TE & KAFFI

Hin geysivinsælu RAFMAGNS HLAUPAHJÓL V100

8.500 kr. Verð áður: 9.900 kr.

byggto og búíð Krínglunni Smáralind

VERÖLDIN OKKAR

OPIÐ: mán. - fös. 11-19 • lau. 11-19 • sun. 13-18

AFMÆLISVEISLUR ALLA DAGA!



GÁÐ AÐ GÆSUMUM Þetta reffilega lama-dýr hafði góðar gætur á þessari gæsafjöl-skyldu sem fékk sér göngutúr í grasinu á bóndabæ í Colorado í Bandaríkjunum þar sem þau öll búa.

Deilt um atburðina í Úsbekistan:

Rannsóknar krafist á skothríð

ÚSBEKISTAN. AP Mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna, talsmenn fleiri alþjóðastofnana og ráðamenn ýmissa ríkja heims kölluðu eftir því í gær að óháðum aðilum yrði falið að rannsaka ásakana um að hermenn í Úsbekistan hefðu skotið til bana hundruð mótmælenda í óeirðum þar í lok síðustu viku.

Fulltrúar stjórnvalda í Úsbekistan fylgdu í gær nokkrum erlendum erindrekum og blaðamönnum í örstutta heimsókn til Andijan í Fergana-dal austast í landinu, þar sem blóðbaðið átti sér stað.

Hinum erlendu gestum sem

farið var með á vettvang var í skyndingu sýnt fangelsið þar sem átökin áttu upptök sín á föstudag, og stjórnsýslubygging sem rústað var í uppötunum. Einu heimamennirnir sem gestunum var leyft að tala við voru foreldrar lögreglumanns sem særðist til ólífis í óeirðunum, en þeir sögðu stjórnmöld fara rétt með hvað gerðist.

Samkvæmt frétt AP lýsti leiðtogi uppreisnarhóps herskára múslima í landamærabænum Korasuv því yfir í gær að hann og fylgismenn hans hyggist koma á íslömsku ríki í landinu.

- aa



Í **ANDIJAN** Zakir Almatov, innanríkisráðherra Úsbekistans, talar við erlenda erindreka og blaðamenn á vettvangi í Andijan í gær.

MALAVÍ

BRÚÐKAUPIÐ BORGAD ÚR RÍKIS-KASSANUM Yusuf Mwawa, menntamálaráðherra Malaví, hefur verið handtekinn og leystur frá embætti eftir að upp komst að hann hafði dregið sér fé úr ríkiskassanum og notað það meðal annars til að fjármagna brúðkaup sitt og Diönu Nkhulember, blaðafulltrúa varaforseta landsins.

RÚSSLAND

UPPREISNARMADUR DREPINN Rússneskar hersveitir hafa ráðið tsjetsjenska uppreisnarmanninn Alash Daudov af dögum. Yfirvöld grunuðu hann um að hyggja á störfellda efnavopnárás á almenna borgara en auk þess er hann bendlaður við gíslatöku í leikhúsi í Moskvu árið 2002 og ódæðin í Beslan í fyrra.

Grænfríðungar handteknir:

Hlekkjuðu sig við færribönd

LONDON. AP Mótmælendur úr röðum Grænfríðunga voru handteknir í byrjun vikunnar eftir að hafa hamlað starfi í verksmiðjum Land Rover í gær.

Með aðgerðum sínum vildu Grænfríðungar mótmæla Range Rover-jeppanum sem þeir segja stuðla að loftslagsbreytingum með miklum útblæstri á gróðurhúsalofttegundum.

Snemma í gær hlekkjuðu Grænfríðungarnir sig við færribönd í verksmiðjunni og kröfðust þess að móðurfélag Land Rover, Ford, hætti að framleiða bílinn og markaðssetja hann fyrir borgarbúa. Grænfríðungarnir dulbjuggu sig sem starfsmenn til að komast inn í verksmiðjuna. ■



SVÍPJÓÐ

HÓTELBRUNI Í GÄVLE Stórbruni varð í fyrrdag í bænum Gävle, um 170 km norður af Stokkhólmi, er hótél bæjarins brann því sem næst til kaldra kola. Engin slys urðu á fólki en slökkviliðsmenn börðust við eldinn langt fram eftir degi. Grunur leikur á að eldsvoðann megji rekja til íkveikju.

LÖGREGLUFRETTIR

INNBRÖT Í HLIÐUNUM Lögreglan í Reykjavík fékk allnokkrar tilkynningar um innbrot í bíla í Hliðunum í fyrrinótt. Þjófarnir voru á höttunum eftir geisla-spilurum og öðru lauslegu í bílunum sem auðvelt er að koma í verð.

BÍLVELTA Á EYRARBAKKA Bíll valt á Eyrarbakka í gærmorgun en ökumaður hans slasaðist þó ekki. Bíllinn er að því er talið er ónýtur.

Verð á amerískum bílum sagt platverð

Tugir einyrkja flytja inn ameríska bíla fyrir aðra einstaklinga. Bílarnir eru í mörgum tilfellum fluttir inn í nafni viðskiptavinarins og firrar innflytjandinn sig þar með ábyrgð. Umboðin telja að verðið sýnist lágt vegna blekkinga.

INNFLUTNINGUR Innflutningur á amerískum bílum, nýjum eða notuðum, hefur aukist gríðarlega síðustu mánuði og fer þessi innflutningur að stærstum hluta fram á vegum einyrkja sem flytja inn bílana í nafni kaupendanna og firra sig þar með ábyrgð. Snorri Páll Jónsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins IB ehf. á Selfossi, segir að verð sem viðgangist á markaðnum séu platverð. Egill Jóhannsson, forstjóri Brimborgar, tekur undir þessa skoðun.

„Það er altalað að það kemur nánast ekki bíll til landsins nema 5.000 dollarar séu greiddir undir borðið og gefinn út lægri reikningur sem þessu nemur. Menn spara vörugjöldin því að þau eru yfirleitt hæst á þessum bílum og virðisaukann líka. Auðvitað hefur Tollurinn ákveðnar leiðir til að koma í veg fyrir þetta en þegar innflutningurinn er svona gríðarlega mikill þá hef ég enga trú á að Tollurinn anni því,“ segir Egill.

Bæði IB, sem sérhæfir sig í innflutningi nýrra og notaðra bíla, og Brimborg eru í sambandi við



BÍLAR Á HAFNARBAKKANUM Mikill bílannflutningur hefur verið undanfarið. Vegna lágs gengis dollars hefur sérstaklega mikið verið flutt inn af bæði nýjum og notuðum bílum frá Bandaríkjunum.

sölumenn í Bandaríkjunum og telja stjórnendur beggja fyrirtækja að ekki sé hægt að bjóða ameríska bíla jafn ódýrt og gert er án þess að eitthvað sé athugað vert við það.

„Innflytjendurnir fá gefinn út reikning erlendis sem hefur verið lækkaður til að lækka vörugjöld og virðisaukaskatt. Þannig er hægt að bjóða bílana á betra verði,“ segir Snorri Páll. „Tollstjóraembættið hefur gert ítrekaðar tilraunir til að rannsaka bílannflutninginn frá Bandaríkjunum. Ef verðið passar ekki við almennt viðmiðunarverð er ástæðan sú að gefinn hefur verið út

rangur reikningur. Við sem verslunar beint við heildsala í Bandaríkjunum og kaupum hundruð bíla á ári vitum að einstaklingur getur ekki fengið bíla á 20-30 prósentum lægra verði.“

Tollstjórinn í Reykjavík, Snorri Olsen, segir að embættið fylgist með innflutningi bíla frá Bandaríkjunum og sín tilfinning sé sú að tilvik með fölsuðum reikningum séu ekki hlutfallslega fleiri en áður og reikningum sé ekki vísað oftar til hliðar vegna fráviks frá markaðsverði en áður. Í innflutningi á notuðum bílum kunnir þó að vera meiri hætta á fölsuðum reikningum. ghs@frettabladid.is



EGILL JÓHANSSON Forstjóri Brimborgar segir ýmislegt athugasvert við innflutning einyrkja á bílum.

Bygging álvers fyrir austan:

Minni verktakar ósáttir

IGNAÐUR „Ég hef heyrt af þessu undanfarið en það kæmi mér ekki á óvart að þeir uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar eru,“ segir Jón Ingi Kristjánsson, formaður Starfsgreinasambands Austurlands. Borið hefur á ónægju verktaka fyrir austan land, og þá smærri verktaka sérstaklega, vegna þess að ekki fá allir bita af þeirri sneið sem í boði er við uppbyggingu álvers Alcoa á Reyðarfirði.

Allnokkrir verktakar starfa nú þegar fyrir Bechtel, sem byggir álverið fyrir hönd Alcoa, en meðal þeirra eru fáir heimamenn og hafa gagnrýnisráddir heyrst vegna þess enda hafi í upphafi

verið talað um að heimamenn nýtu sérstaklega forgangs þegar kæmi að störfum tengdum álversframkvæmdum.

Jón segir að vandamálið sé að einhverju leyti þær ströngu kröfur sem byggingaraðilinn gerir en þær reglur eru einsdæmi á Íslandi. „Þær eru mun meiri en við höfum nokkurn tíma séð áður og það getur hafa staðið í mörgum sem eiga slíku ekki að venjast.“

-aöe

AXANDI UMFANG Byggingarframkvæmdir aukast jafnt og þétt á Reyðarfirði í tengslum við fyrirhugað álver en allnokkrir verktakar eru ósáttir við verkefnaleysi á sama tíma.



Dúndur Tilboð í tilefni Eurovision

Eurovision humar	3900
Risarækjur.....	1990
Túnfiskur	1990
Smjörkrydduð lúðusteik.....	1490
Hvítlauksmarineraður steinbítur....	1290
Hunangslegin laxasteik.....	1290
Piparmarineruð keilusteik.....	1290

Eigum fullt af harðfiski sem gott er að japla á, meðan stigagjöfin er!!!!

Fiskbúðin Vör
— Fiskikóngurinn —

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

Eurovision verðsprengja

STERLING 6

10.000 kr
afsláttur +
8000 kr kaupauki

Sterling 2588

- Brennari: 13.2kW H-Brennari úr ryðfríu stáli
- Heildar umfang: 3903cm²
- Grind: Porselínhúðaðar járngrindur
- Kveikja: Elektrónísk
- Flave-R-Wave™ grind fyrir ofan brennara til að jafna út hitadreifingu í grillinu
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrökum
- Hitamælir
- Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu

FRÍ HEIMSENDING OG SAMSETNING
á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri

TILBOÐ
4.990 kr
á mánuði
í 10 mánuði

Verð 49.900,-
verð áður 59.900,-

KAUPAUKI

fylgir eingöngu með heimsendum grillum í auglýsingu

- Grillsett úr ryðfríu stáli - Öll áhöld sem þú þarft til þess að grilla í glæsilegri áltösku
- Svona er Eurovision 2005 - Tvöföld safnplata með öllum vinsælustu Eurovision lögunum í gegnum tíðina
- SS úrbeinaðar koniakslegnar grísakótilettur
- SS pylsupakki á grillið
- Coke 4x2ltr. ómissandi í Eurovision partíið!



STERLING 6

5.000 kr
afsláttur +
8000 kr kaupauki

TILBOÐ
2.999 kr
á mánuði
í 5 mánuði

Verð 14.995,-
verð áður 19.996,-

FRÍ HEIMSENDING OG SAMSETNING
á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri

Broil King
Great Barbecues Every Time

5.000 kr
afsláttur +
8000 kr kaupauki

TILBOÐ
3.999 kr
á mánuði
í 10 mánuði

Verð 39.990,-
verð áður 44.991,-

FRÍ HEIMSENDING OG SAMSETNING
á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri

Broil King
Great Barbecues Every Time

10.000 kr
afsláttur +
8000 kr kaupauki

TILBOÐ
4.498 kr
á mánuði
í 10 mánuði

Verð 44.980,-
verð áður 54.989,-

FRÍ HEIMSENDING OG SAMSETNING
á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri

Sterling 1104

- Brennari: 7.0kW H-Brennari úr ryðfríu stáli
- Heildar umfang: 2710cm²
- Grind: Porselínhúðaðar járngrindur
- Kveikja: Elektrónísk
- Flave-R-Wave™ grind fyrir ofan brennara til að jafna út hitadreifingu í grillinu
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrökum
- Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu

Broil King - Crown 40

- Brennari: 15.2kW super 8™ brennari úr ryðfríu stáli
- Hliðarhella: 2.7kW brennari úr ryðfríu stáli með loki
- Heildar umfang: 3355cm²
- Grind: Porselínhúðaðar járngrindur
- Kveikja: Elektrónísk
- Flave-R-Wave™ grind fyrir ofan brennara til að jafna út hitadreifingu í grillinu
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrökum
- Hitamælir
- Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu

Broil King - Regal 20XL

- Brennari: 15.2kW super 8™ brennari og 7kW hliðarbrennari úr ryðfríu stáli
- Bak-brennari: 5.25kW brennari úr ryðfríu stáli fyrir grilltein
- Heildar umfang: 3935cm²
- Grind: Porselínhúðaðar járngrindur
- Kveikja: Elektrónísk
- Flave-R-Wave™ grind fyrir ofan brennara til að jafna út hitadreifingu í grillinu
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrökum
- Hitamælir
- Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu


Gildir til 23. maí eða á meðan birgðir endast.

*Stimpil-, seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

„Stundum verður maður bara að setja sig
í fyrsta sætið. Þess vegna eyði ég í sparnað.“




Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

Kynntu þér fjölbreyttar sparnaðarleiðir í næsta útibúi,
á landsbanki.is eða í síma 410 4000. Því fyrr sem þú
tekur ákvörðun, því fyrr nýturðu ávinnings.

Það eina sem getur komið í veg fyrir að þú eyðir
í sparnað... ert þú.

Eyddu í sparnað.



HVAD ER AÐ FRÉTTA? RAGNHEIÐUR ELÍN CLAUSEN

Ætlar að verja tíma með litla frænda

„Það er helst að fréttu að ég átti afmæli á mánudaginn og varð þá 37 ára,“ segir Ragnheiður Elin Clausen, nemi í bókmenntafræði við Háskóla Íslands og fyrrverandi þula í Ríkissjónvarpinu. Hún gengur annars ekki heil til skógar um þessar mundir. „Ég var skorin upp á mjöðm í vetur og var svo óheppin að fá sýkingu og hef verið dálítið lengi að jafna mig. En ég er komin til sjúkráþjálfara í endurhæfingu og er á batavegi,“ segir hún hress í bragði. Veikindin settu strik í reikninginn í skólanum og hún gat lítið einbeitt sér af bókmenntafræðinni í vetur.



Ragnheiður er ekki búin að ráðstafa sumrinu en býst ekki við að sitja með hendur í skauti. „Þórunn systir mín er nýbúin að eignast dreng og mér finnst ekki ólíklegt að ég muni verja dagóðum tíma með litla frænda. Mig dreymir líka um að komast til Kítar eins og í fyrra. Það var æðislegt.“ Annars gerir Ragnheiður ráð fyrir að fara að minnsta kosti í stuttar ferðir út á land. „Ég sest bara upp í bíl og keyri af stað. Ætli uppáhaldsstaðirnir séu ekki Skaftafell og Snæfellsnes. Mér finnst alltaf yndislegt að koma þangað.“

SVONA ERUM VIÐ:



Í FYRRA FÆDDUST SANDGERÐINGUM 23 BÖRN.

Heimild: Hagstofan

24
stundir

SJÓNARHÓLL

HEIMSÓKN FORSETA TIL KÍNA



RAGNHEIÐUR GESTSDÓTTIR

Ekki til nein fyrirmyndarríki

„Ég tel mikilvægt að rækta samband við Kína, sem er svo stór hluti af heiminum,“ segir Ragnheiður Gestsdóttir, barnabókahöfundur, sem segir nauðsynlegt fyrir lítið ríki eins og Ísland að skapa sér jákvæða mynd á heimsvísu. „Þótt kínversk stjórnvöld séu nú kannski ekki nein fyrirmynd, þá er það engu að síður mikilvægt fyrir Ísland að kynna sínar hugsjónir og kynnst þeirra,“ segir Ragnheiður og telur samstarf á sviði menntamála sérstaklega spennandi. „Mér finnst ánægjulegt að mennta- og menningarmál skuli vera rædd í þessari heimsókn, því þar geta Kínverjar kennt okkur margt.“ Hún bætir því einnig við að opinberar heimsóknir eigi ekki að taka mið að því hvað séu talin fyrirmyndarríki. „Þá færum við nú í óskaplega fáar heimsóknir held ég,“ bætir Ragnheiður við að lokum.

Dreifbýliskonur þinga

Evrópuþing alþjóðasambands dreifbýliskonur er nú haldið á Íslandi í fyrsta sinn. Sambandið vinnur að mannúðar- og líknarmálum og að starfi í þágu kvenna til sjálfsbjálpar.

Alþjóðasamband dreifbýliskonur er meðal stærstu mannúðar- og líknarsamtaka í heiminum með um níu milljónir kvenna innan sinna vébanda. Kvenfélagsamband Íslands (KÍ) er aðili að sambandinu og stendur þessa dagana fyrir Evrópuþingi þess sem haldið er í fyrsta sinn á Íslandi. Yfirskrift þingsins er „Winning the way for women – the inspiration of Iceland.“

„Hér eru um 170 sterkustu konur í heiminum saman komnar,“ segir Helga Guðmundsdóttir forseti KÍ en konur frá um 30 löndum sitja þingið sem haldið er á þriggja ára fresti. Málefni eru margvísleg að sögn Helgu. „Aðalmarkmið sambandsins er að vinna að hjálpar- og þróunarstarfi í þróunarlöndum, bæði í Asíu, Afríku og seinni árin í Eystrasalts- og Austantjaldslöndum,“ segir Helga og bætir við að allt hjálparstarfið gangi út á „hjálpar til sjálfshjálpar“ þar



sem peningar eru ekki látnir af hendi nema með eftirfylgni.

„Stór hluti kvenna sem kemur að sambandinu eru bænda-konur. Margar af þeim ályktunum sem koma fram á þingum snúast því um matvæli, genabreytingar í matvællum og hvernig megi kenna konum í þróunarlöndum að rækta nýjar afurðir,“ segir Helga en á þinginu munu fimm íslenskir fyrirlesarar fræða gesti þess um kvennabaráttu á Íslandi. Þeirra á meðal eru frú Vigdís Finnbogadóttir, Guðrún Pétursdóttir sem kynnrir verkefnið Auður í krafti kvenna og Kristín Ástgeirsdóttir sem ræðir um sögu kvennahreyfingar á Íslandi.

Helga segir mikinn stuðning af því að vera hluti af alþjóðasamtökum og taka þátt í þingum á þeirra vegum. „Þegar við sameinumst lærum við svo mikið hver af annari,“ segir Helga en þingið var sett í gær og lýkur að kvöldi laugardags.

solveig@frettabladid.is

Á EVRÓPUÞINGI Helga Guðmundsdóttir er forseti Kvenfélagsambands Íslands sem skipuleggur Evrópuþingið að þessu sinni.

Ársfundur 2005

Ársfundur Lífeyrissjóðsins Lífiðnar 2005 verður haldinn föstudaginn 27 maí, kl. 16:00 á Grand Hotel, Sigtúni.

Dagskrá

- 1 Venjuleg ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins.
- 2 Tillögur að breytingum á samþykktum sjóðsins.
- 3 Önnur mál löglega upp borin.
- 4 Kynning á sameiningarviðræðum.

Aðildarfélögum sjóðsins hafa verið send fundarboð og eru þau beðin að tilkynna skrifstofu sjóðsins fyrir 24. maí n.k. hverjir verða fulltrúar þeirra á fundinum. Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á fundinum með tillögu- og málfrelsi.

Reykjavík, 16. mars 2005.

Stjórn Lífeyrissjóðsins Lífiðnar



LÍFEYRISJÓÐURINN
Lífiðn

Stórhöfði 31 • 110 Reykjavík
Sími: 580 5200 • Fax 580 5230
www.lifidn.is

Miðja Reykjavíkur:

Komin í Kópavog

„Miðja Reykjavíkur er í viðgerð núna, hún var orðin svo helvíti ljót,“ segir Guðbjartur Sigurðsson, starfsmaður hjá Gatnamálastjóra, þegar hann er inntur eftir því hvar skjöldurinn sem markar miðju Reykjavíkur sé. „Skjöldurinn var sendur upp í Steinsmiðju Sigurðar Helgasonar í Kópavogin-

um til viðgerðar,“ bætir Guðbjartur við.

Það má því með sanni segja að miðja Reykjavíkur sé í Kópavoginum þessa stundina þó hún sé væntanleg á heimaslóðir von bráðar. Annars er hún venjulega við norðurenda Aðalstrætis.

- mh



SKJÖLDURINN Í VIÐGERÐ Merkið hefur verið fjarlægt af heimaðinu sínu í Aðalstrætinu og er sem stendur í viðgerð í Kópavoginum.

Skynsemin velur Bónus

12 SALERNISRÚLLUR

EKKERT BRUÐL

BÓNUS



12 SALERNISRÚLLUR

189
12 RÚLLUR KR.

Vöffluduft
UM 20 VÖFFLUR

EKKERT BRUÐL

179
HÁLFT KÍLÓ KR.

Rabarbarasulta
BONUS - 900 GRÖMM

199
900 GRÖMM KR.



129
250 GRÖMM KR.



Folaldakjöt
KOFAREYKT NORÐLENSKT



499
KOFAREYKT

NORÐAN
fiskur



699
BITAR BEIN-OG ROÐLAUSIR

FROSINN
NORÐANFISKUR
Laxabitar
ROÐLAUSIR OG BEINLAUSIR

Steinbítur
MARINERAÐUR FRÁ Í.S.

719
40% AFSLÁTTUR
VIÐ KASSANN - Merkt verð 1198.

40%
afsláttur



KLETTASALAT
SALATBLANDA
SMÁSPÍNAT



159
100g poki KR.

Bónus býður betur!

Lambalæri
VILLIBRÁÐARKRYDDAÐ

Villibráðarkryddað læri

899
ALLTAF GOTT



Lambafille
VILLIBRÁÐARKRYDDAÐ



1999
KR.

99
KÍLÓ KR.

Franskar
FRIAND - 1 KÍLÓ



95
350g KR.



199
150g KR.



139
270g KR.



Tilboðin gilda til sunnudags 22. maí eða meðan birgðir endast

FBL. GREINING: TOPPSTÖÐUR Í SAMFYLKINGUNNI

Fjölgað getur í varaformannsslag fram á síðustu stundu



Landsfundur Samfylkingarinnar hefst á hádegi á föstudag. Þótt umræður um hugmyndafræði, stefnu, mála-flokka eða einstök mál einkenni flokksþing og landsfundi stjórnmála-flokkanna velta menn alveg sérstaklega fyrir sér kjöri í einstök embætti og trúnaðarstöður. Það á sannarlega við um formannsvöl og nú einnig kjör varaformanns Samfylkingarinnar að þessu sinni.

Skoðanakannanir hafa bent til þess að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hafi betur í viðureigninni við Össur Skarphéðinsson sitjandi formann. Plúsinn gerði eina slíka könnun og voru niðurstöður birtar á Stöð 2 í gærkvöldi. Af þeim sem afstöðu tóku fylgdu 67 prósent Ingibjörgu Sólrúnu að mál-



ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON

LÚDVÍK BERGVINSSON

um en 33 prósent fylgdu Össuri. Fylgismunur var minni á landsbyggðinni en að sama skapi meiri meðal þeirra sem spurðir voru á höfuðborgarsvæðinu.

Hvenær er þátttaka lítil eða mikil? Á að giska 60 prósent flokksbundinna Samfylkingarmanna skila gildum atkvæðum í formannskjöri en í gærkvöldi höfðu liðlega 11 þúsund atkvæði skilað sér af þeim tæplega 20 þúsund kjörseðlum sem sendir voru flokksmönnum. Þeir sem gerst þekkja segja þetta viðunandi þátttöku í póstköningum. Menn hella úr eyrunum og velta fyrir sér stöðunni. Tveir viðmælendur Fréttablaðsins töldu í gær að lítil þátttaka væri Össuri hagstæð en mikil þátttaka kæmi Ingibjörgu Sólrúnu til góða. Gallinn er bara sá að þátttakan er eiginlega hvorki lítil né mikil.

Karl og kona eða kona og karl Heldur lifnaði yfir spennufiklunum á

síðustu metrunum fyrir landsfundinn þegar Lúdvík Bergvinsson tilkynnti að hann gæfi kost á sér í varaformannsembætti líkt og hinn ungi Ágúst Ólafur Ágústsson hafði gert. Þannig var tryggt að kjósa yrði um varaformannsembættið. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að Jóhanna Sigurðardóttir ihugi einnig að blanda sér í slaginn. Gamalreynndir jaxlar telja að framboðsmálin skýrist ekki fyrr en síðdegis á föstudag og jafnvel ekki fyrr en eftir að úrslit í formannsslagnum verða kunn á hádegi á laugardag. Þeir segja sem svo að verði formaður kona þurfi að kjósa karl sem varaformann og öfugt; verði formaður karl sé rétt að kjósa konu í embætti varaformanns.

Formannsslagur og fram

Stefán Jón Hafstein, formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar, gefur til kynna að milli hefðbundinnar einkavæðingar og ríkisreksturs leynist þriðja leiðin. Hann vill tefla lýðræðinu og auknu valdi fólksins fram gegn markaðsvæðingu hægriáflanna og segir að stórfyrirtæki samtímans eigi að axla samfélagslega ábyrgð.

Stefán Jón Hafstein, formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar, telur að framtíðarsýn og hugmyndafræði jafnaðarmanna hafi ekki notið sín sem skyldi í baráttunni um formannstólinn í Samfylkingunni undanfarna mánuði. Hann kveðst ganga lengra í ályktunum en framtíðarhópur flokksins og skilgreinir sig sem róttækan endurskoðunarinn.

Jafnaðarmenn tefla svonefndri lýðræðisvæðingu gegn markaðsvæðingu hægriáflanna. Hvað skyldi vera átt við með því? Stefán Jón segir að skapast hafi forsendur í auðugu, vel upplýstu og



JÓHANN HAUKSSON
BLAÐAMAÐUR

FRÉTTAVIÐTAL
STEFÁN JÓN HAFSTEIN
UM HUGMYNDAFRÆÐI
JAFNAÐARMANNA



STEFÁN JÓN HAFSTEIN „Hins vegar verð ég að segja að formannsslagurinn milli Össurar Skarphéðinssonar og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur hefur ekki skilað nægilega frjórri umræðu um þá endurskoðun á stefnumiðum sem nú þegar fer fram og þarf að fara fram meðal jafnaðarmanna innan flokks og utan,“ segir fráfarandi formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingar.

menntuðu samfélagi til þess að verkefni, sem verða almannaheill og jafnaðarmenn lögðu eitt sinn áherslu á að væru í höndum ríkisins, flytjist til fólksins.

„Hagsmuna almennings væri eftir sem áður gætt undir breyttum rekstrarforsendum um leið og unnt yrði að laða fleira fólk til ábyrgðar og þátttöku. Ríkið gæti fært verkefni frá sér til burðugra sveitarfélaga. Og þessi tilteknu sveitarfélög gætu fært verkefnið áfram nær íbúunum, til notendanna sjálfra. Þetta er í rauninni viðbragð við hnattvæðingunni þar sem þjóðríkið hefur ekki sama vægi og áður. Þjóðríkið hefur heldur ekki sama vægi og áður gagnvart staðbundnu valdi og kalli frá íbúunum um frekara ákvörðunarvald yfir daglegu lífi sínu. Þjóðríkið er þarna klemmt á milli og það á að færa völd út til fólksins til þess að þróunin geti orðið á forsendum þess.“

Aukin völd fólksins

Stefán Jón gæti að margra mati verið að tala fyrir venjulegri einkavæðingu verkefna sem ríki og sveitarfélög fást við nú. Hann neitar því og segir þetta snúast um tvo meginþætti.

„Í fyrsta lagi er að auka notendavald í skólum, heimilum fyrir aldraða, heilbrigðisstofnunum og ýmsum stofnunum. Notendur eiga að hafa meira um það að segja hvernig þjónustan er veitt. Þetta er ekki valið milli einkavæðingar og opinbers reksturs heldur eru þarna rekstrarform á milli sem gefa notendum meira vald til þess að ákveða hvar og hvernig þjónustan er veitt. Þetta kallar á dreifða stýringu. Hins vegar er ég líka að tala um að mikilvæg verkefni í samfélaginu, til dæmis neytendabjónusta og neytendavernd, eigi ekki að vera í höndum stofnana. Ég er til dæmis á móti því að stofna embætti umboðsmanns neytenda. Þessháttar þjónusta á að flytja yfir til félagasamtaka sem yrðu styrkt og bæru ábyrgð gagnvart almenningi. Þetta á líka við um umhverfismál þar sem stjórnvöld þurfa gagnrýnið að-

hald. Umhverfismálin á ekki að stofnanavæða heldur fela félagasamtökum málaflökkinn með samningum. Slík samtök gætu veitt þetta aðhald, upprætt almenning og svo framvegis. Ég hef nefnt mannréttindamál í þriðja lagi. Umræðan um Mannréttindaskrifstofu Íslands sýnir ljóslega hvernig valdastjórnarmál eru andstæð minni hugmynd um lýðræðisstjórnarmál. Mannréttindaskrifstofan á einmitt að veita stjórnvöldum aðhald og við eigum að styrkja hana til þess.

Hvar er stefnan?

Málsmetandi menn, stjórnmála-skýrendur og leiðarahöfundar hafa rökstutt að sýn Samfylkingarinnar á framtíðina sé harla óskýr. Jafnvel gengið svo langt að segja að hana skorti að mestu. Hópur flokksmanna hefur engu að síður setið löngum stundum yfir þessari framtíðarsýn. „Ég tek fram að ég er mjög ánægður og stoltur af framtíðarhópnum,“ segir Stefán Jón. „Ég átti stóran hlut í því að koma honum á laggirnar sem formaður framkvæmdastjórnarinnar. Framtíðarvinnan er eitt hið besta sem við höfum gert á umliðnum árum. Ég finn sjálfur til ábyrgðar að láta til mín taka á þann hátt að leggja inn hugmyndir að endurskoðun jafnaðarstefunnar á tuttugustu og fyrstu öldinni. Ég leyfi mér að draga víðtækari ályktanir en hópurinn getur gert. Sá er munurinn á framtíðarhópnum og því sem ég set fram í eigin nafni. Hins vegar verð ég að segja að formannsslagurinn milli Össurar Skarphéðinssonar og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur hefur ekki skilað nægilega frjórri umræðu um þá endurskoðun á stefnumiðum sem nú þegar fer fram og þarf að fara fram meðal jafnaðarmanna innan flokks og utan. Það var tilgangur minn með ritgerð sem ég skrifaði fyrr í vetur um þessa endurskoðun að koma þessum hugmyndum af stað inn í formannsslaginn. Það hefur að sumu leyti tekist en ekki að öllu leyti. Þetta tengist títnefndum umræðustjórnarmálum.“

Kemst hún áfram í þessu?

BÚNINGUR SELMU FELLUR Í GRÝTTAN JARÐVEG MEÐAL TÍSKUFRÖMUÐA

– hefur þú séð DV í dag?



REYKJANESBÆR

Tjarnargötu 12 • Póstfang 230 • S: 421 6700 • Fax: 421 4667 • reykjanesbaer@reykjanesbaer.is

HANDVERKSSÝNING

Í REYKJANESBÆ

Hin árlega handverkssýning í Reykjanesbæ verður haldin í Íþróttahúsinu við Sunnubraut laugardaginn 21. maí og sunnudaginn 22. maí.

Opið kl. 12:00 - 18:00 báða dagana.

Handverksfólk af Reykjanesi og víðar af landinu sýnir og selur muni sína.

Margs konar handverk verður unnið á staðnum s.s. tréskurður, silkímálun, leirmótun og útsaumur.

Einnig munu tómstundafélög í bænum kynna starfsemi sína.

Skemmtiatriði og veitingar á kaffihúsi sem rekið verður á sýningunni. Sparisjóðurinn í Keflavík verður með útibú á staðnum.



Menningar-, íþrótt- og tómstundasvið

... reykjanesbaer.is

Nýjar tillögur framtíðarhóps verða eingöngu kynntar á landsfundi en ekki teknar til afgreiðslu:

Framtíðarhópur fái nýtt umboð

STJÓRNMÁL Framtíðarhópur Samfylkingarinnar kynnti í gær tillögur sínar til stefnumótunar innan flokksins í fjölmörgum málaflokkum.

Kynntar voru tillögur sjö starfshópa sem starfað hafa síðan um áramót. Þetta er í annað sinn sem framtíðarhópurinn skilar tillögum af sér en fyrri lotan var kynnt á flokksstjórnarfundi í október síðastliðnum og verða þær tillögur teknar til afgreiðslu á landsfundinum á laugardag.

Tillögurnar sem kynntar voru í gær verða hins vegar ekki teknar formlega fyrir á landsfundinum, heldur einungis kynntar og þeim

síðan vísað til áframhaldandi meðferðar innan flokksins og til afgreiðslu á stefnumótun flokksins næsta vetur. Gera má ráð fyrir að tillögurnar taki einhverjum breytingum í því ferli. Jafnframt verður lagt til að landsfundurinn samþykki að endurnýja umboð framtíðarhópsins og feli honum áframhaldandi vinnu við framtíðarstefnumótun flokksins fram að stefnumótun.

Málaflokkarnir sjö sem kynntir voru í gær eru: Lýðræði og jafnrétti, Velferðarríkið sem hagstjórnarhugmynd, Menning og listir – stefna um skapandi atvinnugreinar, Leikreglur við-

skiptalífsins, Ísland í samfélagi þjóðanna, Mannauður, framsækni og jöfnuður og Atvinnulíf, nýsköpun og hagvöxtur.

Áðspurð segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður framtíðarhópsins, erfitt að nefna eitthvað sérstakt í þessum tillögum sem henni þyki markverðast. „Það er hins vegar margt ferskt og skemmtilegt þarna á ferðinni og ný sýn á flesta málaflokka. Ef ég á að nefna eitthvað eitt umfram annað þá kom plaggid um menningarmál mest á óvart og á eflaust eftir að vekja talsverðar umræður,“ segir hún.

Þar vísar hún til þess að í til-



TILLÖGUR FRAMTÍÐARHÓPS Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Kristrún Heimisdóttir kynntu tillögur framtíðarhópsins sem kynntar verða á landsfundi Samfylkingarinnar á laugardag.

lögum hópsins er meðal annars lögð áhersla á fjölbreytileika íslenskrar menningar, hvatt til að kraftar hennar verði virkjaðir og að þjóðernissinnuð einangrunarstefna sé vont veganesti inn í 21. öldina.

ssal@frettabladid.is

Kosningabáttaka:

Á tólfta þúsund

SAMFYLKINGIN Kosningu í formannskjöri Samfylkingarinnar lýkur klukkan 18:00 í dag. Flosi Eiríksson formaður kjörstjórnar segir að á tólfta þúsund manns hafi verið búin að kjósa í gærkvöldi, en rétt innan við tuttugu þúsund manns fengu senda kjörseðla.

Flosi segir þetta mjög fjölmenna kosningu og þá fjölmennustu sinnar tegundar. „Auðvitað vill maður alltaf sjá meiri þátttöku.“

Í kvöld klárum við að merkja þau atkvæði sem borist hafa inn á kjörskrá og stemmum hana af,“ segir Flosi. Atkvæðin verða talin á laugardagsmorgninum og úrslit tilkynnt á hádegi þann sama dag.

-jh

Íðarsýn

Hægt er að gera umbætur með tilskipunum að ofan. Eigi menn að ná fram gagngerum umbótum þarf að gera það undir þeim formerkjum að menn séu sáttir, skilji út á hvað umbæturnar ganga og séu tilbúnir að gera þær að sínum. Í þessu til ef ég að samræðustjórnsmál felist. Þau eru einnig leið til þess að halda á lofti gildum jafnaðarstefnunnar án þess að stofnanir eða eftirlitsið sé fenginn til þess að útfæra þær.“

Stórfyrirtækin bera ábyrgð

Stefán Jón segir verðugt verkefni að skilgreina stöðu og ábyrgð stórfyrirtækja í nútímasamfélaginu. „Þetta er mjög verðugt verkefni. Við sjáum að auðvaldinu vex ásmegin. Á móti því tefli ég tveimur hugtökum um lýðræðisvæðingu en þar er hugtakið um félagsauð mjög mikilvægt. Félagssauður er spurning um færni fólks sem gerir því kleift að kljást við afl auðvaldsins og stórfyrirtækja. En þetta þarfnast lagastöðar og samfélagsgerðar sem knýr stórfyrirtækin til ábyrgðar. Ég nefni sem dæmi að lífeyrissjóðunum er ekki lýðræðislega stýrt. Við eigum líka að leggja samfélagslegar skyldur á fyrirtæki sem fá aðgang að sameiginlegum auðlindum landsmanna, hvort heldur um er að ræða aðgang að fiskimiðum, orkulindum eða jarðnæði. Fyrirtækin eiga að standa samfélagslega ábyrg gagnvart starfsfólki sínu, réttindum og skyldum og umhverfinu svo nokkuð sé nefnt. Þetta stillir auðvaldinu upp við vegg. Ef það vill ekki vera hluti af samfélaginu viljum við hin heldur ekki hafa það með okkur.“

Einkarekstur, ríkisrekstur eða ...

Stefán Jón segir að á nýliðinni öld hafi jafnaðarmenn annars vegar hengt sig í ríkisafskipti til þess að verja velferðarkerfið og jöfnuðinn en hins vegar hópá undan nýfrjálsbyggjunni og einkavæðingars stefnunni. Hann segir hvorugt ganga upp. „Þriðja leiðin er ef til vill sú leið sem Blair í Bretlandi og Schröder í Þýskalandi hafa fetað, ekki alltaf með góðum árangri. Við eigum að efla það sem kalla mætti almenning (public sphere) sem miðlar á milli einkarekstrurs og opinbers rekstrurs. Þarna er gríðarlegt svigrúm til þess að færa út vald og verkefni með skilgreindu ábyrgðarsviði til fólksins í landinu. Þar nýtir einkarekstur sér arðsemiskröfuna og það getur átt vel við í sumum tilvikum. Í opinberri þjónustu á þessi arðsemiskrafa ekki við en þá blasir við að opinberar stofnanir eru oft á tíðum mjög þunglamalegar. Ég tel að einstaklingar og frjáls félagsamtök eigi miklu auðveldara með að bregðast við þörfum þjónustumarkaðarins sem ég kalla svo. Ég sé til dæmis fyrir mér að grunnskólar verði áfram í opinberum rekstri en jafnframt að við eigum eftir að nýta okkur miklu betur menntaframboð utan við grunnskólana.“ segir Stefán Jón Hafstein að endingu. ■

15.4" WIDE SCREEN

1.6 GHz

ACER 4101WLMi Á VAXTALAUSU TILBOÐI

134.900

VAXTALAUST KRÓNUR 8.993 Í 15 MÁNUÐI

INTEL CENTRINO
Intel Centrino Dothan er með 2MB flytíminni og er allt að 30% hraðvirkari en eldri Centrino tækni

8xDVD +/- SKRIFARI
Vandaður 8xDVD Dual Layer geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega geisladiska

MJÖG HLJÓÐLÁT
Intel Centrino tækin skilar því að Acer Centrino ferðatölvur er mun lægverari en eldri ferðatölvur

BREIÐJALDSSKJÁR
15.4" WideScreen WXGA skjár með 1280x800 dpi upplausn ásamt TV-út tengingu í sjónvarp

RADEON X700
Eitt nýjasta skjá kortið frá ATI sem gengur á PCI-Express, skilar meiri afkastagetu og flottari grafik

ALLT AÐ 4 TÍMA
Acer ferðatölvur er aðeins 2.95kg og með Centrino tækni endist rafhláðan í allt að 4 tíma

Örgjörvi 1.6 GHz Pentium M Dothan730
Intel Centrino er með 2MB cache

Vinnsluminni 512MB DDR II, 533MHz
Stækkanlegt í 2GB

Harðdiskur 80GB Ultra ATA100
Nóg pláss fyrir gögn og leiki

Skjá kort 64MB ATI Mobility Radeon X700
Sjálft. minni, PCI-Express 16x, TV-út

Skjár 15.4" WXGA breiðjaldsskjár
1280x800dpi og TV-út tengi

DVD Skrifari 8xDVD ± RW Dual Layer skrifari
Les og skrifar DVD og CD diska

Hátalarar Hljóðkerfi með 2 hátölurum
Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi

Netkort 10/100 base netkort
Einnig 56K módem innbyggt

Þráðlaust 54Mbps þráðlaust netkort
Innbyggt 54Mbps Wireless 802.11g

Stýrikerfi Windows XP Home
Á íslensku eða ensku

Tengi 3xUSB2, FireWire, TV-út, VGA, PCMCIA, ofl.

MasterCard
Vaxtalaust tilboð er miðað við 15 mánaða jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skulabréf. 3,5% stimpil og lántökugjald batist við heildarupphæðina sem verður þá samtals kr. 139.642 og dreiflit jafnt yfir samningstímann.

VISA

TÖLVULISTINN

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerargötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 11 ÁR

skoðun

MÁL MANNA
SIGURJÓN M. EGILSSON

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur oft dæmt gegn íslenska ríkinu. Davíð Oddsson hefur viðrað hugmynd um takmörkun á starfi dómstólsins.

Útrás stjórnmalanna

Davíð Oddsson hefur talað. Hann vill að Mannréttindadómstóll Evrópu breyti um kúrs. Hann vill að dómstóllinn hætti að vera áfrýjunardómstóll í málum þar sem borgarar eru ósáttir í samskiptum sínum við ríkisvaldið. Fréttablaðið vitnar í ræðu ráðherrans á leiðtogafundi Evrópuráðsins í Varsjá þar sem hann sagði brýna þörf á umbótum á störfum Mannréttindadómstóls Evrópu í ljósi þess hve málum sem til hans bærust hefði fjölgað mikið.

Davíð talaði fyrir þekktri aðferð, aðferð sem er notuð hér heima. Á Íslandi tíðkast að leggja af eða leggja stein í götu þeirra stofnana sem ekki eru stjórnvöldum að skapi. Nýjasta dæmið er Mannréttindaskrifstofan, en mál hennar er okkur Íslendingum enn í fersku minni. Fleiri dæmi eru til, svo sem Þjóðhagsstofnun, Náttúruvernd, Veidimálastofnun, svo nokkur séu nefnd.

Getur verið að bitur reynsla íslenskra ráðamanna af niðurstöðum Mannréttindadómstólsins ráði einhverju um vilja þeirra til að hann starfi með öðrum hætti en nú er? Það er nú þannig að íslensk stjórnvöld og dómstólar hafa margoft fengið á baukinn hjá dómstólum. Þegar svo gerist hér heima er oftast gripið til þess ágæta ráðs að leggja stofnun af eða særa.

Nýjasta áfelli íslenska valdsins gagnvart þegnum sínum er mál Kjartans Ásmundssonar, sem skaut íslenskum dómum til Mannréttindadómstólsins. Dómstóllinn komst að því að réttur hefði verið brotinn á Kjartani, en örorkubætur hans höfðu verið skertar vegna breytinga á reglum. Honum tókst ekki að ná fram réttlæti á Íslandi. Kjartan hafði möguleika, það er að senda málið áfram til fjölþjóðadómstóls, sem tók undir sjónarmið hans. Niðurstaðan breytti miklu fyrir Kjartan og aðra sem eins var ástatt um.

Mörg önnur mál, og örlítið eldri, eru fyrir hendi þar sem Íslendingar hafa neyðst til að leita út fyrir landsteinana vegna óréttlætis sem þeir sæta hér heima. Þess vegna er það vond tilhugsun að íslenskir ráðamenn hafi forgöngu um að gerðar verði breytingar á þeim öryggisventli sem Mannréttindadómstóll Evrópu er, til að veikja eða útiloka möguleika borgaranna til að fá réttláta niðurstöðu í málum sem þarf að höfða gegn valdinu. Á skömmum tíma hefur Mannréttindadómstóllinn felt sjö dóma yfir íslenskum yfirvöldum, þar sem einstaklingar hafa risið upp og kostað miklu til að fá rétt sinn viðurkenndan.

Frægast er sennilega mál Jóns Kristinssonar, sem var sakfelldur fyrir umferðarlagabrot. Jón sættist ekki á að sama yfirvald rannsakaði brotið og dæmdi. Jón varð að leita til Mannréttindadómstólsins, sem tók undir með honum. Niðurstaðan var áfelli fyrir valdið hér á landi og varð til þess að breyta varð lögum.

Þorgeir Þorgeirsson rithöfundur var sakfelldur fyrir að skrifa um lögreglumann, en þáverandi lög bönnuðu óþægileg ummæli um opinbera starfsmenn, jafnvel þótt sönn væru. Það var ekki fyrr en eftir að Mannréttindadómstóll Evrópu fann að lagagerðinni hér heima að löggjafinn, það er Alþingi, neyddist til að taka úr almennum hegningarlögum ákvæði um að ekki mætti tala eða skrifa illa um opinbera embættismenn.

Davíð Oddsson vill að verkvið Mannréttindadómstólsins verði takmarkað. Gangi það eftir missir íslensk þjóð ákjósanlega leið til að verja rétt sinn gegn á stundum fjandsamlegu kerfi valdamanna og embættismanna. ■



Talstöðin
FM 90,9

DAGMÁL ODDS ÁSTRÁÐSSONAR OG RAGNHEIÐAR GYÐU JÓNSDÓTTUR
Alla virka daga kl. 9.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ólík vinnubrögð

Vefþjóðviljanum finnst meðferð fjölmiðla á úrsögn Gunnars Arnar Örylgs-sonar úr Frjálslynda flokknum og inn- göngu í Sjálfstæðisflokkinn athyglisverð. Þeir séu stöðugt að rifja upp fyrri skoð- anir hans. Slík vinnubrögð hafi ekki tíðkast áður. Rifjar blaðið í því sam- bandi upp þegar Ólafur F. Magnússon borgarfulltrúi gekk úr Sjálfstæðisflokk- um og síðar til liðs við Frjálslynda flokk- inn. Það hafi einkum verið á þeirri forsendu að Sjálf- stæðisflokkurinn iðkaði of harða hægristefnu.



„Þetta var fyrir þá tíð er íslenskir blaðamenn sóttu námskeið í notkun leitarvéla.

Enginn hváði þegar Ólafur yfirgaf flokk sinn heldur fékk hann miklu fremur klapp á bakið fyrir að fylgja sannfær- ingu sinni. Síðan hefur Ólafur komist upp með það óárettur að halda því fram að hann sé fulltrúi mannúðar og mildi í veröldinni en fyrrum félagar hans í Sjálfstæðisflokknum séu erind- rekar hörkunnar og ofstópan, einka- væðingaræðis og nýfrjálslyggju.“

Brautryðjandi

Svo spyr Vefþjóðviljinn: „En fyrir hvað ætli Ólafis F. Magnússonar verði einkum minnst í Sjálfstæðisflokknum? ... Ætli Ólafur F. Magnússon ... hafi sagt við þá- verandi félagas sína að það væri kannski í lagi að einkavæða fyrirtæki eins og banka og fiskimjölsverksmiðjur

með tíð og tíma en einkavæðing vel- ferðarkerfisins kæmi aldrei til greina? Nei, þegar betur er að gáð verður Ólafis F. Magnússonar líklega einkum minnst fyrir það í Sjálfstæðisflokknum að hafa boðað einkavæðingu í hinu svonefnda velferðarkerfi, nánar tiltekið í heilbrigð- iskerfinu. Hann má jafnvel eiga það að hann var á vissan hátt brautryðjandi í Sjálfstæðisflokknum fyrir slíkum sjónar- miðum og gagnrýndi flokkinn harðlega fyrir að hafa ekki gengið nógu vasklega fram í þessum málum.“ Lokaorð Vef- þjóðviljans eru: „Þetta hefur auðvitað enginn rifjað upp en ef Ólafur F. Magn- ússon gengur aftur í Sjálfstæðisflokkinn getur Vefþjóðviljinn lofað að blaða- menn munu gripa til hinnar nýfengnu kunnáttu sinnar“.

gm@frettabladid.is

Belgíska Kongó

Einn stórvirkasti fjöldamorðingi sögunnar sté aldrei fæti á vígvöll- inn, hann sendi menn fyrir sig, þóldi ekki blóð. Leópold II Belgíu- konungur er nú að mestu fallinn í gleymsku, en það er of snemmt, eins og Adam Hochschild lýsir í bók sinni *Skuggi Leópolds konungs* (1998). Leópold fylgdist grannt með ævintýrum landkönn- uðanna, sem leituðu að upptökum Nílar. Þegar Stanley sneri aftur heim frá Afríku úr mikilli frægð- arför og hafði fundið Livingstone nær dauða en lífi inni í miðjum frumskógi eftir langa leit, þá gerði Leópold boð fyrir Stanley og fékk hann til að fara aftur suður eftir að kaupa land og flabein – í vísindaskyni, nema hvað. Það hafði ekki farið fram hjá kóngin- um, að hollenzkur nýlendulíðsfor- ingi, Peter Minuit, hafði keypt Manhattan af indjámum fyrir 24 dollara. Stanley beit á agnið og gerði eina 450 landakaupsam- inga með óskoruðum nýtingar- rétti fyrir hönd Leópolds. Ætt- bálkahöfðingjarnir í Kongó kunnu hvorki að lesa né skrifa og gerðu sér enga grein fyrir því, að þeir voru að selja frá sér land og fólk. Það var eftir miklu að slægjast: Kongó var 80 sinnum stærri en Belgía að flatarmáli: meira flæmi en England, Frakkland, Þýzka- land, Spánn og Ítalía samanlagt. Bandaríkjamenn viðurkenndu yf- irráð Leópolds yfir Belgísku Kongó 1884, og Frakkar gerðu sama skómmu síðar. Landamærin voru innsiglið með samningum á Berlínarfundinum 1885.

Óg þá hófst gúmmíæðið. Þannig vildi til, að John Dunlop dýralæknir á Írlandi var að dytta að reiðhjólí sonar síns og datt þá ofan á loftfyllta gúmmídekkið. Þessi uppfinning kom sér vel fyrir Leópold, því að í Kongó var nóg af gúmmítrjám: nú lét hann sína menn þar suður frá þröngva inn- fæddum til að vinna gúmmí baki brotnu. Konum og börnum var

Í DAG

RÆTUR ARDRÁNS OG ÖSTJÓRNAR Í AFRIKU



PORVALDUR GYLFASON

Leópold II var ekki einn um ódæðisverk í Afríku. Ferill annarra nýlenduvelda er einnig blóði drifinn. En Leópold var stórtækastur. Nýlenduveldin skildu ekki eftir sig lýðræði eins og þau bjuggu við heima fyrir, heldur harð- ýðgi, einræði og arðrán.

haldið í gíslingu á meðan; ef menn skoruðust undan, voru konurnar drepnar og börnin. Vinnulaun voru bönnuð með lögum, og verzl- unareinokun var komið á. Belgíska Kongó var óskoruð einkaeign Leópolds konungs í 23 ár, 1885-1908. Lífið lék við hann.

Harðstjórnin spurðist út. Bandaríski rithöfundurinn Mark Twain var í hópi þeirra, sem skáru upp herör gegn þralahaldinu í Kongó. Brezki höfundurinn Joseph Conrad fór um svæðið og skrifaði skáldsögu um ástandið (*Heart of Darkness*, 1902). Leópold brást við áreitinu með því að míta blaðamönnum, ritstjórum og stjórnmalamönnum í stórum stíl og stofnaði m.a.s. eigið forlag til að gefa út bækur í þágu ný- lendukúgunarinnar og árásir á andstæðinga sína, en þeir gáfu sig ekki. Skipin, sem fluttu flabein og gúmmí í tonnatali frá Kongó til Evrópu, fluttu nær ekkert til baka annað en byssur og kúlur. Fyrir hverja kúlu þurfti herinn í Kongó

skv. tilskipun að skila einni af- höggvinni hendi á móti. En menn Leópolds höfðu líka gaman af villidýraveiðum og hjuggu þá hendurnar af lifandi fólk til að standa í skilum. Afskornir útlimur voru vörumerki nýlendustjórnar- innar. Bretar sendu mann suður eftir til að skrifa skýrslu um ástandið. Á endanum, 1908, neyddist belgíska stjórnin vegna vandrastu til að taka við rekstri nýlendunnar, yfirtók allar skuldir og greiddi kónginum skaðabætur. Eg heyrir fyrir mér ræðurnar, sem hann hlýtur að hafa haldið um helgi eignarréttar- ins. Stjórnartíð hans kostaði 8-10 milljónir mannlífa.

Leópold II var ekki einn um ódæðisverk í Afríku. Ferill ann- arrar nýlenduvelda er einnig blóði drifinn. En Leópold var stórtæk- astur. Nýlenduveldin skildu ekki eftir sig lýðræði eins og þau bjuggu við heima fyrir, heldur harðýðgi, einræði og arðrán. Það hefur ekki reynzt auðvelt fyrir Afríkubjóðir að brjótast undan skugganum. Þegar Kongó hlaut sjálfstæði 1960, höfðu 30 heima- menn lokið háskólaprófi: þar voru engir verkfræðingar, engir læknar, engir búfræðingar. Fólk stóð þarna með tvær hendur tómar (og kopar, gull, demanta, olfu, úraní- um). Í hátíðarræðu sinni við sjálf- stæðistökuuna sagði Baldwin Belgíu- konungur: „Nú stendur það upp á ykkur, herrar mínir, að sýna, að þið séuð trausts okkar verðir.“ Helzti stjórnmalaföringi landsins, dr. Patrice Lumumba, var myrtur m.a. skv. tilskipun Eisenhower Bandaríkjaforseta. Dag Hammar- skjöld, framkvæmdastjóri Sam- einuðu þjóðanna, var einnig myrtur í Kongó, trúlega að undirlagi belgískra viðskiptajöfra, sem vildu fá að sitja að auðlindum landsins í friði. Móbutú hershöfð- ingi var ekki lengi að velja sér fyrirmynd, þegar hann náði völd- um í landinu 1965. ■

Tveggja ára keppnisbann fyrir eiturfjaneyslu

Refsiglaðir en úrræðalausir

Íþróttahreyfingin fórnar þeim sem misstíga sig í stað þess að takast á við vandann

Depo®-Testosterone

Sterile Solution

testosterone cypionate Iniection. USA

200 mg per ml

For intramuscular use only

Caution: Federal law prohibits dispensing without prescription.

LESTU GREININA Á VISIR.IS OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA

visir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLÉG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTÖÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRI: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík **ADAL- SÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTABLAÐI: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimilum á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Ótrúlegt verð

CONCORD
- COLLECTION -

Jakkaföt
ullarblanda
svört, grá
st. 42-64

TILBOÐ
11.999 kr
Verð áður 14.999-

Einungis selt í Skeifunni,
Kringlunni, Smáralind og
á Akureyri

20-50% afsláttur af völdum fatnaði

OXMO

Skyrta
síð shiffon
bleik, grænblá
st. S-XL

TILBOÐ
1.999 kr
Verð áður 3.999-

OXMO

Jakki
hvítur, sand
st. S-XL

TILBOÐ
3.999 kr
Verð áður 4.999-

OXMO

Buxur
svartar
st. S-XL

TILBOÐ
1.999 kr
Verð áður 3.999-

ICHI

Jakki
hvítur, svartur
st. XS-L

TILBOÐ
3.199 kr
Verð áður 3.999-

Bolur
hvítur, bleikur,
svartur
st. S-L

TILBOÐ
1.199 kr
Verð áður 1.499-

Pils
margir litir
st. 10-14

TILBOÐ
2.399 kr
Verð áður 2.999-

OXMO

Buxur
hvítar, svartar
st. XS-L

TILBOÐ
3.199 kr
Verð áður 3.999-

ICHI

Buxur
hvítar, svartar
st. XS-L

TILBOÐ
2.399 kr
Verð áður 2.999-

Ekta leður



TILBOÐ
3.999 kr
Verð áður 4.999-

Herraskór
svartir, st. 40-45

DONNA CHRISTINA



TILBOÐ
2.999 kr
Verð áður 3.999-

Támjóir skór
svartir, hvítir, st. 36-41

DONNA CHRISTINA



TILBOÐ
2.999 kr
Verð áður 3.999-

Ballerínuskór
svartir, hvítir, bleikir, st. 36-41

bullboxer



TILBOÐ
4.999 kr
Verð áður 5.999-

Támjó mokkasína
hvítar, st. 36-41

Gildir til 23. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

PÓSTVERSLUN

www.hagkaup.is

grænt númer sími
800 6680 568 2255

HAGKAUPA

ÁLFURINN ER FYRIR UNGA FÓLKIÐ



ÁLFASALA SÁÁ 19. - 22. maí 2005

Það er mjög dýrmætt fyrir unga fólk, sem hefur orðið fyrir því að misstíga sig í lífinu, að fá góðan stuðning út í lífið á ný. Gefum unga fólkinu tækifæri því...

...hver og einn skiptir máli!



**Samtök áhugafólks
um áfengis- og
vímuefnavandann**

Einnig er hægt að hringja í síma 904 2005 og verða þá teknar 1000 kr. af næsta símreikningi

KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

ICEX-15 4.079* +0,63% Fjöldi viðskipta: 217
Velta: 977 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ Burðarás 2,47%
Jarðboranir 2,44%
Activis 1,43%

MESTA LÆKKUN

↓ Hampiðjan -2,99%
Össur -0,63%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 42,50 +1,43% ... Atorka 6,00 - ... Bakkavör 34,20 +0,59% ... Burðarás 14,50 +2,47% ... FL Group 14,70 - ... Flaga 5,00 - ... Íslandsbanki 13,20 +0,38% ... KB banki 537,00 +0,37% ... Kögun 63,20 - ... Landsbankinn 16,50 +0,61% ... Marel 56,00 - ... Og fjarskipti 4,23 - ... Samherji 12,10 - ... Straumur 11,80 +0,85% ... Össur 79,50 -0,63%

*Tölur frá um kl. 15 í gær. Nýjustu tölur á Vísi.

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Wal Mart opnar í Peking

Hætt er við að íslenska viðskiptasendinefndin falli í skuggann á opnun fyrstu Wal Mart-verslunarinnar í Peking. Kínverjar fjölmenntu, enda ekki annað hægt þegar þessi 1,3 milljarða þjóð á í hlut við opnun verslunarinnar, og létu sér vel líka innkomu þessa smásölurisa í verslanafloðuna. Fleiri stórar smásölukæðjur hugsa sér gott til glóðarinnar í Kína. Breska keðjan Tesco, sem hefur átt miklu láni að fagna í heimalandinu, er á fleygiferð að undirbúa framrás á kínverska markaðnum. Tesco er stærsti viðskiptavinur Bakkavarar, sem einmitt hefur verið að byggja upp starfsemi sína í Austurlöndum fjær.

Nóg að gera í Kína

Annars virðist nóg að gera hjá sendinefndinni í Kína. Björgólfur Thor búinn að skrifa undir viljayfirlýsingu um símafjarskipti, Hannes Smárason búinn að leigja Kínverjum þotur. Þá er búið að ganga frá hitaveitusamningi og Össur búinn að setja fótinn inn fyrir dyr Kínveldis. Þá er Sæplast búið að opna skrifstofu í Kína. Næsta skref í útrás Íslendinga í Kína er væntanlega að bjóða þjóðinni upp á námskeið í kínversku. Kínverjar eru 4.500 sinnum fleiri en við og ef innrás íslensks viðskiptalífs á að heppnast verða í það minnsta nokkur hundruð Íslendinga að vera talandi á kínversku.



MARKAÐSFRÉTTIR...

Avöxtunarkrafa íbúðabréfa hefur lækkað undanfarna daga. Fram kemur í Morgunkorni greiningardeildar Íslandsbanka að þetta gerist í kjölfar hækkunar sem varð þegar tilkynnt var um breyttan útreikning Hagstofunnar á vísitölu neysluverðs.

Verðbólga í Bretlandi er nú í sjö ára hámarki, þó er ekki gert ráð fyrir vaxtahækkunum í bráð. Þetta kom fram í fréttabréfi greiningardeildar KB banka.

Hlutabréf í Japan hækkuðu lítillega í gær. Nikkei vísitalan hækkaði um 0,09 prósent.

Vyto Kab hefur sagt sig úr stjórn Flögu.



STJÓRNARFORMAÐUR KYNNA KAUP Hannes Smárason á blaðamannafundi í janúar þar sem kynnt voru kaup á Boeing 737-800 vélum.

Leigir flugvélar til Kína

Fimm þotur í eigu FL Group fara beint í átta ára útleigu til Air China.

FL Group hefur samið við Air China um leigu á fimm Boeing 737-800 vélum til átta ára. Um er að ræða vélar sem FL Group pantaði fyrir skemmstu en þá var því lýst yfir að til greina kæmi að leigja þær út.

Fram kemur í fréttatilkynningu frá félaginu að Icelease ehf., dótturfélag FL Group, hafi undirbúið samningana við Air China en Icelease sér um kaup, sölu og útleigu á flugvélum fyrir hönd samstæðunnar.

„Við kaupin á vélunum fyrr á þessu ári gerðum við áætlanir í samvinnu við japanska flugvéla-leigufyrirtækið Sunrock um að koma vélunum á markað í Asíu og víðar. Það hefur gengið vonum fram,“ er haft eftir Hannesi Smárassyni, stjórnarformanni FL Group, í fréttatilkynningunni.

Vélar fara beint til Kína þegar þær koma úr framleiðslu hjá Boeing-verksmiðjunum í Seattle í Bandaríkjunum, en alls hefur FL Group pantað fimmtán vélar af gerðinni Boeing 737-800. Vélar sem Air China hefur leigt verða afhentar á fyrri hluta næsta árs.

- þk

Fjórtán tilboð bærust í Símann

Aðeins verður litið til verðs við mat á bindandi tilboðum. Óánægja ríkir með yfirlýsingar hóps fjárfesta í fjölmiðlum.

Alls bærust fjórtán óbindandi tilboð í hlutabréf ríkisins í Símann áður en frestur rann út í fyrradag. Samkvæmt upplýsingum frá einkavæðingarnefnd standa 37 fjárfestar að baki tilboðunum, innlendir og erlendir. Nöfn þeirra verða gefin að lokinni yfirferð. Það á ekki að taka lengri tíma en viku.

Þeim fjárfestum sem uppfylla almennar kröfur og skilyrði verður boðið að fá frekari upplýsingar um Símann í gegnum kynningarar, heimsóknir og áreiðanleikakannanir. Á grundvelli þeirra athugana geta aðilar gert bindandi tilboð.

Eins og kom fram í

Markaðinum í gær verður aðeins litið til verðs við mat á bindandi kauptilboðum. Gengið verður til viðræðna við hæstþjóðendur. Ef munur á hæstu boðum verður fimm prósent eða minni verður viðkomandi aðilum gert kleift að senda inn nýtt og herra tilboð. Samdægurs verða þau opnuð í viðurvist bjóðenda og fjölmiðla eins og í fyrra skiptið.

Í gær var send fréttatilkynning á fjölmiðla frá Ólafi Jóhanni Ólafssyni, Almenningsi ehf., Burðarási, Tryggingamiðstöðinni, Talsímafélaginu og KEA þess efnis að þessir aðilar muni standa

saman að tilboði í Símann. Þar er meðal annars upplýst að enginn fjárfestanna muni eiga meira en 35 prósent og selja eigi almenningsi þrjátíu prósent.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins gætir mikillar óánægju með þessa yfirlýsingu meðal annarra bjóðenda og framkvæmdaradila sölunnar. Í því sambandi er bent á ákvæði í trúnaðarsamningi sem segi að væntanlegir bjóðendur megi ekki upplýsa um neina þætti sem snúa að mögulegum kaupum á Símanum. Þetta sé því ekki samkvæmt settum reglum.

bjorgvin@frettabladid.is



RÁÐGJAFAR MORGAN STANLEY Væntanlegir tilboðsgjafar skrifuðu undir samning sem bindur hendur þeirra við upplýsingagjöf til fjölmiðla.



Tæknifræði í Háskólanum í Reykjavík:

KYNNINGARFUNDUR í dag, 19. maí, kl. 17.15 að Ofanleiti 2

„Það sem er best að mínu mati, við það nám sem ég stunda núna, er praktísk tenging við vinnumarkaðinn, víðtæk starfsréttindi að loknu námi og frábær bekkjarstemning.“

Þorvaldur Konráðsson, nemandi í byggingartæknifræði.

Háskólinn í Reykjavík býður framúrskarandi nám í tæknifræði, sem byggir á traustum grunni tæknifræðináms sem kennt hefur verið við Tækniháskóla Íslands.

Full starfsréttindi eftir krefjandi nám í þrjú og hálf ár.

Tækifæri til að halda áfram námi og taka MSC gráðu í tæknifræði eða verkfræði.

Byggingartæknifræðingar starfa við hönnun mannvirkja og stjórnun framkvæmda.

Rafmagnstæknifræðingar starfa við hönnun og smíði raforkukerfa og rafeindabúnaðar, auk eftirlits, þróunar og stjórnunar.

Véltæknifræðingar starfa við hönnun, þróun, eftirlit og stjórnun svo sem við virkjun vatnsorku, jarðvarma og nýtingu vetnis.

Frestur fyrir umsóknir er til 27. maí

Opið fyrir umsóknir núna á www.ru.is



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.ru.is

Stjórn Old Mutual í vanda

Hluthafar efast um að Skandia sé réttur kostur.

SAMANBURÐUR Á KB BANKA, SKANDIA OG OLD MUTUAL

(allar tölur í milljörðum)

Félag	Markaðsvirði
KB banki	355
Old Mutual	560
Skandia	380

Fjármálasérfræðingar eru efins um réttmæti þess að suður-afríska tryggingafélagið Old Mutual kaupi Skandia. Eignastýringarfélagið Jupiter, sem er einn stærsti hluthafinn í Old Mutual með tveggja prósentu hlut, hvatti aðra hluthafa til að mótmæla áformum stjórnar félagsins að bjóða í Skandia. Philip Gibbs, talsmaður Jupiter, telur að staða Jim Sutcliffe, forstjóra Old Mutual, geti verið í hættu ef félagið fer út í yfirtöku í andstöðu við marga hluthafa. Fleiri hluthafar hafa lýst efasemdum sínum um fyrirtælanir fyrirtækisins. Margir telja að Skandia sé of stór biti til að kyngja.

Old Mutual er skráð í kauphöllum fimm landa, þar á meðal þeirri bresku, og er markaðsvirði þess um 560 milljarðar króna. Til samanburðar er virði Skandia um 380 milljarðar króna. Ljóst er að Old Mutual verður að gefa út nýtt hlutafé ef af kaupunum verður og líklega að skuldsetja sig til viðbótar. Þetta myndi verða stærsta yfirtakan í sögu fyrirtækisins en Skandia er næststærsta tryggingafélag Norðurlanda.

- eþa



STÓRIR HLUTHAFAR KB banki á um tíu milljarða hlut í Skandia. Old Mutual hefur lýst yfir áhuga á að yfirtaka Skandia en margir hluthafar eru mótfallnir þeirri hugmynd.



Sólarupprás Hádegi Sólarlag
 REYKJAVÍK 4.00 13.24 22.51
 AKUREYRI 3.23 13.09 22.58
 Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er fimmtudagur 19. maí,
 139. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Við fórum í sæ-
 dýrasafnið sem er
 alveg eins og
 dýragarður nema
 það eru bara fisk-
 ar af því að öll hin
 dýrin drukknuðu.



Smáauglýsingar

byrja í dag á bls. 10

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR
 Á 995 KR.

PÚ GETUR PANTAÐ
 ÞÆR Á visir.is



FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA BRÚÐKAUP
 FJÁRMÁL TILBOÐ o.fl.

allt

tíska o.fl.

Litríkir leðurjakkar áberandi

BLS. 6



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



Guðný í uppáhaldspeysunni og með skóna sem hún klæðist við öll tækifæri.

Músafjölskylda hreiðraði um sig í Afganánunum

Guðný Halldórsdóttir kvikmyndaleikstjóri er nýkomin úr ferð um Snæfellsnes þar sem hún klæddist „mosfellska lúkkinu“ og var þúkalegri en innfæddir. Hún er samt mikið fyrir falleg fót.

„Ég eltist við tísku og hef alltaf gert, kannski af því að pabbi var svo sniðugur að kaupa fót á okkur Siggu systur í útlöndum. Hann var fatafrik og mamma áskrifandi að Vogue svo við höfðum alltaf flott fót fyrir augunum,“ segir Guðný.

„Dags daglega er ég samt ferlega þúkó en jafn gasalega smart þegar ég fer eitt-hvað. Hér í sveitinni er ég mest á klossum, gallabuxum og bol, svo fer maður í úlpu og setur húfu á hausinn og hettu þar utan yfir. Þetta er hið dæmigerða „mosfellska lúkk“. En jú, jú, það er auðvitað alltaf ein og ein fín dama hér innan um.“

Þessa dagana heldur Guðný mest upp á peysur sem hún keypti sér hjá GR, sem er að hennar mati langflottasta búðin í bæ-

um. „Þetta eru tvær peysur með rennilás, önnur rauð og hin svört. Svo má ég ekki gleyma skónum sem ég keypti hjá Hobbs í London í vor. Þeir eru með fylltum hæl og svona dj... smart og þægilegir, þannig að ég get þanist á þeim um allar jarðir. Af hverju er ekki Hobs-verslun á Íslandi? Það eru allar skóbúðir á Íslandi að selja sömu skóna.“

Á unglingsárunum átti Guðný ótal uppáhaldsflíkur og sumar á hún enn. „Þetta eru gamlar hippagætur og Afganinn, hann er æðislegur og ég tími ekki að henda honum þó heil músafjölskylda hafi hreiðrað um sig í honum úti í skúr.“

Guðný er að leita að stað fyrir upptökur á nýrri kvikmynd og var á Snæfellsnesinu um Hvítasunnuna. „Þetta verður eins konar spennumynd sem fjallar um grafalvarleg málefni. Hún á að gerast fyrir 30 árum og fjallar meðal annars um sífjaspell. Það er nokkuð sem grasserar í þjóðfélaginu og verður að uppræta og ég ætla að taka þátt í því átaki fyrir mitt leyti og dætra minna.“

edda@frettabladid.is

LIGGUR Í LOFTINU í ferðum

Söguganga á slóðum Sturlungu verður farin á vegum Ferðafélags Íslands helgina, 27.-29. maí. Farið verður á einkabílum og gist í svefnpokum að Laugum í Sælingsdal. Fararstjóri er Magnús Jónsson.

Burt úr bænum er þjónusta sem Flugfélag Íslands veitir starfsmannafélögum og hópum af öllum stærðum. Hægt er að panta ferðir til allra áfangastaða félagsins innanlands og einnig til Færeyja til að njóta þeirrar fjölbreyttu afþreyingar sem í boði er.

Árleg hjólaferð í Bása verður farin á vegum Útivistar nú á laugardag, 21. maí. Farið verður á eigin bílum að Stóru-Mörk en þaðan verður hjólað, um 25 kílómetra leið. Ferðalangar þurfa bara að muna eftir nesti og viðgæðasettinu.

Gljúfurá á mótum Vestur-og Austur-Húnavatnssýslu er ein af þeim laxveiðiám sem er í útboði fyrir klúbba eða félög. Þar er gert ráð fyrir tveimur stöngum í



senn. Upplýsingar eru veittar í síma 452 4473 hjá Birni. Sumarið er komið og sumrinu fylgir veiði.

Gönguferðir á Íslendingaslóðir í Kaupmannahöfn með sögu-manninum Guðlaugi Arasyni eru farnar frá Ráðhústorginu kl. 13 að staðartíma á sunnudögum, þriðjudögum og miðvikudögum í sumar. Þær taka um það bil tvo tíma. Það er Íslands Center sem stendur fyrir þeim. Verðið er 100 dkr. á mann en börn 12 ára og yngri fljóta frítt með.

ferdir@frettabladid.is

TILBOÐ

Empress Queen size dýna

Frábær dýna sem veitir góðan stuðning

Listaverð kr. 94.900

Tilboðsverð kr. 75.900 stgr.

Innifalið í verði dýna, boxdýna og undirstöður

LÍNAN

H Ú S G Ö G N

SUÐURLANDSBRAUT 22 • SÍMI 553 7100 • www.linan.is



Sumarblóm

Sumarblómin er vel hægt að hafa í glugga eða á borðum inni í stofu. Mestu skiptir þá að þau fái næga birtu og góða vökvun svo þau þorni ekki upp. Þegar gesti ber að garði er hægt að setja þau út fyrir hurð þar sem þau taka vel á móti fólkinu.



Allt fyrir útskriftina

BLÓMÁLFURINN
Vesturgötu 4 sími 562 2707
Íslandsmeistari í blómálfurum

Góður afsláttur á kaffiboðsdögum í maí. Sendum í póstkröfu.

AMMA RUTH
Skipasund 82, 104 Reykjavík - S. 552 - 6255
Opíð virka daga 14-18 • www.ammaruth.is

Íslensk list er góð gjöf

Galleri
ICELAND GIFTSTORE
RAMMAGERÐIN
Hafnarstræti 19
S. 551-1122

ÚTIARNAR ÚR POTTJÁRNI

Hæð 85 cm - br. 40 cm **Kr. 18.500.-**
Hæð 113 cm - br. 45 cm **Kr. 25.700.-**

Arinbúðin
Stórhöfða 17 v/Gullinbrú (fyrir neðan húsið) • Sími 567 2133 • www.arinn.is

Barnasængur, barnasett

Fafabúðin
Skólavörðung 21 Sími 551 4050 Reykjavík

12 manna hnífaparasett m / fylgihlutum.
Verð áður kr. 19.900 • Nú aðeins kr. 12.900

DUKA
Kringlunni - sími : 533 1322

Vorvörur í úrvali fyrir sumarþustaðinn og garðinn.

Óvissuferðir fyrir hópa
Viltu koma í keramik eða glerbræðslu?
Erum með umboðsmenn á landsbyggðinni.
Opíð alla virka daga!

Listasmiðjan Keramik og glergallerý • Kothúsum, Garði, s. 422 79 35.

Broste baðvörur.
Sápuþúpa á 1.590 kr.
Tannburstaglas á 980 kr.
Skál á 690 kr.

Teketill frá Broste á 1.390 kr.
Skálar frá Broste frá 780 kr.

Fallegar vörur frá í húsinu. Leonardo-isskál á 1.050 kr. Leonardo-glas á 940 kr. Kertastjaki á 1.990 kr. Ólífu-bakki á 1.490 kr.

Glervörur frá Broste. Diskur á 1.745 kr. Stærri skál á 1.475 kr. Minni skál á 975 kr.

Diskamottur frá Broste frá kr. 480 kr.

Græna heimilisbyltingin

Vinsældir græna litarins virðast ekki dala.

Litir skipta miklu máli í umhverfi okkar og hafa áhrif á líðan okkar og upplifun. Grænn er litur náttúrunnar og er núna allsráðandi í heimilislífskunnunni, hvort sem það eru kerti eða veggmalning sem eiga í hlut. Hann táknar grósku, ferskleika og frjósemi, en er einnig táknrænn fyrir peninga og velmegun. Grænn er einn besti liturinn fyrir augað þar sem hann er græðandi fyrir sálina og er talið að hann geti bætt sjónina. Liturinn er einnig sterklega tengdur við öryggi og heilsu og er hann ríkjandi í apótekum og á sjúkrahúsum, auk þess sem hann er notaður til að markaðssetja umhverfisvænar vörur. Öllum ætti að líða vel með græna hluti á heimilinu og veita þeir heimilisfólkinu öryggistilfinningu.

Grænn munir frá Blómastofu Friðfinns.
SIA stór blómavasi á 9.450 kr.
SIA minni blómavasi á 4.290 kr.
Hár SIA blómavasi á 2.590 kr.
Kerti og servíettur á 800 kr.

Skrifstofuhúsgögn

Hirzlan
Smíðsbúð 6 Garðabæ Sími 564 5040

» FASTUR
birta
» PUNKTUR

KOKOS-SISAL TEPPI

Falleg - sterk - náttúruleg
Verð frá kr. 2.840,- pr. m²

Siðurlandsstræt 10
Sími 533 5800
www.sinnet.is/hstrond

STRÖND
ENF.



FRETTLABÍD/GVA

Amerísk rúm með evrópsku ívafi

Betra bak í Faxafeni hefur látið hanna nýtt útlit á amerísku rúmin. Þar fara saman gæði og nútímaleg hönnun.

„Amerísku dýnurnar eru gríðarlega góðar og því höldum við í þær en fengum franskan hönnuð til að hanna fyrir okkur botna og gafla úr flottum efnum,“ segir Egill Reynisson hjá Betra baki og heldur áfram: „Svo er verksmiðja í Hollandi sem framleiðir þetta fyrir okkur, bæði smíðar og bólstrar og það í fínustu sófalitunum. Bæði erum við með beisliða og hvítt trefjaefni og svo brúnt leður. Botn og gafl í stíl.“ Egill segir þessa nýju útfærslu hafa svínvirkað; ekki bara á nýjum rúmunum heldur kaup margir botn og gafl og fríski þannig upp á útlitið á


rúminu sínu þótt dýnunum sé haldið. „Okkur fannst þessi ameríska útfærsla á rúmunum vera orðin svolítið lúin enda hefur hún verið óbreytt síðustu 10-15 árin, frá því rúmin komu hér á markað,“ segir Egill og á þar við botn, stálgrind og pífulak. Hann segir ekki nóg að setja bara gafl á ameríska rúmið. „Þá er pífuðótið eftir og þeir sem eru orðnir þreyttir á því skipta og fá líka nýjan botn og fjórar massífar viðarlappir. Það er nútímaleg hönnun í takt við tímann,“ segir hann og upplýsir í lokin að nýtt sett af botnum og göflum kosti 60-70 þúsund.

ÓDÝRAR GÆÐA ÞAK-SKRÚFUR



- Ál
- Ryðfriar
- Galvaniseraðar
- Heitgalvaniseraðar

Söðulskinnur í úrvali



ÁLTAK

Stórhöfða 33
Sími: 577 4100

Grilltilboð!

Esja kjötvinnsla býður einstaklingum, starfsmannafélögum og fyrirtækjum upp á gómsætan grillmat á mjög hagstæðu verði.

Föst verðtilboð fyrir lágmark 15 manns.

Allt meðlæti, diskar, hnífapör og glös fylgja með.

Verð frá **798 kr.** á mann



ESJA

Dugguvogi 8, 104 Reykjavík.
Sími 567 6640 Fax 567 6614

Kjötvinnsla www.esja.is

Blast chaiselounge
Verð: 93.900 kr.
design
Busk og Hertzog



local

Skeifan 3A – 108 Reykjavík
Sími: 517 3600
Fax: 517 3604 – mylogo@mmedia.is

Fjölnota verkfæri
Ótrúlega fjölhæf vél

Vél til að saga, skera, slípa, raspja, hreinsa fúr og fleira

Skurbahnar fyrir kitt, skera úr rúður. Slípa með sandpappi. Skotur. Sagariði til að saga jlm.

RAFVER HF
Verkfæri fyrir lánbarmenn

SKEIFAN 3E-F - 108 REYKJAVÍK
SÍMI 581 2333 / 581 2415
RAFVERHFVER.IS - WWW.RAFVER.IS

SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORÐUR

Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum. Eining sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett. Við eigum líka fægiliög, fægikliða og ídýfulög til að hreinsa.

SENDUM Í PÓSTKRÖFU.

Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.

SUMAR TILBOÐ!

Allt að **40% afsláttur**

BAÐ
innréttingar

INNRETTINGAR & TÆKI

www.i-t.is

KYNNTU ÞÉR ÚRVALIÐ Á NETINU

OPID: Virka daga frá kl. 09-18 Laugardaga kl. 10 - 14
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is




Kynning í Melhaga
Nº7
Afsláttur allan daginn! 19. maí
Lyf & heilsa Melhaga

Bikini
sundbolir strandtöskur strandpils og sandalar

Sjáumst!
COS s. 588-5575, Glæsibær




LEÐURIDJAN ehf.
Brautarholti 4
Opíð mán-fös 10-18
www.atson.is

Glæsilegur fatnaður fyrir barnshafandi konur

Upplýsingar um opnunartíma á www.thyme.is Velkomin!
Thymematernity
Verzlun fyrir barnshafandi konur
Hlíðasmára 17, s. 575-4500
Sendum í póstkröfu um allt land.
Opíð mánudaga til föstudaga frá kl. 11-18
Laugardaga frá kl. 11-16
www.thyme.is



Sumartilboð
30% afsláttur af öllum jökkum.
Gallabuxur frá 1.990
Kúrekastígvél 4.990

GUTZ
LAUGAVEGI 72 • S: 551 1100

TÍSKUVERSLUNIN Smort

Kvennfatnaður og skór, fyrir konur á öllum aldri.

Ármúla 15
Grimsbær Busataðavegi
Sími 588 8050, 588 8488
E-mail: Smartgina@simnet.is



75.990 kr. Kúltúr

63.990 kr. Kúltúr

49.990 kr. Kúltúr

Litlir leðurjakkar eru áberandi

Flottir leðurjakkar fást víða og eru oftast ágæt fjárfesting.

„Litli svartí jakkinn“ er eins og „Litli svartí kjöllinn“, eitt af því sem afar nýtilegt er að eiga í fataskápnum sínum. Nú hefur litla jakkatískan teygta arma sína víðar og leðrið er orðið áberandi. Svart er kannski ekki alveg liturinn yfir sumarmánuðina en á litlum jakka og ekki síst leðurjakka er það fyrirgefíð. Annars er brúni liturinn sá sem er mest áberandi um þessar mundir í litlu leðurjökkkunum og einnig sést ljósi liturinn víða. Það er hægt að finna flotta leðurjakka í mörgum tískuvörverslunum og þó þeir séu í dýrari kantinum þá er leðurjakki yfirleitt góð fjárfesting því hann er klassísk flík sem stentst vel tímans tönn.

kr. 59.990 Kúltúr

kr. 19.990 Gallerí Sautján



belladonna

Hlíðasmára 11 • Kópavogi • sími 517 6460 • www.belladonna.is

Aðeins í dag 25% afsláttur af öllum vörum frá

NO SECRET
og
Mona Lisa
intecchie

Vertu þú sjálf – vertu Bella donna

Opíð mán-fös 11-18
laugardaga 12-16



Útskriftargjafir.

Glæsilegt úrval skartgripa.

LÁRA
GULLSMÍÐUR

SKÓLAVÖRDUSTÍG 10
sími 561 1300





Náttúrulegir og glansandi

NÝIR KINNALITIR FRÁ MAC í sumar kynni MAC tvo nýja og fallega kinnalíti í takmörkuðu upplagi. Þetta eru tvítóna kinnalítir, annars vegar í bleiku og hins vegar í brúnu. Sá brúni er mattur og gefur náttúrulegt útlit en sá bleiki er glansandi og glitrandi. Í þeim mæstast áherslan á fördun í sum- ar, sem er náttúrulegt og glansandi út- lit þar sem húðin lítur út fyrir að vera örllítið sólbrún með glitrandi áferð.



Náttúrulegur þokki

GLITRANDI OG FRÍSKLEG SUMARLÍNA. Sumarlínan frá N7 er náttúruleg og glitrandi. Hún inniheldur meik og hylj- ara sem gefa áferð gallalausrar húðar, bleikan og frísklegan kinnalít sem fer- ur sumarlegan gljáa og skemmtileg augnskuggabox með fjórum glitrandi litum. Auk þess er að finna augn- skugga, maskara og glitrandi bleikan gloss sem allt er nýtt til að draga fram náttúrulegt og sumarlegt útlit. Sumar- lína N7 undirstrikar áherslunar í sum- arförduninni sem er náttúruleg, glitr- andi og frískleg.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

SUMAR 2005



Klútur 1.420,- Jakkapeysa 4.480,-
Belti 1.780,- Pils 4.480,-
Skór 3.220,-

BON'APARTE

VÖRUR, NÝ SENDING
GLÆSILEGT ÚRVAL

Nánar á netsíðu:
www.svanni.is

SENDUM LISTA ÚT Á LAND
SÍMI 567 3718



Úr háborg tískunnar
BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

Stjörnur, sól og sandur í Cannes

Fimmtugasta og áttunda alþjóða- kvikmyndahátíðin stendur nú yfir í Cannes í Suður-Fraklandi. Um leið og þetta er stærsta kvik- myndaveisla í Evrópu er hátíðin mikil tískuveisla. La Crosette er aðal tískugatan í Cannes á móti ströndinni þar sem smástirnir baða sig enn í dag fyrir ljós- myndara. En hátíðin á sér að- draganda bæði fyrir stjórnurnar og tískuhúsin því hver og ein dama þarf að velja kjól sem er einstakur. Ef samböndin eru góð getur hún fengið fötin lánuð eða gefins en ef hún vill eða kann ekki að nota áhrif sín kaupir hún dressið. Oftast fara þessar þreif- ingar í gegnum blaðaskrifstof- urnar hjá tískuhúsunum. Þær sjá um hvað fer í blöðin og um leið hvað á að gefa frægu fólki til að komast í blöðin sem svarar kostnaði sem auglýsing.

Monica Bellucci var kynnrir á opnunarkvöldi Cannes-hátíðar- innar 2003. Hún kom sjálf í búð- ina þar sem ég vann í leit að skóm og dró upp kortið sitt, sem hún gerði í hvert sinn er hún kom til okkar. Emmanuelle Seigner leikkona (kona Roman Polanski, lék á móti Catherine Deneuve í „Place Vendôme“) var í upp- haldi hjá Tom Ford. Hún fékk hreinlega sölumenn heim til að velja eða kom í fylgd blaðafull- trúans sjálf. Sjálfsgagt hefur ekk- ert verið borgað af því sem hún

fékk. Önnur smástjarna sem kannski enginn þekkir á Fróni, Amira Casal, hafði miklar áhyggjur af því að ég vissi ekki hver hún væri, endurtók þrisvar nafnið sitt, hafði sérstakt sam- band við blaðafulltrúann og fékk því eitt og annað. En bak við stjörnutælana var ósköp vina- leg en óörugg stúlka sem varð óskaplega hrifin af mér þegar hún vissi að ég væri Íslendingur og sagði að íslenskar konur væru víst svo unglegar af því að þær drykkju lýsi alla daga (sjálfsgagt milli vokdasjússana!).

Á miðvikudagskvöld í síðustu viku í Cannes voru bæði stóru tískuhúsin í sviðsljósinu eins og minni spámenn. Catherine Deneuve, ein frægasta leikkona Frakka á alþjóðamælikvarða og mótleikari Bjarkar í „Dancer in the Dark“, var í fjólubláum Yves Saint Laurent kjól úr næstu vetr- arlínu. Deneuve hlaut einmitt gullpálmann að þessu sinni fyrir ævistarf sitt. Carole Bouquet valdi ljósgrænan síðan frakka með útsaumi frá Prada en hún var áður andlit Chanel-tískuhús- ins og James Bond-stúlka. Charlotte Gainsbourg, dóttir Serge Gainsbourg og Jane Birkin, var í svörtum kjól með fjöð- um frá Balenciaca. En Salma Hayek stal senunni í svarta og eggaldinbláa kjólum, hún var kynþokkafyllst allra.

Sumarlínan 2005
Glæsilegt úrval af bikiníum
Ný sending komin.

CHANGE
SMÁRALIND
Sími 517 7007

Gerum göt í eyru með Blomdahl húðvinsamlegum skartgripum!

Fyrir börn er valið 0 % Nikkel
Einnig höfum við silfur titanium,
gull titanium og natural titanium

Öruggara getur það ekki verið,
hannað í samvinnu við
húðsjúkdómalækna.

Eftirtaldir aðilar nota BLOMDAHL MEDICAL BEAUTY SYSTEM
Brúskur Höfðabakka, Didrik Spa Faxafeni, Gullsmiðja Óla Smáralind, Hársnyrtistofan Pílus Mosfellsbæ,
Meba Rhodium Smáralind, Rhodium Kringlunni, Meba úra og skartgripaverslun Kringlunni, Ósæð
Hverfisgötu, Snyrtistofan Greifnjan Árbæ, Snyrtistofan Mist Grafarvogi, Lipurtá Setbergi, Hárhús Kötlu
Akranesi, Naglasnyrtistofa Sigu Ólafsvík, Georg Hannah Keflavík, Snyrtistofan Ytur Hvolsvelli, Lyfja
Patreksfirði, Apótek vestmannaeyja, Snyrtistofan Norðurljósum Raufarhöfn.

Kínaskór! Tilboð

**EITT PAR KR. 1290-
TVÖ PÖR KR. 2000-**

Litir: rauðir, bleikir, túrkis,
orange, grænir, svartir og
hvítir.
Einnig mikið úrval af
skóm með kínamunstri
Ný sending af blóma-
skóm kr. 990-
Barna- og dömstærðir

SKARTHÚSIÐ
Laugavegi 12, s. 562 2466

Sendum í póströfu

ÚTSKRIFTARGJAFIR

FESTINA

Falleg og vönduð
Festina úr.
Ný spennandi
módel.

GULL-ÖRID
Axel Eiríksson
Úrsmíðamestarar
Atlabakka 16
sími 587 4100
MJÖDDINNI

Sumarsprengja

20% afsláttur
af öllum vörum

DOREMI

Glerártorgi • Sími 461 4906

tilboðin gilda fimmtudag-sunnadag

Sólgleraugu

Fjöldi
lita

Verð
989.-

4 dot....

Laugavegi 100, S. 561 9444

Hagkaupum Smáralind • Hagkaupum Kringlunni

Úrval giftingahringa

BRILLIANT

Laugavegi 49 - 551 7742 | Kringlunni - 588 9944 | Smáralind - 564 4120 | www.brilliant.is



Flottir toppar

Bankastræti 11 551-3930

FLEX
boutique



Flott í sumar
Ný tæki - Betra verð!

VERD-LÆKKUN

SLENDERTONE **MAX** 12.900.- kr.
SLENDERTONE **FLEX** 17.900.- kr.

allt fyrir kroppinn

HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

salon ritz
Fyrir Eurovision partýið

Fake Baker áhrifur brúknemeðferðir. Fallegi, djúpi, dekkil og endfengabætti ísmátturfrón sem Madonna, Britney Spears og / La nois.

salon ritz LAUGAVEGI 66 | 5522460



Lopapeysur
Stuttar, þröngar með rennilás

Handprjónasamband Íslands
Skólavörðustíg 19 • Sími: 552 1890
www.handknit.is

SNYRTISTOFAN
HELENA FAGRA

FAGMENNSKA Í 11 ÁR
BRÚN(N) Á 15 MÍNÚTUM
BÓKAÐU NÚNA Í SÍMA 561 3060

BRÚÐKAUP ÚTSKRIFT GOTT SKAP

S. 561 3060
LAUGAVEGI 163



Full búð af flottum sumarfatnaði. Frábær verð.

CHA*CHA
Tískuvörverslun
Glæsibæ
Sími 588 4848

DU PAREIL... au même

Laugavegi og Kringlunni



ZARA: Hvítur jakki á 4.995 kr. Pils á 1.995 kr. Hlýrabolur á 1.895 kr. Skór á 2.995 kr.



TOPSHOP: Bikini á 3.990 kr. Hálsmen á 1.490 kr. Toppur á 2.690 kr. Pils á 5.990 kr. Belti á 2.490 kr.



DEBENHAMS: ESPRIT bolur á 4.490 kr. PILGRIM sólgleraugu á 9.990 kr. ESPRIT gallapils á 7.990 kr. Bertie skór á 7.990 kr.

DEBENHAMS: Matthew Williams Butterfly mussa á 6.990 kr. Matthew Williams Butterfly buxur á 6.990 kr. Nine West skór á 7.990 kr.



ZARA: Jakki á 5.995 kr. Bleikt pils á 2.995 kr. Gul mussa á 1.995 kr. Græn jakkapeysa á 1.895 kr. Grænn klútur á 2.295 kr. Skór á 4.995 kr.

ISIS: Toppur á 5.990 kr. Armband á 1.490 kr. Gullbelti á 2.500 kr. Belti með sylgu á 1.990 kr. Pils á 5.990 kr.

Litrík og létt sumarföt

Sumartískan ber með sér keim framandi heima og gætir áhrifa frá Afríku og Austurlöndum nær.

Sumartískan er vægast sagt sumarleg. Litirnir eru sterkir og dansandi í fallegu mynstri sem er hippalegt og einnig gætir áhrifa frá Afríku og Austurlöndum nær. Mikið er um pils, pífur og mussur og fylgihlutirnir eru stórir og grófir. Beltin eru mikil í brúnum og gylltum litum og armbönd, eyrnalokkar og hálsfestar eru stórar og miklar. Málíð er að hugsa stórt og hafa töskurnar líka stórar úr leðri. Skórnir eru hinsvegar smáir með flötum hæl eða lágum hæl í fallegum litum og skreyttir með palliétum og steinum. Þó að pilsin séu allsráðandi

eru buxurnar ekki langt undan en þær eru þá kvartbuxur, annaðhvort gallabuxur eða úr léttum efnum í jarðlitum. Mikið er um hvíta jakka og blússur utan yfir litríka og skrautlega bolu og eru gallapilsin sígild og vinsæl sumarflík sem heldur velli.

TOPSHOP: Taska á 5.990 kr. Pils á 5.490 kr. Bolur á 1.690 kr. Peysa á 4.490 kr. Skór á 3.990 kr. Hálsmen á 1.090 kr.




GLÆSILEGUR SUMARFATNAÐUR

Gætturinn
Tískuverslun
Rauðarárstíg 1, sími 561-5077

Trúlofunar hringar



Jon & Óskor

Laugavegi 61 • Sími 552 4910
www.jonogoskar.is

úrval • gæði • góð verð



SUÐURLAND


[UPPGANGUR Í ÖLLUM SVEITARFÉLÖGUM]

*Nýtt nafn á landakort
Suðurstrandarkort
Bls. 4*

*Ferðalög eru skammtímaneysluvara
Nútímaferðamáti
Bls. 6*

*Fjör í Flóanum
Kynningarhátíð
Bls. 12*


*Pompeii norðursins
Uppgröftur í Eyjum
Bls. 14*



VOR Í ÁRBORG 

The text "VOR Í ÁRBORG" is written in a green, serif font. A decorative green wavy line underlines the text, starting from the left and ending with a small bird icon on the right.





MENNINGARHÁTÍÐ

19.–22. MAÍ 2005



Sveitarfélagið
ÁRBORG



Breyta nafni á LANDAKORTI

Ferðamálasamtök á Suðurlandi, Suðurstrandarhópurinn, vinna nú að endurgerð korts sem kallað var Lágsveitarkort. Nafn kortsins er talið fremur hallærislegt og nýja landakortið gengur undir nýju nafni, Suðurstrandarkort, þó að það sé af sama svæði.

„Varla er hægt að segja að mikið hafi verið gert fyrir ferðamenn í Þorlákshöfn. Að vísu er tjaldsvæðið hérna mjög huggulegt og góð aðstaða fyrir ferðamenn en í sumar verður aðstaðan bætt enn frekar. Einnig má geta þeirrar vinnu sem ferðamálasamtök á Suðurlandi leggja í endurgerð landakorts sem fær nýtt nafn,“ segir Barbara Guðnadóttir, menningarfulltrúi Ölfuss.

„Á Suðurstrandarkortinu hafa stígar verið merktir og göngu- stígakort er í bígerð. Það er

margar finar gönguleiðir að finna hérna í Ölfusinu. Við setjum upp sýningu í Ráðhúsi staðarins með uppstoppuðum fiskum á næstu dögum og þar getur m.a. að líta tunglfiskinn sem veiddist hérna í höfninni í haust. Hann er tveggja metra langur og hár og verður til sýnis í sérstöku glerhýsi. Einnig má geta þess að við erum mjög stolt af golfvöllinum okkar, sem er 18 holu. Hann er byggður á sandi, þ.e.a.s. grasið á golfvöllinum er sáð á sand sem gerir hann mjúkan og vinsælan meðal golfþókenda. Golfvöllurinn er á hægri hönd rétt áður en komið er inn í bæinn.

Geta má þess að í Þorlákshöfn eru jafnan haldnir Hafnardagar á sumri hverju og í ár verða Hafnardagarnir helgina eftir verslunarmannahelgina. Sjómannadagurinn verður einnig stór viðburður hjá okkur þegar að honum kemur.“



Barbra Guðnadóttir, menningarfulltrúi Ölfuss á Þorlákshöfn, er hér með veglegan krabba sem verður meðal sýningargripa í ráðhúsi staðarins.



Grimur Hergeirsson, verkefnisstjóri Árborgar, hefur tekið eftir því að íbúar höfuðborgarinnar sækja í auknum mæli í lóðir á Selfossi.

Nýtur nálægðarinnar við höfuðborgina

Í Árborg er mikil fjölsfjölgun, uppbygging og eftirspurn eftir lóðum. Lóðaverð hefur hækkað, þó að lóðir séu ekki jafn dýrar og á höfuðborgarsvæðinu.

„Hér er eitt mesta uppgangssvæðið á landsbyggðinni. Í síðasta mánuði var 50 lóðum úthlutað á Selfossi og voru umsóknir um 5.000 talsins,“ segir Grimur Hergeirsson, verkefnisstjóri Árborgar með staðsetningu á Selfossi.

„Fólk sem flytur hingað kemur að stórum hluta af höfuðborgarsvæðinu og vilja margir meina að hér sé afslappað andrúmsloft og barnvænna umhverfi. Lengi vel voru ekki neindir bíðlistar á leikskóla hér, en þessi öra fjölgun

undanfarið hefur gert það að verkum að einhverjir bíðlistar hafa myndast.

Það er mikil vinna að halda í við fjölgunina. Við hérna í Árborg, á Selfossi og í Hveragerði, lítum hálfpartinn á okkur sem höfuðborgarbúa eða sem jaðaribúa höfuðborgarinnar. Það er ekki nema hálf tíma keyrsla til höfuðborgarinnar, enda er alltaf að færost í vöxt að fólk sem sækir vinnu í höfuðborginni kjósi að búa á einhverjum þéttbýlisstaða Árborgar. Þeir sem keyra

þarna á milli á hverjum degi skipta orðið hundruðum. Það er því að vonum mikið hagsmunamál fyrir okkur að umferðarmálin séu í góðum farvegi.“

Grimur segir að á Selfossi sé blómlegt mannlíf og íbúar bæjarins njóti óneitanlega nálægðarinnar við höfuðborgina. „Þó er hægt að sækja hingað mestalla þjónustu. Íbúar á Selfossi þurfa til dæmis ekki lengur að fara í bíó í höfuðborginni, því bíó var opnað hér í nýrri viðbyggingu hótelsins fyrir skömmu.

Segja má að Árborgin sé mjög miðsvæðis, hér eru um 5.000 sumarbústaðir í næsta nágrenni. Fólk er alltaf að lengja iveru sína í þeim og dvelur í mörgum tilfellum flestar helgar ársins. Það er því dulin búseta hér allt í kring og mikil þjónusta við sumarbústaðina. Gestir sumarbústaðanna sækja hingað í verslanir, sund og alls konar afþreyingu. Gullni hringurinn er hér í næsta nágrenni við okkur og við njótum þess óneitanlega í allri þjónustu. Síðan er straumur ferðamanna alltaf að aukast hér í lágsveitir Árnessýslu og þegar margumtalaður Suðurstrandarvegur kemur á þjónusta okkar eflaust enn eftir að aukast,“ segir Grimur.



Mikill uppgangur er á Selfossi.

Framleiðsla plantna á fjórðu milljón

„Við erum að rækta rétt undir eina milljón plantna fyrir Vestlendinga, Sunnlendinga og fleiri. Hér eru skógarplöntur áberandi, einar fimm tegundir af greni, 3-4 tegundir af furu, birki, lerki, víðir og reynir,“ segir Hólmfríður Geirsdóttir, annar eigenda á Garðyrkjustöðinni Kvistum í Aratungu.

„Ræktun okkar er í landshlutabundnu verkefni skógarbænda. Við fluttum hingað árið 2000 en byrjuðum ræktina 1999. Frá því að við byrjuðum hafa farið að meðaltali 6-700 þúsund plöntur á ári og því hafa farið héðan um það bil 3,5 milljónir plantna.“

Hólmfríður Geirsdóttir og Steinar Jensen hafa verið afkastamikil í ræktun plantna fyrir Vestlendinga og Sunnlendinga.



Sumarhúsaæigendur!
Höfum til sölu m.a.:

- Girðingarefni
- Áburð
- Fræ
- Skeljasand

Leitum alltaf langt eftir ákveðnu

BÚADFÖNG
Bú.ís ehf. • Stórolfsvöllur • 861 Hvolsvöllur
Sími 487 8888 • Fax 487 8889

Öflug undir einu merki

- Hveragerði
- Þorlákshöfn
- Selfoss
- Laugarás
- Hella
- Hvolsvöllur
- Vík
- Kirkjubæjarklaustur



Heilbrigðisstofnun
Suðurlands

DAGSKRÁ MENNINGARHÁTÍÐARINNAR VOR Í ÁRBORG 19.TIL 22. MAÍ

Fimmtudagur 19. maí 2005

20.00 **Hátíðartónleikar**
Menningar salurinn, Lista- og menningarhúsið, Hafnargötu 9, Stokkseyri.

Föstudagur 20. maí 2005

10.00 **Barnaleikrit - Landið Vifra**
Íða, Íþróttahús Fjölbrotaskóla Suðurlands, Tryggvagötu, Selfossi.

10.00 **Opnun Töfragarðsins, fjölskyldu- og skemmtigarðs**
Aðkoma frá götunni Stjörusteinum, Stokkseyri.

13.00-18.00 **Opið hús í leikskólanum Árbæ**
Fossvégi 1, Selfossi.

13.00 **Barnaleikrit - Landið Vifra**
Lista- og menningarhúsið, Hafnargötu 9, Stokkseyri.

14.00-16.00 **Davíð Smári og Hörpukórinn**
KB banki, Austurvegi 10, Selfossi.

14.00-16.00 **Handverkssýning eldri borgara**
Grænumörk 5, Selfossi.

17.00 **Gluggasýning á verkum Sonju Elidóttur**
Alvörubúðin, Eyravegi 3, Selfossi. Opnun sýningar.

17.30 **Vortónleikar kórs Vallaskóla**
Vallaskóli austurnými, Sólvöllum, Selfossi.

18.00 **Þegar ég var litill - Vatnslitamyndir eftir Jóhann Briem**
Byggðasafn Árnesinga, Húsið, Eyrarbakka.

18.00 **Fuglar og fólk - Verk eftir Halldór Einarsson frá Brandshúsum**
Sýning úr safnkosti Listasafns Árnesinga í Eggjaskúrum við Húsið á Eyrarbakka.

18.00 **Nýtt líf - Kvikmyndahátíð**
Selfossbló, Selfossi. Aðgangur kr. 400.

20.00 **Selfoss, Selfyssingar og aðrir Sunnlendingar í svarthvítu**
Tryggvaskáli, Selfossi.

20.00 **Sódóma Reykjavík - Kvikmyndahátíð**
Selfossbló, Selfossi. Aðgangur kr. 400.

21.00 **Vodkakúrinn — leiksýning**
Hótel Selfoss, Selfossi. Aðgangur kr. 2.600.

21.00 **Tónleikar Stefáns Hilmarssonar og Eyjólf Kristjánssonar**
Selfosskirkja, Selfossi. Aðgangur kr. 1500.

21.00 **Dúettinn Sessý og Sjonni**
Rauða húsinu, Miklagarði, Búðarstíg 4, Eyrarbakka.

22.00 **Rokk í Reykjavík - Kvikmyndahátíð**
Selfossbló, Selfossi. Aðgangur kr. 400.

23.00-03.00 **Hljómsveitin Karma - dansleikur**
Pakkhúsið, Selfossi.

Laugardagur 21. maí 2005

10.00-16.00 **Ritsmiðja**
Fundarsalur Ráðhúss Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi.

10.00-13.00 **Flugmódelssýning**
Eyrarbakkaflugvöllur, ekið um Merksteinsvelli frá barnaskóla til austurs.

10.00-17.00 **Golf-akademia Golfklúbbs Selfoss**
Svarthólvöllur, við Selfoss.

10.00-16.00 **Veiðidagur fjölskyldunnar við Óseyrarnes**
Á veiðisvæði björgunarsveitarinnar Þjargar á Eyrarbakka, austan megin Ólfusár.

10.00 **Hjól og hjálmur**
Húsnæði Björgunarfélags Árborgar, Austurvegi 54, Selfossi.

10.00-16.00 **Sundlaug Stokkseyrar**
Eyrarbraut, Stokkseyri. - Fritt í sund.

10.00-20.00 **Sundhöll Selfoss**
Bankavegi, Selfossi. - Fritt í sund.

10.30-15.00 **Fimleikafjör - Minningarmót**
Íþróttahúsið við Sólvelli, Selfossi.

11.00-14.00 **Opið hús í leikskólunum Glaðheimum og Ásheimum**
Glaðheimar, Tryggvagötu 36, Ásheimar, Austurvegi 36, Selfossi.

11:00-14:00 **Opið hús og skógarferðir í leikskólanum Álftheimum**
Sólvöllum 6, Selfossi

13.00 **Labbað milli leiða**
Kirkjugarðinn á Eyrarbakka.

13.00-17.00 **Opið hús hjá orgelsmiðnum Björgvin Tómassyni**
Lista- og menningarhúsið, Hafnargötu 9, Stokkseyri.

13.30-16.00 **Orkuboltinn - vítakeppni í handbolta**
Sigtúnsgarðinum, Selfossi.

14.00 **Nýtt líf - Kvikmyndahátíð Árborgar**
Selfossbló, Selfossi. Aðgangur kr. 400.

14.00 **Flotið og Jörustökk - skruðganga**
Gengið frá Sigtúnsgarðinum á Selfossi að Árvegi.

14.00 **Opnun Listaskálanum á Stokkseyri Sjófn Har vinnustofa**
Listaskálinn, Hafnargötu 6, Stokkseyri.

14.00 **Opnun á myndlistarsýningu Brynju Árnadóttur**
Kaffisetur, Lista- og menningarhúsið, Hafnargötu 9, Stokkseyri.

14.30-18.00 **Útitónleikar - Unglingahljómssveitir**
Sigtúnsgarður, Selfossi.

15.00 **Hljómsveitirnar Astara, Death by Water og Brimrót troða upp**
Lista- og menningarhúsinu, Hafnargötu 9, Stokkseyri.

16.00 **Dalalíf - Kvikmyndahátíð Árborgar**
Selfossbló, Selfossi. Aðgangur kr. 400.

17.00 **Tónleikar - Samsöngur kóra eldri borgara af Suðvesturlandi**
Hátíðarsalur Fjölbrotaskóla Suðurlands, Tryggvagötu, Selfossi.

18.00 **Með allt á hreinu - Kvikmyndahátíð**
Selfossbló, Selfossi. Aðgangur kr. 400.

20.00 **Í takt við tímann - Kvikmyndahátíð**
Selfossbló, Selfossi. Aðgangur kr. 400.

21.00 **Dúettinn Sessý og Sjonni**
Rauða húsinu, Miklagarði, Búðarstíg 4, Eyrarbakka.

21.00 **Tangosveit Lýðveldisins - Tangókvöld**
Lista- og menningarhúsið, Hafnargötu 9, Stokkseyri.

22.00 **Rokk í Reykjavík - Kvikmyndahátíð**
Selfossbló, Selfossi. Aðgangur kr. 400.

23.00-03.00 **Hljómsveitin Karma - dansleikur**
Pakkhúsið, Selfossi.

Sunnudagur 22. maí 2005

10.00-17.00 **Golf-akademia Golfklúbbs Selfoss**
Svarthólvöllur, við Selfoss.

11.00 **Brúðuleikhúsmessa fyrir alla fjölskylduna**
Selfosskirkja.

13.00 **Stokkseyri bernsku minnar**
Lagt upp frá Shellskálanum á Stokkseyri.

14.00 **Örnefnaganga í fylgd Páls Lýðssonar**
Gengið meðfram Ólfusá frá enda Selfossflugvallar að Skiphöli.

14.00 **Dalalíf - Kvikmyndahátíð**
Selfossbló, Selfossi. Aðgangur kr. 400.

14.00 **Léttsveitin undir stjórn Jóhönnu Þórhalls dóttur ásamt Tómasi R. Einarssyni**
Lista- og menningarhúsið, Hafnargötu 9, Stokkseyri.

15.30 **Dúettinn Sessý og Sjonni**
Rauða húsinu, Miklagarði, Búðarstíg 4, Eyrarbakka.

16.00 **Eyrarbakki bernsku minnar**
Lagt af stað frá Rafveituminnimerki við Eyrgötu.

16.00 **Hattur og Fattur og Sigga sjoppuræningi**
Sandvikurskóli, Íþróttasalur, Selfossi.


16.00 **Í takt við tímann - Kvikmyndahátíð**
Selfossbló, Selfossi. Aðgangur kr. 400.

18.00 **Stuttmyndin Freyja**
Gamla Rauða húsið, Búðarstíg 12, Eyrarbakka.

18.00 **Með allt á hreinu - Kvikmyndahátíð**
Selfossbló, Selfossi. Aðgangur kr. 400.

20.00 **Englar alheimsins - Kvikmyndahátíð**
Selfossbló, Selfossi. Aðgangur kr. 400.

22.00 **Djöflaeyjan - Kvikmyndahátíð**
Selfossbló, Selfossi. Aðgangur kr. 400.



SÝNINGAR, SÖFN OG GALLERÍ LISTAMANNA OG HANDVERKSFÓLKIS

Eyrarbakki

Þegar ég var litill - Vatnslitamyndir eftir Jóhann Briem
Byggðasafn Árnesinga, Húsið.
Opið laugardag og sunnudag kl. 14-17.

Fuglar og fólk - Verk eftir Halldór Einarsson frá Brandshúsum
Eggjaskúrin við Húsið.
Sýning úr safnkosti Listasafns Árnesinga. Opið laugardag og sunnudag kl. 14-17.

Mannlífsmyndir frá Eyrarbakka - Ljósmyndir Jóns Bjarna Stefánssonar
Gluggar verslunar Guðlaugs Pálssonar, Eyrgötu 46.

Ljósmyndasýning Eyðisar Lífur Þórisdóttur (6 ára)
Gluggar í Búðarhamni, Eyrgötu 32.

Gunnsteinn Gíslason, myndlistarmaður
Gluggar í Ólabúð, Eyrgötu 10 a.

Lesið á ljósastaura
Ljósastaurar, við Búðarstíg og Eyrgötu Eyrarbakka
Textar og ljóð um Eyrarbakka og eftir höfundum sem tengjast Eyrarbakka verða settir á blað og festir á ákveðna ljósastaura sem mynda góðan göngutúr um þorpið. Umsjón Bókasafn Umf. Eyrarbakka.

Opin vinnustofa Sverris Geirmundssonar
Óðins húsið við Eyrgötu
Ingibjörg Klemensdóttir og Helga Unnarsdóttir verða með leirbrennslu (holu og ragubrennslu) utanhúss.
Opið laugardag og sunnudag kl. 14-18.

Selfoss

Gluggasýning Sonju Elidóttur
Alvörubúðin, Eyravegi 3.

the path in a park is what stops the grass. Sýning dönsku myndlistarkonunnar Camilla Berner
GUK+, Ártún 3. Opið sunnudag kl. 14-16.

Skjalasýning í Héraðsskjalasafni Árnesinga.
Austurvegi 2.
Margvísleg skjöl úr förum Gísla Guðmundssonar hreppstjóra í Bitru, Hraungerðishreppi. Bæði er um að ræða einkaskjöl frá Gísla og skjöl sem tengjast aðdraganda og upphafi Kaupfélags Árnesinga hins fyrsta.
Opið föstudag 14-18 og laugardag 11-14.

Selfoss, Selfyssingar og aðrir Sunnlendingar í svart-hvítu - Ljósmyndir Tómasar Jónssonar
Tryggvaskáli. Opið laugardag og sunnudag 14-20.

Vatnslitamyndir Þórisar Þórðardóttur
Kaffi Knús, Austurvegi 7. Opið föstudag og laugardag 10-02 og sunnudag 10-24.

Myndlistarsýning Snorraþópsins
Listagjánni, Bæjar- og héraðsbókasafninu, Austurvegi 2.
Opið föstudag 10-19 og laugardag frá 11-14.

Handverkssýning eldri borgara
Grænumörk 5.
Vinnuáðstaða og vinnustofur sýndar og handverk vetrarins: Málverk, bókbönd, tréskurður, glerlistaverk og fjölbreytt önnur handavinna. Sölusýning hjá einstökum framleiðendum.
Opið föstudag, laugardag og sunnudag frá 14-17.

Gluggasýning á málverkum Gylfa Þ. Gíslasonar frá Selfossi
Rakarastofa Björns og Kjartans, Austurvegi 4.

Gluggasýning á verkum Elfars Guðna Þórðarsonar
Verslunin Lindin, Eyravegi 7, Selfossi.

Gluggasýning
TM Austurvegi 6, Selfossi.
Gluggasýning
Verslunin Do Re Mi, Eyravegi 5, Selfossi.

Vinnustofa Guðfönu
Eyravegi 37, Gagnheiðarmegin, Selfossi. Opið hús föstudag, laugardag og sunnudag frá 14-18.

Vinnustofa Dóru Kristínar. Myndlist. - vatnslitir - þurrkrít
Tröllhólum 43, Selfossi. Opið hús föstudag, laugardag og sunnudag frá 13-18.

Vinnustofa Erlu Huldar Sigurðardóttur, leirlistarmanns
Vívöllum 2, Selfossi, (gengið inn Reynivallamegin.)
Opið hús laugardag og sunnudag frá 13-18.

Ullarkjallari Dóru - Vinnustofa Halldóru Óskarsdóttur
Birkivöllum 5, Selfossi. Ullarhandverk af ýmsum toga, þar sem aðallega er unnið með íslenska ull.
Opið föstudag, laugardag og sunnudag frá 15-19.

Stokkseyri

Töfragarðurinn - Fjölskyldu- og skemmtigarður
Aðkoma frá Stjörusteinum. Opið 10-18 föstudag, laugardag og sunnudag.
Aðgangseyrir: Böm 3-12 ára: 400 krónur, fullorðnir: 550 krónur

Listaskálinn á Stokkseyri. Sjófn Har vinnustofa
Listaskálinn, Hafnargötu 6. Opið 14-19 laugardag og sunnudag.

Draugasetrið
Lista- og menningarhúsið, Hafnargötu 9. Gengið inn sjávarmegin.
Opið 14-20 alla dagana. Aðgangseyrir 1400. 20% afsláttur.

Málverkasýning Ingu Hlöðvers
Veitingastaðurinn við Fjöruborðið, Himininn og hafid.
Opið 12-22 föstudag, laugardag og sunnudag.

Pennateikningar Brynju Árnadóttur
Kaffisetur Lista- og menningarhúsið, Hafnargötu 9.
Opið 14-18 laugardag og sunnudag. Sýningin stendur til 25. júní.

Sýning á borðbúnaði eftir Ellu Rósinkrans
Glerlistasalurinn, Lista- og menningarhúsinu, Hafnargötu 9.
Opið 11-22 alla daga.

Veiðisafnið
Eyrarbraut 49. Opið alla dagana 11-18. Aðgangseyrir: 6-12 ára 250 kr., fullorðnir 500 kr.

Listamenn að störfum
Lista- og menningarhúsið, Hafnargötu 9, Stokkseyri
Vinnustofa Elfars Guðna, Gallerí Elfu og Þóru og vinnustofa Gussa. Elfar Guðni Þórðarson, listmálari
Valgerður Þóra Elfarsdóttir, mósáskjöl
Elfa Sandra Elfarsdóttir, listmálari
Regína Guðjónsdóttir, handverk
Gunnar Guðstein Gunnarsson, listmálari
Jónína Katrín Arndal, blómaskreytingar
Opið 14-18 föstudag, laugardag og sunnudag.

Veitingahús í Árborg verða með sérsök tilboð í mat og drykk á VOR Í ÁRBORG

VOR Í ÁRBORG
Menningarhátíð 19.-22. maí 2005



Menningarmálanefnd
Sveitarfélagsins Árborgar.

Ferðalög teljast vera skammtíma-neysluvara

Mikilvægi upplýsingamiðstöðva hefur verið að breytast og aukast jafnframt því sem ferðamynstur fólks hefur tekið breytingum. Ef farið er 15-20 ár aftur í tímann voru erlendir ferðamenn búnir að panta, bóka og borga fyrir alla ferðina sína strax í febrúar. Nútíminn er allt annar.

„Hér á Suðurlandi reynum við að draga inn afþreyingu fyrir ferðamanninn því hér er kominn mjög góð gístaðstaða. Segja má að ferðalög séu í dag orðin mikið meiri skammtímaneysluvara. Núna er þetta orðið meira þannig að fólk kaupir express-miða á netinu, skreppur til Íslands og pantar gistingarnar sínar í júní á meðan það er í sjálfri ferðinni,“ segir Skúli Arason, forsvarsmáður í landshlutamiðstöð ferðamála Hveragerði.

„Vegna þessa breytta forms vaxa upplýsingamiðstöðvarnar að mikilvægi en þetta ástand gerir oft Íslendingum erfitt fyrir um gistingu. Oft eru margir að rifast um sama bitann á sama tíma. Ferðamönnum er í núverandi ástandi mjög mikilvægt að komast í upplýsingarnar rétt áður en þeir nota þær. Þetta getur verið erfitt en dregur samt ekkert úr okkur. Ég hvet fólki til þess að leita til okkar og nýta sér þjónustuna.

Mikið verður af bæjar- og menn-

ingarhátíðum á Suðurlandi í sumar. Má þar til dæmis nefna mjög áhugaverða tónleika á Kirkjubæjarklaustri og um þessar mundir er að hefjast tónleikaröð í Hveragerði sem kallast Kvöld í Hveró. Hér spilar til dæmis reggíhljómsveitin Hjálmar 3. júní næstkomandi. Í Hveragerði verða hér síðar Blómstrandi dagar og minnst má á komandi Hafnardaga á Stokkseyri. Um næstu helgi verður Vor í Árborg. Komandi eru þekktar hátíðir svo sem Töðugjöldin á Hellu.

Í upplýsingamiðstöð okkar á Hveragerði er hægt í gegnum gler í gólfinu að skoða sprungu sem er á bilinu 1.000-1.500 ára gömul. Einnig erum við búnir að koma upp skjálftaherbergi þar sem gestir geta kikið inn og fengið forsmeikinn af því hvernig það er að standa ofanjarðar við upptök Suðurlands-skjálfta. Það er allsvakaleg tilfinning og í mörgum tilfellum finnst börnum þetta fullmikil reynsla. Suðurland hefur átt mesta aðdrátt-



Skúli Arason, forsvarsmáður landshlutamiðstöðvar ferðamála í Hveragerði.



Landshlutamiðstöð ferðamála í Hveragerði er í þessu nýja húsi.

araflíð fyrir ferðamenn og „Gullni hringurinn“, þ.e. Gullfoss, Geysir og Þingvellir, er ótvíræður fjöldasigurvegari ef þannig má að orðum komast. Hins vegar er að koma upp nýr vinsæll hringur meðal ferðamanna sem við köllum Silfurhringinn.

Á Silfurhringnum getur að líta fjölmargar nýjungar fyrir ferðamenn á Stokkseyri og Eyrarbakka, en þeir staðir voru ekki áður taldir til ferðamannasvæða. Þar má nefna Draugasafnið á Stokkseyri, Töfra-

gardinn, sjávarréttastaðina á Eyrarbakka, Rauða húsið og Hafíð bláa við Óseyrartanga á milli Þorlákshafnar og Eyrarbakka. Í upplýsingamiðstöð okkar í Hveragerði reynum við að vera dugleg að uppfæra vefinn okkar southiceland.is en þar geta ferðamenn notfært sér þjónustulista og smellt á viðkomandi svæði á korti og þá kemur upp öll afþreying sem er í boði á hverjum stað. Einnig uppfærum við reglulega viðburðadagatöl, sem eru mikið heimsótt,“ segir Skúli.

SÁLFRÆÐIÞJÓNUSTA

Veiti sálfræðiþjónustu á Hvolsvelli á mánudögum fram á haust

Hugræn atferlismedferð við depurð og kvíðaröskunum

Viðtalsbeiðnir í síma 898-3725

Sálfræðistofa í Reykjavík að Skúlatúni 6

GEYMIÐ AUCLÝSINGUNA

Sjófn Ágústsdóttir, sálfræðingur

HÁRSNYRTISTOFAN

HÁRFÍNT

Verið velkomin á Kirkjubæjarklaustur

Systrakaffi býður gómsætar veitingar af öllu tagi og verð við allra hæfi.

Morgunverður-brauð-kökur-kaffi

Salöt-súpur-pizzur

Ýmsir kjótréttir að ógleymdir að ógleymdir klausturbleikjunni og fleirir fiskréttum

www.klaustur.is

Lífeyrissjóður Rangæinga óskar sunnlendingum nær og fjær gleðilegs sumars og farsældar til framtíðar.



Sveinn Pálsson, bæjarstjóri í Vík í Mýrdal, og sonur hans Páll Sveinsson vilja hvergi búa annars staðar.

Teikn á lofti um vaxandi eftirspurn eftir íbúðum í Vík

Vík í Mýrdal er á hringvegnum og ekki er nema tæplega tveggja tíma akstur til Reykjavíkur á besta vegi landsins. Vík er þjónustubær og byggðist upp í kringum verslanir, þjónandi sveitunum í kring.

„Það þarf nú ekki annað en að líta í kringum sig til að sjá að það er gott að búa í Vík í Mýrdal. Við erum hérna á milli fjallanna í dásamlegri náttúru og veðursæld er oft mikil hérna. Það getur hins vegar stundum verið hvasst hjá okkur í norðanáttinni. Aðrar áttir eru hins

vegar betri og hér getur verið blankalogn á meðan það er hifandi rok allt í kringum okkur,“ segir Sveinn Pálsson, bæjarstjóri í Vík í Mýrdal.

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um matsskyldu eftirtalinna framkvæmda samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum:

Efnistaka úr Ingólfsfjalli ofan Þórustaðanámu, Sveitarfélaginu Ölfusi: Efnistaka skv. 1. áfanga skal ekki háð mati á umhverfisáhrifum en efnistaka skv. 2. áfanga skal háð mati á umhverfisáhrifum

Breyting á jarðhitánytingu á Reykjanesi, Grindavíkurbæ og Reykjanesbæ skal háð mati á umhverfisáhrifum.

Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þær er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: www.skipulag.is.

Ákvarðanir Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærefrestur til **16. júní 2005**.

Skipulagsstofnun



Talstöðin
FM 90,9

ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX

Talstöðin færir þér fréttir oft á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

Meiraprófsbílstjórar óskast



AÐFÖNG óska eftir meiraprófsbílstjórum til sumarafleysinga, viðkomandi þarf að hafa próf á vörubifreið með eftirvagn: Trailer. Unnið er á vöktum við útkeyrslu á vörum í verslanir Haga. Umsóknareyðublöð má fá í móttöku Aðfanga að Skútuvogi 7, 104 Reykjavík. ennig er hægt að sækja um á www.adfong.is



Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

Setbergsskóli

Staða skólastjóra við Setbergsskóla er laus til umsóknar

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn til að leiða áfram gott faglegt samstarf í skólanum og hafa að leiðarljósi að gott skólastarf má ávallt bæta. Setbergsskóli er heildstæður grunnskóli og eru nemendur nú 660. Skólinn hefur í áráðir haft á að skipa góðu fagfólki og þar ríkir jákvæðni og góður starfsandi.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Kennarapróf og kennslureynsla
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar, uppeldis- eða kennslufræði æskileg.
- Frumkvæði og samstarfsvilji.
- Góðir skipulagshæfileikar.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sé reiðubúinn til að leita nýrra leiða í skólastarfi.
- Hafi áhuga og/eða reynslu til að leiða þróunarstarf í átt að einstaklingsmiðuðu námi.

Umsókninni skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda og menntun, stjórnunarreynslu og hver þau verkefni sem hann hefur unnið við og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna skólastjórastarfi.

Þá er æskilegt að með umsókn fylgi greinargerð um hugmyndir umsækjanda um starfið og þær áherslur sem hann vill leggja í starfi Setbergsskóla til framtíðar.

Allar upplýsingar um stöðuna veitir Magnús Baldursson, fræðslustjóri í síma 585 5800, magnusb@hafnarfjordur.is

Umsókn ber að skila á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Strandgötu 31, 220 Hafnarfjörður og er umsóknarfrestur til og með 30. maí.



VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!

Hafðu samband og fáiðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri þéjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

Fræðslu- og menningarsvið Vestmannaeyja auglýsir

Proskapjálfa vantar í 100% starf við grunnskólana í Vestmannaeyjum. Nánari upplýsingar er að finna hjá hjá skólastjórum grunnskólanna í sínum 481-1944 og 481-2644 eða hjá fræðslu- og menningarsviði Vestmannaeyja-bæjar í síma 488-2000.

Grunnskólakennara vantar við Barnaskóla Vestmannaeyja.

- Upplýsinga- og tæknimennt sérstaklega á elsta stigi.
- Dönsku, ensku, textilmennt, tæknimennt og almenna bekkjarkennslu á elsta stigi.
- Sérkennara

Upplýsingar um störfin gefur Hjálfríður Sveinsdóttir í síma 481-1944, netfang: hjalfr@ismennt.is

Grunnskólakennara vantar í Hamarsskóla í Vestmannaeyjum

- Kennslugreinar, danska, enska, íslenska á elsta stigi og stærðfræði á unglingastigi
- Umsjónarkennara á mið- og yngsta stigi
- Sérkennara, heimilisfræðikennara og 1/2 staða tónmenntakennara.
- Einnig er laus 49% staða deildarstjóra á yngsta stigi.

Upplýsingar veita Halldóra Magnúsdóttir skólastjóri og Sigurlás Þorleifsson aðstoðarskólastjóri í síma 481-2644.

Leikskólakennara vantar í leikskóla Vestmannaeyjabæjar:

- Deildarstjóra í 50% starf e.h. á Kirkjugerði og 100% störf á Sóla.
- Almenna leikskólakennara vantar í alla leikskólana.

Upplýsingar fást hjá leikskólafulltrúa í síma 488-2000, leikskólastjórum Kirkjugerðis í síma 481-1098 og Sóla í síma 481-1958



Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Vestmannaeyjabæjar <http://www.vestmannaeyjar.is/>

FERSKAR KJÖTVÖRUR

Kjöt- og fisktorg.

Ferskar kjötvörur og Furðufiskar óska eftir að ráða starfsmann til að hafa umsjón með kjöt- og fisktorgi í verslun Hagkaupa í Smáralindinni. Um er að ræða fullt starf. Umsækjandi þarf að hafa reynslu og áhuga á að starfa með matvæli.

Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu fyrirtækisins að Síðumúla 34 í Reykjavík. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 660-6300 og 699-4000 milli kl. 09.00 og 17.00 virka daga.

2005 Strætó bs

Starfsmenn í þvottastöð

Strætó bs. óskar eftir starfsmönnum til afleysinga í þvottastöð í sumar, júní - september.

Unnið er á næturvöktum, fjórar nætur í senn og jafnlangt frí á milli.

Upplýsingar veita:

Jan Jansen í síma: 540 2700 / 660 2338 og Óli Ásgeirsson í síma: 540 2700 / 660 2332.

Novator býður í finnskt símafélag

Björgólfur brýtur sér leið inn á finnska síma-markaðinn.

Dótturfélag Novator International, sem er að meirihluta í eigu Björgólfs Thors Björgólfs-sonar, hefur gert yfirtökutilboð í finnska símafélagið Saunalahti, sem er skráð í finnsku kauphöllinni. Novator býður 1,9 evrur í hvern hlut í Saunalahti, sem er 15 prósent yfirverð miðað við loka-verð á þriðjudaginn. Hækkandi gengi félagsins upp í 1,94 evrur. Novator á nú um 27 prósent hlut í félaginu eftir að hafa fest kaup á 22,6 prósentum í gær.

Novator álitur að Saunalahti búi yfir mikilli þekkingu á sviði tækni- og markaðsmála á farsíma-markaði. Viðskiptavinir félagsins eru um 500.000 talsins og hefur það náð sterkri samkeppnisstöðu á einum kraftmesta síma-markaði heimsins. Gangi kaupin upp ætla Novator að færa starfsemi Saunalahti út fyrir Finnland. Fjárhagslegur styrkur finnska félagsins eykst talsvert við kaupin. Velta Saunalahti var um þrettán milljarðar á síðasta ári og voru starfsmenn 260 að tölu.

Novator er kjölfestufjárfestir í nokkrum evrópskum símafélögum. Þar má nefna BTC í Búlgaríu, CRa í Tékklandi og Netia Mobile í Póllandi.



BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON Novator ætla sér að yfirtaka Saunalahti sem er finnskt símafélag. Saunalahti stendur framarlega í farsímatækni og er með sterka markaðsstöðu í Finnlandi.

Aflaverðmæti minnkar

Afli íslenskra skipa í apríl var 112 þúsund tonn en var 81 þúsund tonn í apríl 2004, samkvæmt vef Hagstofu Íslands. Þetta er aukning um 37,8 prósent. Aflaverðmætið dróst hins vegar saman um 2,8 prósent á föstu verði, sé miðað við aflaverðmætið í apríl í fyrra. Þetta skýrist af mun meiri kolmunnaafla til bræðslu og minni þorskafla í apríl í ár samanborið við í fyrra. Verðmæti fiskaflans það sem af er ári hefur þó aukist um 2,5 prósent sé miðað við árið 2004.

Fiskveiðiárið á Íslandi hefst fyrsta september ár hvert.

- jsk



NÝJAR LYFJAPRÓFANIR Íslensk erfðagreining hefur hafið prófanir á astmalyfi. Fyrir eru í prófunum lyf við æðakölkun og hjartaáfalli.

Íslensk erfðagreining: Prófar nýtt astmalyf

Eftir nokkurt hlé streyma fréttir frá deCode. Í gær tilkynnti félagið um að hafnar væru lyfjaprófanir á nýju astmalyfi og að fyrsti sjúklingurinn hefði þegar hafið töku lyfsins.

Lyfið hefur áhrif á starfsemi ensíms sem rannsóknir Íslenskrar erfðagreiningar hafa sýnt fram á að tengist líffræðilegum orsökum astma. Lyfið var upprunalega þróað af öðru fyrirtæki við öðrum sjúkdómi.

Um 160 íslenskir astmasjúklingar með áhættuafgerð taka þátt í lyfjaprófununum og er markmið rannsóknarinnar að kanna hvort lyfið sé öruggt og sjúklingar þoli það vel.

Kári Stefánsson, forstjóri deCode, segir í tilkynningu fyrirtækisins vera farið að sjá ávöxt erfðarannsókna í þróun á nýjum lyfjum gegn alvarlegustu heilbrigðisvandamálum samtímans. „Á innan við einu ári höfum við hafið klínískar lyfjaprófanir í þremur mikilvægum sjúkdómum: hjartaáfalli, æðakölkun og nú astma,“ segir Kári.

- hh

Kögun fékk ekki gögnin

Gunnlaugur Sigmundsson, forstjóri Kögunar, undrast að félagið hafi ekki fengið gögn vegna einkavæðingar Símans.

Hann segir einkavæðingarnefnd hafa hafnað ósk um gögn á þeim forsendum að dótturfélag Kögunar sé í samkeppni við Símann en Skýrr, sem Kögun á, býður upp á gagnaflutningsþjónustu en hefur mjög litla markaðshluldeild.



GUNNLAUGUR SIGMUNDSSON

Tekið var fram í skilyrðum um söluna að fyrirtæki sem væri í samkeppni við Símann fengi ekki að bjóða í hlut ríkisins ef velta samkeppnisrekstrarins væri meira en hundrað milljónir á ári.

Gunnlaugur segir erfitt að úrskurða um það í fjarskiptamálum hvaða fyrirtæki séu í samkeppni við önnur. Til dæmis geti erlend fyrirtæki staðið fyrir netsímaþjónustu sem Íslendingar nýti sér en ekki sé víst að það yrði til þess að útiloka þau frá þátttöku.

- þk

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

JACQUELINE KENNEDY ONASSIS
(1961-1994) lést þennan dag.



„Kynlíf er slæmt því það krumpar fötin.“

Jacqueline Kennedy var eiginkona John F. Kennedy Bandaríkjaforseta. Hún þótti með myndarlegri konum og vakti athygli hvar sem hún fór.

TÍMAMÓT

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Indjánar ræna Cynthiu Ann Parker

Hinni níu ára gömlu Cynthiu Ann Parker var rænt af indjáním í áras innfæddra á Fort Parker í Texas þennan dag árið 1836, en foreldrar hennar létu lífið í árasinni. Cynthia lifði meðal Comanche-ættbálksins næstu 25 árin. Hún aðlagðist lífi indjánanna, giftist mikilsmetnum stríðsmanni, Peta Nocona, og átti með honum þrjú börn. Margir reyndu að ná Cynthiu frá ættbálknum, bæði með því að bjóða lausnargjald og með björgunaraðgerðum. Það strandaði þó á því að hún sagðist vera ánægð með hlutskipti sitt, hún væri hamingjusamlega gift og hefði engan áhuga á að yfirgefa ættbálkinn sem hún taldi sinn eigin.

Árið 1860 særðist eiginmaður Cynthiu helsári í bardaga við bandaríska þjóðvarðliðið sem réðist á þorp þeirra. Cynthia, þá 34 ára, var flutt ásamt dóttur sinni til frænda síns í Texas. Hún gat ekki snúið heim þar sem maður hennar var látinn og ættflokkur hennar átti í fyrirfram töpuðu stríði. Cynthia var ekki ánægð með hlutskipti sitt enda skildi hún lítið í síðum og venjum ættingja sinna. Dóttir hennar dó úr influensu þremur árum síðar og sjálf lést hún úr sömu veikni árið 1870 enda mjög lasburða eftir að hafa svelt sig lengi.



19. MAÍ 1836 Cynthia Ann Parker bláeyg indjánastúlka.

MERKISATBURÐIR

- 1897 Rithöfundinum Oscar Wilde er sleppt úr fangelsi eftir að hafa setið inni í tvö ár fyrir kynvillu.
- 1932 Glæpamyndin Scarface: The Shame of a Nation er frumsýnd í Los Angeles. Myndin var endurgerð árið 1983 með Al Pacino í aðalhlutverki.
- 1933 Æstur múgur sækir fanga inn í fangelsið í Vestmannaeyjum. Þremur árum síðar hjóta tíu manns dóm fyrir gjörninginn.
- 1950 Farþegaskipið Gullfoss kemur til landsins. Þúsundir Reykvíkinga taka á móti því við hafnarbakkann.
- 1969 Kjarasamningur milli verkafélags og atvinnurekanda undirritaður. Mikilsvert samkomulag um lífeyrissjóð náðist.

ANDLÁT

Torfi Ásgeirsson, Dalbraut 14, er látinn.

Jóhann Sörensson, Palm Springs, Kalifornía, er látinn. Útförin hefur farið fram.

Svavar Tryggvason, Burnaby, Kanada, lést laugardaginn 7. maí.

Jóhanna Guðmundsdóttir, Hrafnistu, Hafnarfirði, lést þriðjudaginn 10. maí.

Sigurþór Halldórsson, fyrrverandi skólastjóri í Borgarnesi, Gullsmára 5, Kópavogi, lést fimmtudaginn 12. maí.

Halldóra Árnadóttir, Kvistagerði 2, Akureyri, lést laugardaginn 14. maí.

Kristinn Ingvar Ásmundsson, pípuलगningamaður, Heiðarbæ 7, Reykjavík, lést laugardaginn 14. maí.

Sigurjón Jónsson, fyrrverandi járnsmiður, Furugerði 1, Reykjavík, lést sunnudaginn 15. maí.

JARÐARFARIR

13.00 Guðgeir Ágústsson, Þverási 16, Reykjavík, verður jarðsönginn frá Bústaðakirkju.

15.00 Rafn Franklín Olgeirsson, Austurbergi 38, áður Þórsstötu 5, verður jarðsönginn frá Fossvogskapelli.


LEIÐRÉTTING



Í afmælistilkynningu í blaðinu í gær vantaði mynd af Sigurði Hjartarsyni. Það er velvirðingará því.

AFMÆLI

Ólafur Vignir Albertsson píanóleikari er 69 ára.



Þorgeir Pálsson flugmálastjóri er 64 ára.




Ásgeir Hannes Eiríksson, fyrrverandi pylsusali, er 58 ára.



Dagný Kristjánsdóttir bókmenntafræðingur er 56 ára.



Guðjón Sigmundsson (Gauí litli) er 48 ára.



Kolbrún Erna Pétursdóttir leikkona er 44 ára.

Marteinn Marteinnsson leikari er fertugur.



Gísli Már Jóhannsson kántrítonlistarmaður er 38 ára.




Sólveig Guðmundsdóttir leikkona er 28 ára.



FÆDDUST ÞENNAN DAG


1890 Ho Chi Minh, kommúnistaleiðtogi í Vietnam.



1925 Pol Pot, harðstjóri í Kambódíu.



1925 Malcolm X, baráttumaður fyrir réttindum svartra.



1945 Pete Townshend, gítarleikari The Who.



TÓMAS ÓSKAR GUÐJÓNSSON Tómas hefur starfað hjá Fjölskyldu- og húsdýragarðinum frá upphafi og segir garðinn sinna mikilvægu hlutverki fyrir alla Íslendinga.

TÍMAMÓT: FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN 15 ÁRA

Sælureitur fjölskyldunnar

„Hér hefur gengið afskaplega vel þessi 15 ár og hefur heimsóknafjöldinn þrefaldast síðan garðurinn var opnaður,“ segir Tómas Óskar Guðjónsson, forstöðumaður Fjölskyldu- og húsdýragarðsins. Tómas hefur starfað við garðinn síðan hann hóf göngu sína 19. maí 1990.

Í upphafi hét garðurinn Húsdýragarðurinn og var starfræktur undir því nafni í þrjú ár. Síðan varð til stærri garður sem heitir nú Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn í Laugardal.

Í garðinum hefur fræðslumálum ávallt verið sinnt vel og reynt að hafa starfsemi fræðandi.

„Garðurinn hefur alla tíð verið settur þannig upp að gestirnir læri af því að heimsækja hann, og hafi um leið gaman af því að dvelja þar.“

Á næstunni mun garðurinn stækka til suðurs, þar sem vonandi verður hægt að setja upp löngu tímabæra fræðsluáðstöðu með þremur kennslustofum og fyrirlesttrasal. „Það helsta sem hefur vantað hér er almennileg fræðsluáðstaða þar sem hægt er að taka á móti hópum sem hingað koma í þeim tilgangi að fræðast,“ segir Tómas.

Tómas leggur þó áherslu á að

garðinum hafi fylgt jákvæð umræða sem hafi hjálpað mikið til við að festa hann í sessi. „Við höfum verið þeirrar gæfu aðnjótandi að stjórnvöld hafa sýnt starfsemi hér áhuga og skilning. Það skilar sér síðan í skemmtilegri starfsemi sem gestir garðsins njóta góðs af,“ segir Tómas og lítur björtum dögum til framtíðar.

Garðurinn var opnaður í sumarþingi 15. maí og mun þar vera blómleg starfsemi í allt sumar. Nokkur ný leiktæki verða tekin í gagn og má þar nefna stórt Parísarhjóli sem á örugglega eftir að vera vinsælt. ■

Varnarliðskarnival

Íbúar Keflavíkurflugvallar taka á móti hundruðum Íslendinga á árlegri vorhátíð varnarliðsins sem haldin verður með pomp og prakt laugardaginn 21. maí.

Tvisvar á ári, að vori og hausti, fá Íslendingar tækifæri til að skemmta sér með og kynna íbúum Keflavíkurflugvallar auk þess sem þeir geta kynnt sér hvernig þeir lifa og starfa. Boðið er upp á heilmikla skemmtun með leiktækjum og þrautum en einnig fá gestirnir að gæða sér á bandarískum veigum, pylsum og sælgæti. Spiluð er bandarísk tónlist en auk

þess geta tækjaóðir skemmt sér við að skoða þotur, þyrlur og annan búnað varnarliðsins sem verður til sýnis á svæðinu.

Sigríður Svansdóttir hjá upplýsingaskrifstofu varnarliðsins segir þessa hátíð vera mjög vinsæla bæði meðal Íslendinga og íbúa vallarins en þessar vor- og hausthátíðir hafa verið haldnar í fjöldamörg ár.

Hátíðin verður með karnivalssniði í stóru flugskýli frá tíu að morgni til fjögur síðdegis. Allir eru velkomnir og er aðgangur ókeypis. ■



KANDÍFLOSS Boðið verður upp á ýmislegt sem þykir dæmigert fyrir Bandaríkin á vorhátíð varnarliðsins.



Elskuleg eiginkona mín,

Erla Kristjánsdóttir

ástkær móðir og uppeldismóðir okkar, til heimilis að Bakkastöðum 5a, áður að Hjallalandi 22,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi á hvítasunnudag 15. maí síðastliðinn.

Hafsteinn Erlendsson, Eyrún Björg Hafsteinsdóttir, Þórður Hafsteinsson, Jón Grétar Hafsteinsson, Sigrún Hafsteinsdóttir, Ásta Einarsdóttir, tengdabörn, ömmubörn og langömmubarn.



Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurþór Halldórsson


fyrirverandi skólastjóri í Borgarnesi, Gullsmára 5, Kópavogi,

sem lést á Landspítala í Fossvogi 12. maí sl., verður jarðsönginn frá Bústaðakirkju föstudaginn 20. maí kl. 11.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Rauða Kross Íslands.

Kristín Guðmundsdóttir Guðmundur Sigurþórsson Halldór Ellert Sigurþórsson Gísli Þór Sigurþórsson Ása Katrín Sigurþórsdóttir Sólveig Björk Sigurþórsdóttir Barnabörn og barnabarnabörn.

Julia Sigurthorsson Sesselja Sigurðardóttir Kolbrún Einarsdóttir Hans Engen Einar Óskarsson

BORGGAÐU MEÐ BÓKUNUM!



Láttu bækurnar vinna fyrir þig í SUMAR!

- Ef þú ákveður að geyma inneignarmótuna ber hún vexti þangað til þú notar hana í haust. Þeir sem innleysa nótuna sína frá 1. til 31. ágúst fá 10% yfirverð fyrir hana. Gildir til og með 5. júní og einungis í Office 1 Superstore í Skeifunni.

Skiptibókamarkaður Office 1 er opinn í allt sumar!

BÍÓMIÐI

- 200 fyrstu sem skila inn bókum að verðmæti 2.500 kr. fá boðsmíða á Star Wars, Revenge of the Sith.



BÍÓMIÐI



SKÓLABÓKA-
MARKAÐUR
OFFICE 1

Office **1** Superstore



Heyrst hefur...

... að maðurinn sem var í búningi lukkadýrs Fylkis á leiknum gegn KR hafi verið rekinn úr starfi strax eftir fyrsta leik enda ku hann hafa farið langt yfir öll velsæmismörk með hegðun sinni undir lok leiksins og syndi alls ekki þá takta sem lukkadýr liða eiga að tileinka sér.

sport

sport@frettabladid.is

UMDEILD ATVIK Í LEIK FYLKIS OG KR: BOLTINN VAR MEIRA INNI EN HJÁ LIVERPOOL OG CHELSEA

Þetta var ekki mark, ég sver það

Kristján Finnbogason, markvörður KR, var ekki í vafa um að hann hefði náð til boltans áður en hann fór yfir línuna. Um er að ræða atvik sem átti sér stað í fyrri hálfleik leiks Fylkis og KR á Árbæjarvelli í fyrrkvöld en þá átti Viktor B. Arnarsson skot að marki KR sem Kristján varði rétt áður en boltinn ætlaði í markið. Vildu margir meina á vellinum að boltinn hefði þegar verið inni og þulirir sem



lýstu leiknum á Sýn voru þess einnig fullvissir.

„Það er langt frá því að boltinn hafi verið inni í markiinu,“ sagði Kristján í samtali við Fréttablaðið. „Ágúst Gylfason var þarna við hliðina á mér og getur vottað um það. Línuvörðurinn var eflaust einnig í góðri stöðu. Ég sver fyrir það, boltinn var ekki einu sinni á línunni. Ég þori að hengja mig upp á það,“ sagði Kristján.

Fylkismaðurinn Sævar Þór Gíslason stóð skammt hjá

og byrjaði að fagna er honum virtist boltinn fara yfir línuna. „En ég leit yfir til línuvarðarins sem virtist ekki vera með á nótnum. Mér fannst boltinn vera inni,“ sagði Sævar Þór.



Atvikið þótti minna um margt á leik Liverpool og Chelsea í undanúrslitum meistaraeldarinnar en þá var boltinn dæmdur inni eftir skot Luis Garcia, leikmanns Liverpool, þó svo að varnarmaðurinn Gallas hafi hreinsað að því er virtist á línunni. Þá var hins vegar dæmt mark.

> Við gleðjumst með ...

... knattspyrnulandsliði Panama sem er á hraðri uppleið í knattspyrnuheiminum en þetta þekkt landslið gerði sér lítið fyrir og fór upp fyrir íslenska knattspyrnulandsliðið á nýjasta styrkleikalista alþjóðknattspyrnusambandsins.

> Við hrósum ...

... Blikastúlkum fyrir að bjarga Landsbankadeild kvenna í sumar og sjá til þess að það verði einhver spennu á toppnum á þessu tímabili. Það hefur ekkert lið gott af því að vinna eintóma stórsigra og það sást vel á Valsstúlkum í leiknum enda unnu baráttuglaðar og samheldnar Blikastúlkur flottan 4-1 sigur.



Styrkleikalisti Alþjóðknattspyrnusambandsins:

Aðeins þremur sætum frá því af detta af topp 100

FÓTBOLTI Íslenska knattspyrnulandsliðið féll um tvö sæti á styrkleikalista Alþjóðknattspyrnusambandsins sem var birtur í gær. Íslenska liðið situr nú í 97. sætinu og er því aðeins þremur sætum frá því að detta af topp 100.

Framundan eru heimaleikir gegn Ungverjum og Móltubúum í upphafi júní og þar sem allir möguleikar um góðan árangur í riðlinum eru á bak og burt gætu þessir leikir snúist meira um heiðurinn og það að halda Íslandi meðal hundrað bestu knattspyrnuþjóða heims.

Ísland komst hæst í 42. sæti listans í febrúar 2000 en hefur nú fallið um 41 sæti á nákvæmlega einu ári en liðið var í 56. sæti list-



LÍTUR EKKI VEL ÚT Ásgeir Sigurvinsson horfði á eftir Panama fara upp fyrir Ísland á styrkleikalista FIFA. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ans í maí 2004. Íslenska landsliðið hefur enn fremur farið í gegnum þessa tólf mánuði án þess að hækka sig á listanum því alla mánuðina hefur liðið annaðhvort staðið í stað eða lækkað sig á listanum.

Forráðamenn og þjálfarar landsliðsins hafa ítrekað gert lítið úr þessum lista en burtséð frá því þá er þetta eini mælikvarðinn á styrkleika knattspyrnulanda heims og það stefnir óðum í að Íslendingar verði ekki meðal 100 fremstu knattspyrnuþjóða heims.

ooj@frettabladid.is

FALL ÍSLENSKA LANDSLIÐSINS Á EINU ÁRI:

Maí 2004:	56. sæti
Júní 2004:	65. sæti (-9 sæti)
Júlí 2004:	75. sæti (-10 sæti)
Ágúst 2004:	79. sæti (-4 sæti)
September 2004:	80. sæti (-1 sæti)
Október 2004:	88. sæti (-8 sæti)
Nóvember 2004:	90. sæti (-2 sæti)
Desember 2004:	93. sæti (-3 sæti)
Janúar 2005:	94. sæti (-1 sæti)
Febrúar 2005:	94. sæti (Sama)
Mars 2005:	95. sæti (-1 sæti)
Apríl 2005:	95. sæti (Sama)
Maí 2005:	97. sæti (-2 sæti)



SAMHERJAR Á VELLI EN ERKJFJENDUR Í SPRETTINUM Kristján Finnbogason er einn af aldursforsetum KR og líkar ekki að vera tekinn á sprettinum af einum af yngstu leikmönnum liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gunnar hefur steyppt Kristjání af stóli

Kristján Finnbogason er ekki lengur fljótasti leikmaðurinn í liði KR. Honum hefur verið steyppt af stóli af 18 ára strák, Gunnari Kristjánssyni.

FÓTBOLTI Í deildarbikarnum í vor vakti ungur og bráðefnilegur leikmaður hjá KR, Gunnar Kristjánsson, mikla athygli, einkum fyrir góða frammistöðu almennt en ekki síður þann gríðarlega hraða sem hann býr yfir. Þótt engin formlega mæling hafi verið gerð ennþá má leiða að því líkur að Gunnar sé einn af, ef ekki allra fljótasti leikmaður á landinu og segja þeir sem til Gunnars þekkja að hann myndi hlaupa 100 metra á skemur en ellefu sekúndum. Gunnar, sem er uppallinn sóknarmaður en hefur leysti stöðu vinstri bakvarðar með miklum sóma hjá KR á undirbúningstímabilinu, segir sjálfur að hraði sé ekkert sem hann hafi lagt neitt sérstaklega upp úr í gegnum tíðina – þetta er einfaldlega gjöf sem honum hlotnaðist frá náttúrunnar hendi.

„En það er tvímælalaust kostur að vera fljótur fótboltamaður,“ segir Gunnar, en hann á það til að fara framhjá andstæðingum með því að sparka boltanum langt fram völlum í átt að hornfánanum og einfaldlega taka þá á sprettinum í kapphlaupinu til boltans. „Það var í fjórða flokki sem ég eiginlega uppgötvaði að ég gat hlaupið. Ég fór á 1-2 frjálsþróttæfingar en leiddist. Ég hleyp hraðar þegar ég hef eitthvað að

elta, eins og t.d. eitt stykki fótbolta,“ segir Gunnar, sem er 18 ára og á á enn tvö ár eftir í 2. flokki. Með honum mun Gunnar spila í sumar, og þá í stöðu fremsta manns. „En mér finnst mjög gaman í bakverðinum líka og það er vonandi að ég fái einhver tækifæri í sumar með aðalliðinu. Ef kallið kemur þá verð ég allavega tilbúinn,“ segir Gunnar sem fékk einmitt að spreya sig á lokamínútum leiksins gegn Fylki í Landsbankadeildinni í fyrradag.

Tek hann næst

EKKI alls fyrir löngu stóð Magnús Gylfason, þjálfari KR, fyrir tímamælingu á leikmönnum sínum í 30 metra spretthlaupi. Fréttablaðið varð sér úti um niðurstöður mælingarinnar og kom þá í ljós að Gunnar hafði steyppt Kristjání Finnbogasoni, markverði liðsins, af stóli sem sá leikmaður sem býr yfir mesta sprengikraftinum.

„Nei, náði hann mér, helvítið á honum,“ sagði Kristján og hló þegar Fréttablaðið bar undir hann þá staðreynd að hann væri ekki lengur sprettharðasti leikmaður KR, eitthvað sem Kristján hefur verið allt síðan hann kom til liðsins. „Ég bara trú þessu ekki. Nú þarf ég að fara að taka mig á,“ sagði Kristján og var ekkert að

fela vonbrigði sín.

Kristján hljóp 30 metrana á 3,948 sekúndum en Gunnar fór vegalengdina á 3,926 sekúndum, eða aðeins 0,22 sekúndubrotum á undan. Það er því ekki svo mikil bæting sem Kristján þarf á að halda til að endurheimta þann titil sem fylgir því að vera fljótasti leikmaður KR. „Það er ekkert gaman að lenda í öðru sæti á eftir einhverjum unglíngum. En það munar svo sárálitlu á okkur. Ég tek hann bara í næstu mælingu,“ sagði Kristján í glettnum tón. Þeir kumpánar höfðu talsverða yfirburði í spretthlaupinu en Sigmundur Kristjánsson varð þriðji á 3,981 sekúndu.

Það þykir annars fáheyrta að markvörður skuli vera á meðal spretthörðustu leikmanna síns liðs en sú er engu að síður raunin með Kristján. „Það er tvímælalaust gott fyrir markmann að vera frá á fæti, t.d. þegar maður þarf að koma á móti stungusendingum andstæðinganna. Hraðinn hefur gert mig að betri markmanni,“ segir Kristján sem sjálfur hefur örliðla reynslu af því að bregða sér í stöðu sóknarmanns, en auk þess að vera fljótur þykir Kristján skotvissa með afbrigðum. „Ætli ég sé ekki bara að spila vitlausu stöðu,“ segir Kristján og hlær.

vignir@frettabladid.is

TILBOÐSDEKK

ÓTRÚLEGT VERÐ!

AÐEINS FYRSTA FLOKKS DEKK • FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI
FÓLKSBÍLADEKK • JEPPEDEKK

DEKKJAHÓTEL

VIÐ GEYMUM DEKKIN FYRIR ÞIG ALLT ÁRIÐ GEGN VÆGU GJALDI

GÚMMÍVINNUSTOFAN EHF.
RÉTTARHÁLSI 2 • 110 REYKJAVÍK • SÍMI 587 5588
WWW.GVS.IS / WWW.TILBODSDEKK.IS

Landsfundur Samfylkingarinnar

horft til framtíðar

í Egilshöll

Landsfundur Samfylkingarinnar verður haldinn í Egilshöll helgina 20. – 22. maí 2005 og allir eru velkomnir. Notaðu tækifærið til að móta þína framtíð með þínu fólki. Ekki missa af hátíðarkvöldverði og dansleik á Broadway sem verður haldinn á laugardagskvöldið kl. 20.00, veislustjórar verða Sveppi og Auddi svo búast má við stórkostlegri skemmtun.

dagskrá föstudaginn 20. maí

- 9.30 Skráning fulltrúa og afhending landsfundargagna hefst
- 10.30–12.00 Fundur kvannahreyfingar Samfylkingarinnar
- 10.30–11.30 Aðalfundur Samtakanna 60+
- 13.00 Setningarathöfn - Setning landsfundar - Stefán Jón Hafstein
 - Tónlistaratriði
 - Ávörp erlendra gesta
 - Tónlistaratriði
 - Ræða formanns - Össur Skarphéðinsson
- kaffihlé**
- 14.45 Kosning þingforseta og ritara
 - Kosning uppstillingarnefndar, kjörstjórnar og laganeftndar
 - Fundarskóp lögð fyrir landsfund
- 15.00 Skýrsla formanns framkvæmdastjórnar - Stefán Jón Hafstein
- 15.15 Skýrsla gjaldkera - Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til afgreiðslu - Eyjólfur Sæmundsson
- 15.30 Skýrsla framtíðarhóps - Ingibjörg Sólrún Gísladóttir
- 16.00 Skýrsla jafnréttisvaktar - Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir
- 16.30 Mál lögð fyrir landsfund
 - Stjórn málaályktun
 - Auðlindanýting andspænis umhverfisvernd
 - Afbrot og viðurlög - öryggiskennnd og mannúðarsjónarmið
 - Hið ábyrga stjórnvald - rekstrarform í almannatjónustu
 - Menntun í þágu einstaklinga og samfélags
 - Réttlátt skattkerfi - skilvirkt bótakerfi
 - Varnir gegn aðsteðjandi vá - öryggismál í ljósi breyttra tíma
 - Heilbrigðismál
 - Sveitarstjórnarmál
 - Mál fyrir laganeftnd
 - Tillögur frá laganeftnd
 - Aðrar lagabreytingatillögur
 - Fyrri umræða um lagabreytingar
- 19.00 Landsfundur frestað

dagskrá laugardaginn 21. maí

- 9.00 Nefndarstarf
- 11.00–12.00 Afgreiðsla lagabreytingatillagna - Framsögur, seinni umræða og afgreiðsla lagabreytingatillagna
- 12.00 Kjöri formanns lýst - Ávörp frambjóðenda
- matarhlé**
- 13.00 Kosning varaformanns Samfylkingarinnar - Framboðsræður
- 13.30–15.15 Skýrslur málefnaframtíðarhóps úr lotu tvö - Almennar umræður
- 14.15 Kjöri varaformanns lýst - Ræða nýkjörins varaformanns
- 14.30 Kosning ritara Samfylkingarinnar - Framboðsræður
- 15.15–18.15 Afgreiðsla lagabreytingatillagna og annara mála, framhald - Framsögur, umræður og afgreiðsla
- 15.30 Kjöri ritara lýst
- 15.45 Kosning gjaldkera Samfylkingarinnar - Framboðsræður
- 16.45 Kjöri gjaldkera lýst
- 17.00 Kosning formanns framkvæmdastjórnar - Framboðsræður
- 18.00 Kjöri formanns framkvæmdastjórnar lýst
- 18.15 Landsfundur frestað
- 20.00 Hátíðarkvöldverður og dansleikur á Broadway - Veislustjórar: Sveppi og Auddi

dagskrá sunnudaginn 22. maí

- 9.30–12.00 Afgreiðsla mála, framhald - Framsögur, umræður og afgreiðsla
- 10.00 Kosning skoðunarmanna reikninga
- 11.00 Kosning fulltrúa í framkvæmdastjórn
- 12.00 Hádegisverðarfundur - Þingmenn sitja fyrir svörum
- 13.00 Afhending hvatningarverðlauna Samfylkingarinnar - Bryndís Hlöðversdóttir kynnir
- 13.15–13.30 Afgreiðsla mála, framhald - Framsögur, umræður og afgreiðsla
- 13.30 Kosning fulltrúa í flokksstjórn og verkalyðsmálanefnd

Landsfundarslit að dagskrá tæmdri - Formaður Samfylkingarinnar

allir velkomnir – fundurinn er öllum opin
allar nánari upplýsingar á www.samfylkingin.is



LEIKIR GÆRDAGSINS

Danski handboltinn

AARHUS-KOLDING 32-37
Róbert Gunnarsson skoraði 5 mörk fyrir Aarhus en Sturla Ásgeirsson komst ekki á blað.

Sænska úrvalsdeildin

HAMMARBY-DJURGARDENS 2-1
Pétur Marteinsson skoraði jöfnunarmark Hammarby á 60. mínútu eftir að Djurgarden hafði komist yfir á 33. mínútu. Kári Árnasyni var skipt út af á 76. mínútu en Sölvi Geir Ottesen var ekki í leikmannahópi Djurgardens.

UEFA - bikarinn

SPORTING LISBON-CSKA MOSKVA 1-3
1-0 Fidelis Rogerio (28.), 1-1 Alexei Berezoutski (57.), 1-2 Yuri Zhirkov (66.), 1-3 Vagner Love (75.).

Enska 1. deildin - umspil

IPSWICH-WEST HAM 0-2
0-1 Bobby Zamora (61.), 0-2 Bobby Zamora (72.). West Ham er komið í úrslitaleikinn.

Ítalski bikarinn - úrslit

INTER-CAGLIARI 3-1
1-0 Christian Vieri (26.), 2-0 Christian Vieri (57.), 2-1 Diego Luis Lopez (64.), 3-1 Martins (90.).

Norska bikarkeppnin

FRAM LARVIK-START 1-2
Jóhannes Harðarsson lék ekki með Start.
LEVANGER-AALESUND 0-2
Haraldur Freyr Guðmundsson lék allan leikinn í vörn Aalesund.
SARPSBORG-VALERENGA 0-4
Árni Gautur Arason lék í marki Valerenga.

Svissneska úrvalsdeildin

YOUNG BOYS-GRASSHOPPERS 3-2
Grétar Rafn Steinsson skoraði þriðja mark Young Boys með skalla á 53. mínútu og kom liðinu í 3-0. Grétar lék allan leikinn fyrir Young Boys í stöðu miðvarðar.

Náðu ekki titlinum í gær

Róbert Gunnarsson og félagum í AGF tókst ekki að tryggja félaginu fyrsta meistaratilinn í 22 ár í gær og framundan er hreinn úrslitaleikur við Kolding.

HANDBOLTI Árósarliðinu nægði jafntefli út úr öðrum úrslitaleiknum um danska meistaratilinn í handbolta eftir 34-38 sigur á útivelli í fyrsta leiknum en það tókst ekki, deildarmeistarar Kolding voru of sterkir og unnu fimm marka sigur, 32-37. Róbert Gunnarsson skoraði 5 mörk en Sturla Ásgeirsson komst ekki á blað.

„Ég er hundfúll með okkar leik. Það getur verið að það hafi verið of mikil spenna í liðinu en það var troðfull höll og mikil læti í húsinu. Ég held að fáir í liðinu hafi prófað að spila við svona aðstæður áður og ég hef sem dæmi bara prófað þetta með landsliðinu. Ég var ekki að spila minn besta leik og það hefur verið þannig í vetur að ég er með tvo eða þrjá menn á mér. Skytturarnar okkar voru ekki að ógna nægilega mikið og þeir komust upp með að pakka niður á mig og leyfa þeim að skjóta,“ sagði Róbert sem fann sig ekki nægilega vel enda í gríðarlega strangri gæslu allan tímann.

Róbert misnotaði meðal annars þrjú vítaköst í leiknum og þá réðu hann og félagar hans illa við Sebastian Seifert sem átti 12 stoðsendingar auk þess að skora 7 mörk. Maður leiksins var þó örugglega markvörður Kolding, Sindre Walstad, sem varði á þriðja tug skota.

„Ég sé leikinn liggja svolítið hjá markverði þeirra því hann var að taka mikið af skotum þegar við



Í STRANGRI GÆSLU Róbert Gunnarsson skoraði fimm mörk en það dugði ekki AGF gegn Kolding í öðrum úrslitaleiknum um danska meistaratilinn í gær.

vorum að komast inn í leikinn. Við hættem samt aldrei og því er maður svektur yfir því að við náðum ekki að nýta möguleika okkar betur í lokin,“ sagði Róbert en líkt og í fyrri leiknum var Kasper Sondergaard markahæstur hjá AGF með níu mörk en hann skoraði 11 í fyrsta leiknum.

Árósarliðið hefur ekki unnið titilinn síðan 1983 og þurfa nú að fara erfiðu leiðina, í stað þess að nægja jafntefli á heimavelli þurfa þeir að sækja sigur til deildarmeistaranna í Kolding.

„Það verður hörkuleikur í Kold-

ing á miðvikudaginn. Í dag vissum við kannski alveg í hvað við vorum að fara enda í fyrsta skipti sem okkar höll er svona troðfull og við höfðum aldrei spilað þar í svona geðveikum látum. Það hefur verið þannig í vetur að við höfum spilað aðeins betur á útivelli og við vitum líka núna hvað verið erum að fara í þegar við förum til Kolding,“ sagði Róbert að lokum sem fiskaði meðal annars fjögur víti í leiknum og er ekkert búinn að gefa það upp á báttinn að kveðja Árósi með því að vinna fyrsta Danmerkurtilit félagsins í 22 ár. ooj@frettabladid.is

HVAD? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

16 17 18 19 20 21 22

Fimmtudagur

SJÓNVARP

- 07.00 **Olíssport** á Sýn. Endursýndur þáttur.
- 07.30 **Olíssport** á Sýn. Endursýndur þáttur.
- 08.00 **Olíssport** á Sýn. Endursýndur þáttur.
- 08.30 **Olíssport** á Sýn. Endursýndur þáttur.
- 16.45 **Formúlukvöld** á Rúv. Endursýndur þáttur frá því í gærkvöld.
- 17.45 **Olíssport** á Sýn. Endursýndur þáttur.



- 19.00 **Bandaríska mótaröðin í golfi** á Sýn.
- 20.00 **Inside the PGA Tour 2005** á Sýn.
- 20.30 **Pú ert í beinni!** á Sýn. Beinskyttur umræðuþáttur þar sem rétt eru um íþróttir.
- 21.30 **Bikarmótið í Fitness 2005** á Sýn. Sýnt frá keppni í kvennaflökki.
- 22.00 **Olíssport** á Sýn. Farið verður yfir íþróttaviðburði dagsins.
- 00.15 **Boltinn með Guðna Bergs** á Sýn. Endursýndur þáttur.


ALLIR DAGAR TILBOÐSDAGAR

NYTT Á ÍSLANDI

allt að
50%
ódyrari

Öll helstu merkin í verkfærum.
Ótrúlegt úrval af BMF festingum,
boltum, skúfum og saum.
Sjón er sögu ríkari.

Súperbygg, þar sem þú færð
meira fyrir minna.



5.990 kr.

FLÍASÖG



18.490 kr.

DEWALT SDS
PLUS BORHAMAR
600W

verð frá 1.096 kr.

AXA FLEX
STORMJÁRN

verð frá 3.690 kr.

HJÓLBÖRUR



5.800 kr.

VERKFÆRAKASSI
Á HJÓLUM

4.490 kr.

HANDLAUG
Á VEGG 58X46

699 kr.

HANDSÖG
JACK 550 MM

verð frá 390 kr.

SKRÚFUBOX
VERKFÆRABOX

990 kr.

MALARSKÓFLA



690 kr. pr.stk

HRÍFA,
BEÐAKLÓRA
BEÐASKAFA

Opið mán-fös 8-18 og lau 9-15

Bæjarhaun 8 Hafnarfjörður
Sími: 414-6080

SÚPERBYGG
- meira fyrir minna



FYRSTA MARKINU FAGNAÐ Daniel Carvalho fagnar eftir að Alexei Berezoutski jafnar leikinn fyrir CSKA. Fréttablaðið/AP

Úrslitin í Evrópukeppni félagsliða ráðin:

CSKA Moskva lagði Sporting í Lissabon

FÓTBOLTI CSKA Moskva varð í gær fyrsta rússneska félagsliðið til að fagna sigri í Evrópukeppni er liðið lagði Sporting Lissabon frá Portúgal með þremur mörkum gegn einu. Úrslitaleikur sem þessir eru yfirleitt háðir á hlutlausum velli en svo vildi til að búið var að velja Jose Alvalade leikvanginn í Lissabon, heimavöll Sporting, sem vettvang úrslitaleiksins í ár. Það góða forskot tókst heima-mönnum þó ekki að færa sér í nyt.

Þeir byrjuðu að vísu betur og skorðu fyrsta markið. Rogerio var þar að verki og virtust hans menn hafa fulla stjórn á leiknum.

En þá tók brasilíumaðurinn Daniel Carvalho til sinna mála og átti hlut að máli í öllum þremur mörkum Rússanna. Alexei Berezoutski skoraði fyrsta markið með skalla eftir aukaspyrnu Carvalho, Zhirkov skoraði það næsta og Vagner Love tryggði sigurinn endanlega. Búast má við að Carvalho, sem hefur leikið frábærlega fyrir CSKA í keppninni, verði einn eftirsóttasti leikmaður sumarsins. Hann er 22 ára gamall og gekk til liðs við CSKA frá Internacional í Brasilíu í fyrra og er hann samningsbundinn liðinu til 2008. -esá

Þjálfaramálin í Keflavík til lykta leidd:

Kristján heldur áfram

FÓTBOLTI Kristján Guðmundsson hefur verið ráðinn þjálfari Keflavíkur og var gengið frá samningi í gær sem gildir út tímabilið. Kristján var aðstoðarþjálfari Guðjóns Þórðarsonar sem hætti skyndilega á föstudag og hefur nú tekið við enska D-deildarliðinu Notts County. Hann stýrði Keflvíkum gegn FH í fyrstu umferðinni en þrátt fyrir 3-0 tap þóttu Keflvíkingar standa sig með þrýði. „Ég er mjög ánægður með þetta enda

hef ég saknað þessa slags og er glaður að vera kominn aftur. Nú hefst nýr kafli hjá Keflavík enda urðum við að segja skilið við fortíðina. Þetta hefur verið áfall fyrir suma leikmenn en þeir eru staðráðnir í að halda áfram og stefna að sama markmiði.“

Kristján hefur einu sinni áður þjálfað lið í efstu deild. Það var með Þór árið 2002 eftir að hafa stýrt liðinu upp tvær deildir á jafn mörgum árum.

-esá

Kvennalið Breiðabliks undirritaði tímamótasamning: Frítt á alla leiki í sumar

FÓTBOLTI Rekstrarfélag kvennaliðs Breiðabliks hefur undirritað sannkallaðan tímamótasamning við Toyota, sem hefur ákveðið að kaupa alla heimaleiki liðsins í Landsbankadeildinni og því verður frítt á alla heimaleiki liðsins í sumar. Toyota og Breiðablik hafa starfað saman síðan árið 1991 og Breiðablik ætlar sér stóra hluti í sumar, þrátt fyrir að vera með ungt lið.

Þrjár stúlkur sem ætlað er að styrkja liðið í sumar eru væntanlegar til landsins á næstu dögum. Þetta eru miðjumaðurinn Tesia Kozlowski frá Dayton-háskólanum, varnarmaðurinn Meghan Ogilvie frá Richmond-háskóla og sóknarmaðurinn Casey McClu-

skey frá Duke-háskólanum, en hún á að baki leiki með U-21 árs landsliði Bandaríkjanna.

Fréttablaðið ræddi við Karl Brynjólfsson, formann meistara-flokksráðs kvenna hjá Breiðabliki, og spurði hann hvernig það hefði komið til að liðið er að fá þrjá leikmenn alla leið frá Bandaríkjunum.

„Þetta er gert til að styrkja liðið í heild, því við erum búin að missa fullt af leikmönnum fyrir sumarið. Það er búið að jafna verðlaunaféð milli karla og kvenna, svo að þetta snýst líka mikið um peninga. Við ætlum að vera í toppbaráttu í ár og þetta verður vonandi grunnurinn að því.



GLADIR Á GÓÐRI STUND Það var glatt á hjalla þegar forkólfar Breiðabliks og Toyota skrifuðu undir tímamótasamninginn. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Við fengum upplýsingar um þessa leikmenn frá íslenskum stúlkum sem hafa verið að leika úti og þær eiga tvímælalaust eftir

að styrkja okkur í sumar,“ sagði Karl Brynjólfsson í samtali við Fréttablaðið.

baldur@frettabladid.is

Merkjavara á silfurfatni

Mikið úrval af fótboldaskóm

- sundfatnaði - barnafatnaði

(Osh Kosh og Confetti)

And 1	Columbia	PUMA	ASICS
Casall	FIREFLY	NIKE	Rucanor
Cintamani	SPEEDO	Osh Kosh	adidas
Confetti	Diesel	O'NEILL	Catmandoo
Triumph	Pongs skór	Reebok	Röhnisch

Sundfatnaður í gríðarlegu úrvali
Stakir toppar - buxur á kr. 1.000
Sundbolir á kr. 1.000 og kr. 1.500
Bikini á kr. 1.990

VERÐDÆMI

	Okkar verð	Fullt verð
CASALL BIKINI	1.990 kr.	5.990 kr. - 7.990 kr.
Osh Kosh síðerma bolir	1.000 kr. - 1.500 kr.	3.990 kr. - 5.990 kr.
Adidas fótboldaskór	2.500 kr.	4.990 kr.
Cintamani fleece	2.500 kr. - 2.990 kr.	7.990 kr. - 9.990 kr.
Confetti úlpur ungbarna	2.200 kr.	6.990 kr.
Adidas gallar, fullorðins	5.000 kr.	9.990 kr.
O'Neill úlpur	4.990 kr.	11.990 kr.
Diesel gallabuxur, takmarkað magn	5.000 kr. - 6.500 kr.	10.990 kr. - 15.990 kr.
Asics barnaskór	3.500 kr.	6.990 kr.
Liverpool treyjur, original	3.500 kr.	6.990 kr.

Við opnum fimmtudaginn 19.05.05 kl. 14:00.

Opnunartími virka daga 14.00-18.00 - Laugardaga/Sunnudaga 10.30-18.00 - Upplýsingasími 551 8464

Fínir bílar

Gerðu góð kaup!



→ 1.690 þ.

Renault Megane II
Nýskr. 10.2003 1600cc,
4 dyra, sjsk., ekinn 18 þ.



2.090 þ.
Tilboð 1.740 þ.

Land Rover Freelander
Nýskr. 04.2001 2500cc,
5 dyra, sjsk., ekinn 50 þ.



→ 1.570 þ.

RENAULT LAGUNA II
Nýskr. 08.2002 1800cc,
4 dyra, sjsk., ekinn 42 þ.



→ 2.830 þ.

AUDI A4
Nýskr. 08.2003
4 dyra, sjsk., ekinn 30 þ.



→ 1.810 þ.

VW Passat 4 motion 4x4
Nýskr. 04.2002 2000cc,
5 dyra, bsk., ekinn 44 þ.



→ 1.590 þ.

Nissan Primera
Nýskr. 03.2003 2000cc,
4 dyra, bsk., ekinn 33 þ.



Grjóthálsi 1
bilaland.is

Opi mán-fös 10-18
og lau 12-16

575 1230

Framherjinn Didier Drogba: Með heimþrá

FÓTBOLTI Didier Drogba hjá Chelsea hefur viðurkennt að hafa þurft að kljást við heimþrá í vetur, allt frá því að hann gekk til Chelsea frá Marseille í sumar fyrir metfé. Drogba segir að hann gæti vel hugsað sér að snúa aftur til Marseille ef liðið væri í meistaraþarátta í Frakklandi en svo er ekki á þessari leiktíð. „Ég hef fundið fyrir heimþrá og Marseille skipar stóran sess í hjarta mínu. Ég hélt því fram þegar ég fór frá félaginu og það hefur ekkert breyst,“ segir Drogba.

„Einn daginn langar mig að verða franskur meistari, og best væri að sjálfsgöðu ef það yrði með Marseille. Lífið í Englandi er ekki auðvelt. Það verður að aðlag-



DIDIER DROGBA Segir það ólýsanlega tilfinningu að hafa fengið að handleika enska meistarakarinn.

ast og það er ekki auðvelt fyrir mig. Þetta er svo allt öðruvísi menning en ég á að venjast.“

- vg

Þjálfarar í Landsbankadeildinni eru búnir að vinna heimavinnuna sína.



ERTU BÚINN
AÐ STILLA UPP
DRAUMALIÐINU
ÞÍNU Á VISIR.IS?

Stigahæstu liðin eftir 6, 12 og 18 umferðir fá veglega vinninga:

Ferð fyrir tvo á leik á Englandi.
PSP, nýja leikjatölvan frá Playstation.
Gjafabréf frá Landsbankanum.
Áskrift að Sýn.

Ný þjónusta fyrir Draumaliðsþjálfara:
BOLTAVAKTIN - allt beint af vellinum á visir.is



visir

Ólafur Ingi mjög vinsæll

Fyrirliði íslenska U-21 árs landsliðsins, Ólafur Ingi Skúlason, ætti ekki að vera í vandræðum með að finna sér félag enda hefur fjöldi félaga borið víurnar í hann. Ítölsk lið ætla að njósna um Ólaf Inga með unglíngalandsliðinu í sumar.


FÓTBOLTI Ólafur Ingi Skúlason fyrirliði U21 landsliðsins verður í sviðsljósinu þegar liðið leikur gegn jafnöldrum sínum frá Ungverjalandi og Möltu í byrjun júní. Ólafur er að yfirgefa Arsenal og verður fjöldi njósnara að fylgjast með honum í landsleikjunum tveimur. Hann er nýkominn til landsins en á dögnum var hann til reynslu hjá hollenska liðinu Gröningen, liðið er í leit að hægri bakverði en Ólafur hefur ekki áhuga á að ganga til liðs við félagið til að leika þá stöðu.

„Ég er orðinn það gamall að ég vill fara að leika mína stöðu, sem er á miðri miðjunni. Ég hef ekki áhuga á að ganga til liðs við félag þar sem ég fæ ekki einu sinni tækifæri til að sýna hvað ég kann því ég spila ranga stöðu. Við vorum því sammála um að ég væri ekki rétti aðilinn í þetta,“ sagði Ólafur í samtali við Fréttablaðið.

Í gær var haft samband við umboðsmann Ólafs frá skoska liðinu Hearts sem vildi vita um kaup og kjör. Ólafur æfði hjá félaginu fyrir skömmu en þjálfari þess var látinn fara og málið því í mikilli óvissu. Nú hefur Hearts hinsvegar sagt að maður hjá félaginu verði meðal áhorfenda á leikjunum gegn Ungverjalandi og Möltu.

„Hearts er ágætur klúbbur og allar aðstæður eru finar. Ég hef allar dyr opnar en eftir umhugsun vil ég frekar leika í Champions-hip-deildinni á Englandi (næstefsta deild),“ sagði Ólafur en nokkur lið um miðja deild og í neðri hlutanum hafa áhuga á honum. Um tíma var Ólafur spenntastur fyrir Brentford en þjálfari liðsins lagði áherslu á að fá hann, liðið var í baráttu um að komast upp í deildina en er nú dottið úr umspilinu og það því úr sögunni líklegast.

Búast má við njósnurum á



VINSÆLL LANDSLIÐSMAÐUR Það verður pressa á Ólafi Inga Skúlásyni með unglíngalandsliðinu í sumar enda mun fjöldi njósnara fylgjast með.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

landsleikina frá Ítalíu og Noregi auk þeirra frá Bretlandseyjum. „Ítalskur umboðsmaður sem ég er í sambandi við hefur tilkynnt mér að það komi menn frá ítölsku liðunum Perugia, Torino og Verona

sem eru öll í Serie-B. Það er möguleiki á að ég fari þangað eftir landsleikina. Það er því mikilvægt fyrir mig að standa mig í þessum landsleikjum.“

- egm



MARK VAN BOMMEL Sést hér á góðri stundu með PSV í Meistaradeildinni fyrr í vetur.

Hollenski landsliðsmaðurinn Mark van Bommel: Genginn í raðir Barcelona

FÓTBOLTI Hollenski landsliðsmaðurinn Mark van Bommel hefur bundið enda á margra mánaða vangaveltur um framtíð sína með því að skrifa undir þriggja ára samning við nýkrýndu Spánar-meistarana í Barcelona.

Hinn 28 ára gamli miðjumaður hafði fyrir löngu lýst því yfir að hann myndi yfirgefa herbúðir PSV þegar samningur hans rynnir út í lok þessa tímabils og hafði hann verið orðaður við fjölmörg lið í Evrópu, m.a. Tottenham og

Liverpool. Gera má ráð fyrir því að hollensku tengslin hjá Barcelona hafi vegið þungt í ákvörðun van Bommels en þjálfari liðsins er sem kunnugt er hinn hollenski Frank Rijkaard og með liðinu leikur einnig Giovanni van Bronckhorst.

Van Bommel hefur verið hjá PSV frá árinu 1999 og leitt liðið til fjögurra meistaratitla í Hollandi. Hann lék 169 deildarleiki með liðinu og skoraði í þeim 46 mörk.

- vg

Það er farið að draga til tíðinda í úrslitakeppni NBA-deildarinnar í körfubolta:

Meistararnir að finna taktinn

KÖRFUBOLTI Eftir að hafa lent mjög óvænt undir 2-1 í rímu sinni við meislum hrjáð lið Indiana Pacers hafa meistarar Detroit Pistons nú sett í fluggírinn og eru nú í lykilstöðu til að klára einvígi liðanna. Fimmti leikur liðanna var háður í Detroit í fyrrinótt en þar sýndu heimamenn gamla takta í varnarleiknum og eru komnir í 3-2 í einvíginu.

Detroit sigraði örugglega, 86-67, og gestirnir frá Indiana áttu aldrei möguleika í leiknum. Ben Wallace var upp á sitt allra besta í fyrrinótt og auk þess að hirða umul frákast eins og hans er von og vísa var hann stigahæstur í liði sínu með 19 stig. Fátt virðist nú benda til annars en að öskubuskuævintýrinu í Indiana sé að ljúka, en liðið hefur náð ótrúlegum árangri í úrslitakeppninni þrátt fyrir mikil meislislykilmanna. Næsti leikur liðanna verður í Indiana í kvöld og mikið má vera ef það verður ekki síðasti

leikur Reggie Miller á löngum og glæstum ferli í deildinni.

Í vesturdeildinni er San Antonio Spurs komið í góða stöðu gegn Seattle SuperSonics eftir góðan sigur á heimavelli í fimmta leik liðanna, 103-90. Það var argentínski stormsveipurinn Manu Ginobili sem var maðurinn á bak við sigur Spurs í leiknum, en hann hefur verið liði sínu ákaflega mikilvægur í vetur. Ginobili var settur aftur í byrjunarliðið fyrir leikinn og svaraði með 39 stigum og hitti mjög vel.

Spurs á fyrir höndum erfiðan sjötta leik í Seattle, en meislislykilmanna og hörkuvörn Bruce Bowen á aðalskorara Spurs, Ray Allen, gætu reynst liðinu þungur biti í framhaldinu.

- bb

STORMSVEIPUR Argentínumaðurinn Manu Ginobili hefur verið Spurs afar mikilvægur með áreðni sinni í sóknarleiknum.



ÚR SPORTINU

Lið Newcastle hefur á heimasíðu sinni neitað fullyrðingum stjórnmanna Aston Villa þess efnis að þeir **Craig Bellamy** og **Aaron Hughes** séu á leið til Villa í sumar. Stjórnanformaður Villa, **Doug Ellis**, sagði í gær að kollegi sinn hjá Newcastle væri búinn að samþykka tilboð í leikmennina. Þetta segja Newcastle-menn að eigi ekki við rök að stýðjast og neita að búið sé að samþykka eitt eða neitt. **Bellamy** er ekki talinn eiga afturkvæmt til Newcastle eftir að upp úr sauð milli hans og forráðamanna og leikmanna félagsins.



Miðherjinn **Shaquille O'Neal** er sagður vera að hressast af meiðslunum sem hafa hrjáð hann síðustu vikur og hefur lýst því yfir að hann verði að öllum líkindum tilbúinn í slaginn í úrslitum austurdeildarinnar, sem væntanlega hefjast fljótlega eftir helgina.



„Það er betra að vera með hann með okkur í liðinu, þó svo að það verði ekki nema á 75% keyrslu,“ sagði félagi hans **Dwyane Wade**, sem að öðrum ólóstuðum hefur verið maður úrslitakeppinnar hingað til og hefur borið lið Miami á herðum sér í fjarveru stóra mannsins. Miami mun mæta annað hvort meisturum Detroit eða Indiana í úrslitum austurdeildarinnar.

Bryan Robson, knattspyrnustjóri West Bromwich Albion, hefur lýst því yfir að hann muni leitast við að kaupa allt að fimm sterka leikmenn til félagsins fyrir næsta tímabil í þeim tilgangi að styrkja liðið í baráttunni næsta vetur. West Brom bjargaði sér sem kunnugt er frá falli á elleftu stundu á dögnum og **Robson** segist vilja byggja á því starfi sem hann vann hjá klúbbnum á síðari helmingi síðustu leiktíðar.



Newcastle hefur staðfest að félagið muni ekki endurnýja samning sinn við hollenska framherjann **Patrick Kluivert** í sumar og segir að hann sé á förum frá félaginu, en þar hefur hann ekki náð sér á strik. Nokkur lið á Spáni eru sögð vera á eftir honum og hinn 28 ára gamli markaskorari hefur sjálfur gefið út að hann vilji fara aftur til Spánar, þar sem hann lék áður en hann kom til Newcastle. Lið eins og Real Betis, Valencia og Sevilla eru sögð hafa áhuga á að fá hann til liðs við sig.

Flavio Briatore, framkvæmdastjóri Renault-liðsins í formúlu 1, hefur bæst í hóp þeirra fjölmörgu sem hafa gagnrýnt heimsmeistarann **Michael Schumacher** fyrir slæmt gengi í keppnum ársins. „Hann er orðinn of gamall,“ sagði **Briatore**, „ég hélt upp á fyrsta titil hans með honum fyrir ellefu árum og hann er frábær ökumaður, en hann er samt orðinn of gamall. Ég sé það meira að segja á honum í keppnum sem hann var að vinna mót eftir mót í fyrri. Mér fannst hann ekki hafa gaman af því,“ sagði hann.

TILBOÐSFELGUR ÓTRÚLEGT VERÐ!
Felgur undir flestar tegundir bifreiða

Verð/stgr.
13" 6.995,-
14" 10.995,-
15" 12.995,-
16" 15.995,-
17" frá 15.995,-
Mikið úrval

GVS
Gúmmivinnustofan hf.
Réttarhálsi 2. Sími 587 5588

Spænski landsliðsmaðurinn Jose Antonio Reyes:
Virðum leikmenn United

FÓTBOLTI „Leikmenn Arsenal vilja þennan bikar meira en nokkrir aðrir leikmenn, þar á meðal leikmenn Man. Utd,“ lét spænski sóknarmaðurinn Jose Antonio Reyes hjá Arsenal hafa eftir sér við breska fjölmiðla í gær. Það er því greinilegt að orðastríðið fyrir úrslitaleikinn í ensku bikarkeppinni á laugardag er hafið og leikmenn beggja liða eru farnir að ögra hverjir öðrum með hispurslausum ummælum.



JOSE ANTONIO REYES

Engin lognmolla hefur verið í undanförunum viðureignum þessara liða og má fastlega búast við því að mikill hiti muni ríka á Þúsaldarvellingum í Cardiff á laugardag.

Reyes segir að þrír leikmenn

beri af öðrum í liði Man. Utd. „Wayne Rooney, Cristiano Ronaldo og Nistelrooy. Þeir tveir fyrstnefndu eru ótrúlega þroskaðir miðað við aldur og Nistelrooy er einfaldlega einn besti framherji í heimi. Annars munum við koma fram við hvern einasta leikmann liðsins með virðingu og ég á von á því að það sama verði uppi á teningnum hjá þeim,“ segir Reyes.

- vig

Fiskbúð til sölu

Ein glæsilegasta fiskbúð landsins er til sölu. Fiskbúðin er mjög vel staðsett og þykir til fyrirmyndar hvað varðar hreinlæti, ferskleika og metnað í framreiðslu fisks.

Upplýsingar eru ekki gefnar í gegnum síma eða með tölvupósti. Frekari upplýsingar eru veittar á staðnum. Fyrirtækjasalan suðurverí stigahlíð 45-47.

GÆÐAVARA Á BETRA VERÐI!

SPARADU PENINGA **MICHELIN** **BF Goodrich**
...einfaldlega betri!
DEKKJA LAGERINN 755 3355
LEIÐANDI Í LÆGRA DEKKJAVERÐI
DEKK • FÓLKSBIÐLADEKK • JEPPADEKK • FÓLKSBIÐLADEKK • JEPPADEKK • FÓLKS

Amerískir dagar
Landsins mesta úrval af Amerískum ísskápum með eða án klakavél. Hvítir, svartir eða stál

Allt að 30% afsláttur

Verð frá aðeins kr. Stgr. ***Tvöfaldir kæli- og frystiskápar 129.900.-**
*Tvöldur LG-kæli- og frystiskápur, hvítur

Plasma og LCD
Vaxtalausar raðgreiðslur

42"
106 cm

LG - Hágæða 42" Plasma sjónvarp RZ42PX11
Tvöfaldur sjónvarpsmóttakari gefur þér möguleika að horfa tvær ólíkar stöðvar í einu. 2400 síðna textavarpssminni. Fullkomið hljóð færð þú í gegnum kröftuga hátalara og með Dolby virtual surround færð þú surround-upplifun úr einungis tveim hátölurum.
Upplausn 842x480p. Birtustig: 1000
Ofurskerpa: 5000:1
60000 klst. ending eða ca. 20 ár

Aðeins kr. pr.mán. **25.041.-***
Vaxtalausar raðgreiðslur/12mán.
Verð kr. 299.900.-

30"
75 cm

ELFUNK 30" LCD-sjónvarp - AGTV3008
Upplausn: WXGA 1366X768
Birtustig: 500 CD/M2
Skerpa: 600:1
APS, Comb Filter, Tölvu tengi Stereo/Nicam Stereo/ Virtual Dolby Mynd í mynd o.m.fl.

Aðeins kr. pr.mán. **13.392.-***
Vaxtalausar raðgreiðslur/12mán.
Verð kr. 159.900.-

42"
106 cm

ELFUNK 42" PLASMA SJÓNVARP - AG 4205
Breiðtjaldsskjár 16:9
Upplausn WVGA (852X480)
LG skjár, Birtustig 1000 CD/M2
Skerpa 3000:1, Stærð 1170 X 365 X 765
4 Scart tengi, S-Video, AV inngangur o.m.fl.
Heimabíó fylgir

Aðeins kr. pr.mán. **16.231.-***
Vaxtalausar raðgreiðslur/12mán.
Verð kr. 193.800.-

*Daweoo heimabíó DHXDXH100

Heimabíó fylgir*

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF


- ANNO 1929 -

Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is

*kr.150.- greiðslugjald bætist við hverja greiðslu.



Opið laugard. 11:00 - 16:00



SMS LEIKUR

STAR WARS
EPISODE III
REVENGE OF THE SITH

HEIMSRUMSÝND
20.05.05

Sendu SMS skeytið
JA SWM á númerið
1900 og þú gætir unnið

Vinningar
Miðar fyrir 2 á StarWars III
StarWars tölvuleikur
Glæsilegur varningur
tengdur myndinni
DVD myndir og margt fleira.

Aðalvinningur
Sony
Walkman E55

12.
hver
vinnur

Spilaðu allar
helstu senurnar úr
Star Wars Episode III

D3
MOBILE

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi.
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb, 99 kr/skeytið.
Aðalvinningur dregin út úr öllum inn sendum SMS-um.

Bióklúbbur MasterCard
www.kreditkort.is/klubbar

spron **Kellogg's** **Síminn**

STUÐ MILLI STRÍÐA : Framkvæmdagleði eða hugsjónir

SVANBORG SIGMARSDÓTTIR ER STÓRHUGA Í DAG



Með vorinu verð ég stórhuga. Læt mig dreyma um alls konar framkvæmdir, jafnt innan húss sem utan. Nýtt eldhús, nýja stofu, nýtt bað og ég veit ekki hvað. Jafnframt reyni ég að skipuleggja í huganum hvernig hægt sé að gera garðinn huggulegan, að minnsta kosti huggulegri en hann er í dag. Meira er um mosa en gras og lítið hefur verið um gróðursetningu sumarplantna síðan ég flutti inn.

Með allar þessar stórfamkvæmdir í huga hef ég þó ekki komist lengra en að kaupa mér nýja

bókahillu. Loksins þarf ég ekki að hafa þrefaldar raðir af bókum í hillum mínum. Tvöfaldar raðir í sumum hillum dugur. Með allt hitt veit ég ekki alveg hvar ég á að byrja. Ef ég byrja á einu virðist það hlaða upp á sig upp í það óendanlega. Áður en ég veit af er íbúðin orðin óíbúðarhæf. Að minnsta kosti í huganum í allri skipulagningunni.

Garðurinn er annað mál. Mig dreymir um sólpall, bekki og borð. Jafnvel grill í einu horninu. Sjálf-sagt er hægt að byrja að snyrta eitthvað til og rifja upp allt það sem mér hefur verið kennt í garðrækt í gegnum tíðina. Miðað við uppruna minn og margar stundir við að aðstoða móður mína í garðinum ætti ég nefnilega að kunna margt. Fátt

virðist þó hafa fest í kollinum, nema heiti plantna og óljós hugmynd um hvernig hægt er að raða blómum í beð þannig að það sé alltaf eitthvað blómstrandi. Mig rámar eitthvað í að sum blóm blómstri að vori á meðan önnur skarti sínu fegursta síðsumars. Í mínum garði er aðaláherslan á plöntur sem blómstra allt árið, eins og fífla.

Með hækkandi sól og hitastigi er engin afsökun lengur fyrir því að húka inni, lesa bara bækur, horfa á sjónvarp og láta sig dreyma um stórfamkvæmdir. Líklega er þó best að byrja bara rólega. Taka eitt skref í einu til að allt fari ekki úr böndunum og ég endi með óíbúðarhæft húsnæði og garð sem er ekkert nema mold og urð. ■

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli



GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



PÚ OG PA

Eftir SÖB



KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



■ FÓLK

Eva Longoria kynþokkafyllst

Karltímaritið Maxim hefur valið hundrað kynþokkafyllstu konurnar árið 2005. Það var Eva Longoria úr þættinum Aðþrengdar eiginkonur sem hreppti þennan titil en hún leikur hina ótrúu eiginkonu, Gabrielle Solis, í þáttunum vinsælu.

Longoria segist rétt vera búin að jafna sig á velgengni þáttanna

og þá bætist þetta ofan á. „Þetta er svolítið undarlegt, því ég var í 91. sæti í fyrra,“ sagði leikkonan. Það sem kom henni hins vegar mest á óvart var að hún skyldi skjóta Angelínu Jolie ref fyrir rass. „Mér finnst ótrúlegt að Jolie skuli ekki fá þessa tilnefningu þar sem allt við hana er kynþokkafullt: sjálfsöryggið, fegurðin, persónuleikinn og það sem hún stendur fyrir.“

Þessi titill er þó ekki það eina sem þær stóllur eiga sameiginlegt, því fyrr á þessu ári lýsti Longoria því yfir að hún væri til í að eignast barn með Brad Pitt. Jolie og Pitt eru sem fyrr enn

sögd vera saman og Pitt sagður vera að flytja til London svo hann geti verið nærri ástkonu sinni. ■



EVA LONGORIA Eins og sjá má er stúlkan vissulega fönguleg en henni sjálfri finnst Jolie fallegri.

■ FÓLK

Komin í sumarskapið

Austurvöllur er einn af heitustu stöðunum þegar vel viðrar í Reykjavík. Í gær bættist enn einn veitingastaðurinn við flórana við þennan sælureit Reykjavíkur en hann er við skemmtistaðinn Nasa. Búið er að koma borðum og stólum fyrir úti í sólinni og boðið verður upp á léttar veitingar á frábæru verði. Austurvallaborgari verður á 890 kr, Alþingisborgari á 990 kr og Dómkirkjuloka á 990 krónur svo dæmi séu nefnd. Einnig verður boðið upp á Nasa Tortillur á 690 og flöskubjórinn verður seldur á 500 krónur en rauðvíns- og hvítvínsglós á 600 kr. Það ætti því hver að geta notið sín í sumar og óþarfi að sitja á háhæluðum sumarsöndulum í grasinu. ■



Í SUMARSKAPI. Eigendur Nasa, Garðar Kjartansdóttir og Ingibjörg Örlygsdóttir í góða veðrinu utandyra.

■ FÓLK



LÉTTAR LJÓSKUR Pamela Anderson og Paris Hilton eru skondinn félagsskapur; ríkar, frægir og ofdekraðar.

Paris les ekki matseðla

Kynbomban Pamela Anderson hefur uppljóstrað að hótelerfinginn og klámmyndadrottningin Paris Hilton neiti að lesa matseðilinn þegar hún borðar á veitingastöðum. Skvísurnar tvær höfðu brugðið sér á matsölustað þegar Paris bað þjóninn að lesa upp fyrir sig matseðilinn.

„Hún er skemmtileg og myndin,“ sagði Pamela við karlatímaritið GQ. „Síðast þegar ég hitti Paris fórum við út að borða. Þá skellir hún matseðlinum í borðið með látum og æpir yfir staðinn: „Ég hata að lesa! Vill einhver segja mér hvað stendur á þessum matseðli! Ég meina, ég er ljóshærð og allt það, en fyrr má nú alldeilis fyrrvera!“ ■

■ TÓNLIST

Lag til styrktar Suu Kyi

Tónlistarmaðurinn og Íslandsvinurinn Damien Rice sendir frá sér smáskífulagið Unplayed Piano þann 20. júní. Með höfundur lagsins er Lisa Hannigan, sem hefur sungið með Rice í gegnum tíðina.



Lagið verður gefið út í tilefni sextugsafmælis lýðræðissinnans Aung San Suu Kyi frá Mjanmar (áður Búrma) sem hefur verið í stofufangelsi þar í landi vegna stjórnmalaskoðana sinna. Allur ágóði af sölu smáskífulagsins mun renna til baráttunnar fyrir frelsi Suu Kyi. ■

SYSTEM OF A DOWN

MEZMERIZE

Nýja platan með System Of A Down // MEZMERIZE er komin út og verður á tilboði í verslunum Skífunnar í allt sumar á aðeins 1.999 kr.

2 fyrir 2.200

2 fyrir 2.200

2 fyrir 2.200

Einnig minnum við á að eldri plötur sveitarinnar eru fánlegar í 2 fyrir 2.200 tilboðinu.

...skemmtir þér ;)

X-ite

unaðsgel fyrir konur og karla

Xite er unaðsgel sem eykur kynlífsánægjuna, bæði hjá konum og körlum.

Fæst í næsta apóteki

Tvær klarínettur takast á

EKKI MISSA AF...

... sýningu **Báru Magnúsdóttur** ljósmyndara, Heitir reitir, í Ljósmyndasafni Reykjavíkur, sem er til húsa á 6. hæð í Grófarhúsi, Tryggvagötu 15. Sýningunni lýkur á sunnudaginn.

... vortónleikum **Gradualekórs Langholtskirkju**, sem verða haldnir í Langholtskirkju á laugardaginn.

... djasstónleikum á Pravda í kvöld þar sem **Kvartett Maríu Magnúsdóttur** spilar.



er þeirra elstur og eiginlega beint úr Vínarskólunum. Yfir þessum konsert hans er klassísk heiðrika, svo þetta er ágæt blanda." Hljómsveitarstjóri á tónleikunum er Gintaras Rinkevicius.

„Það er draumur að spila með Dinka,“ segir Ein- ar Jóhannesson klarínettuleikari. Dinka er Dmitri Ashkenazy, sem einnig er klarínettuleikari, kominn hingað til lands að spila með Einari með Sinfóníuhljómsveit Íslands í kvöld. Þeir ætla að flytja konsert fyrir tvær klarínettur eftir austurríska tónskáldi Franz Krommer. „Þetta er skemmtilegt samtal á milli hljóðfæ- ranna. Tónhendingarnar fljúga á milli okkar. Klarínettan er sópranhljóðfæri, þannig að við erum tvær sópranprimadonnur að glenna okkur en verðum síðan að kyngja því að lenda saman og allt fellur loks í ljúfa löð.“ Á tónleikunum verður einnig flutt Moldá eftir Bedrich Smetana og Sinfónía nr. 9 eftir Antonín Dvorák, „Frá nýja heiminum“. Bæði þessi verk eru töluvert frægari en klarínettukonsert Krommers. „Þetta eru allt saman Tékkar. Dvorák er þetta mikla sinfóníutónskáld og Smetana var upphafs- maður þjóðlega tékkneska skólans, en Krommer

menning

menning@frettabladid.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ

DRÁUMLEIKUR

e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ. Fö 20/5 kl 20, Fö 27/5 kl 20

Síðustu sýningar

HÍBÝLI VINDANNA

leikgerð Bjarna Jónssonar eftir Vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar

Su 22/5 kl 20, Fi 26/5 kl 20

- Síðustu sýningar

HÉRI HÉRASON

e. Coline Serreau

Lau 28/5 kl 20

- Síðasta sýning

KALLI Á ÞAKINU

e. Astrid Lindgren

Í samstarfi við Á þakinu

Su 22/5 kl 14 - UPPS., Lau 4/6 kl 14 UPPS.

Su 5/6 kl 14 - UPPS., Su 12/6 kl 14,

Su 12/6 kl 17, Lau 18/6 kl 14, Su 19/6 kl 14,

Su 26/6 kl 14

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRÍJJA HÆÐIN

AUTOBAHN Á LISTAHÁTÍÐ

Leiklestur nýrra þýskra verka Marius von Mayenburg og Ingrid Lausund

Í dag kl 17

Umræður við höfunda á eftir

Ókeypis aðgangur.

TERRORISMI

e. Presnyakov bræður

Fö 20/5 kl 20

Síðustu sýningar

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR

Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.

Í kvöld kl 20, Fö 20/5 kl 20 UPPS.,

Su 22/5 kl 20, Fi 26/5 kl 20 - UPPS.,

Fö 27/5 kl 20, Lau 28/5 kl 20, Su 29/5 kl 20,

Fi 2/6 kl 20, Fö 3/6 kl 20

THE SUBFRAU ACTS

- GESTALEIKSÝNING

The paper Mache og Stay with me

Fi 26/5 kl 20, Fö 27/5 kl 20

Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna
- gildir ekki á barnasýningar

Míðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is

Míðasala á netinu www.borgarleikhus.is • Míðasalan í Borgarleikhúsinu er opin: 10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga 12-20 laugardaga og sunnudaga

Með hugann við Bosníu

Nýja leikritið hans Jóns Atla Jónssonar hefst á því að ung stjarna vaknar upp hjá fimmtugum höstler og röltir niður í eldhús. Þar situr við símann Johnny, sonur höstlersins. Hann er að reyna að fá fregnir af bróður sínum, Júlla sækó, sem er týndur í Bosníu.

„Þetta verður viðburðaríkur dagur í lífi þessa unga manns,“ segir Gísli Örn Garðarsson, einn leikenda í leikritinu. „Fjölskyldan hans er nett rugluð, mamman farin og pabbinn svona helvíti hress. Síðan kemur dónsmýglarinn Pési í heimsókn.“

Leikritið heitir Rambó 7 og verður að teljast „spennandi verk eftir nýjan höfund um ungu kynslóðina í dag,“ eins og Þjóðleikhúsið lýsir verkinu.

Eftir Jón Atla hafa áður verið sýnd leikrit á borð við Draugalestina og Brim, sem bæði vöktu mikla athygli. Draugalestin var sýnd í Borgarleikhúsinu, en Vesturport setti upp Brim.

Gísli Örn leikur týnda bróðurinn, sem þvælist um í huga Johnny, en aðrir leikarar í Rambó 7 eru Nína Dögg Filippusdóttir, sem leikur stjórnuna, Ólafur Egill Ólafsson, sem leikur Johnny, og Ólafur Darri Ólafsson, sem leikur dónsmýglarann.

„Það er mjög gaman að vinna með höfundi eins og Jóni Atla,“ seg-

STJARNAN OG DÓPSMÝGLARINN
Leikrit Jóns Atla Jónssonar, Rambó 7, verður frumsýnt á Smiðaverkstæði Þjóðleikhússins í kvöld.



ir Gísli. „Hann er svo óeigingjarn á textan sinn. Þegar við gerðum Brim kom hann bara með grunn að leikriti og það varð síðan til hjá okkur.“

Þau Gísli Örn og Nína Dögg eru í fyrsta sinn að koma fram í Þjóðleikhúsinu, en þau eru helstu sprautur leikhópsins Vesturport, sem gerði garðinn frægan með Rómeó og Júlíu í London og er á leiðinni þangað aftur í haust með Voyzek. Svo eru þau að taka upp bíómyndina Kvikyndi þessa dagana, milli þess sem þau leika í Þjóðleikhúsinu.

Leikstjóri er Egill Heiðar Anton Pálsson, sem einnig er að vinna sitt fyrsta verk með Þjóðleikhúsinu í

þetta skiptið. Hann hefur vakið athygli fyrir frumlegar og kraftmiklar uppsetningar leikrita á Norðurlöndunum, meðal annars við Konunglega leikhúsið í Kaupmannahöfn og Borgarleikhúsið í Stokkhólm.

„Egill er mjög uppfinningasamur og virðist vera búinn að marka sér sína stefnu og ákveðinn stíl í námi sínu úti. Þetta hefur verið mjög skemmtilegt ferli og allir einhvern veginn til í að dansa með,“ segir Gísli Örn.

Tónlistin er eftir þá Gísla Galdur Þorgeirsson og Viðar Hákon Gíslason, og flytja þeir hana jafnframt á sýningum. ■

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

16 17 18 **19** 20 21 22
MÁI
Fimmtudagur

■ ■ ■ TÓNLEIKAR

- 20.00 **Strætókórinn** heldur vortónleika sína í kirkju Óháða safnaðarins að Háteigsvegi 56. Kórinn er skipaður núverandi og fyrverandi starfsmönnum Strætisvagna Reykjavíkur. Stjórnandi er **Guðmundur Ómar Óskarsson**.
- 20.00 Árlegir vortónleikar **Tónvers**

Tónlistarskóla Kópavogs verða haldnir í Salnum. Frumflutt verða rafskotin tónverk eftir nemandur Tónversins. Aðgangur er ókeypis.

- 21.00 **Benni Hemm Hemm** leikur í Gyllta salnum á Hótel Borg. Með honum leikur tíu manna hljómsveit hans.
- 22.00 **Kvartett Maríu Magnúsdóttur** spilar djass og gospel á Pravda. María syngur, **Jóhann Ásmundsson** spilar á bassa, **Ragnar Emilsson** á gítar og **Erik Quick** á trommur.
- 22.00 Hljómsveitirnar **Bacon, Dýrdín, California Cheeseburger** og **The Foghorn's** leika á Grand Rokk.

Hljómsveitin **Hraun** heldur tónleika á Café Rósenberg. Leikin verða lög af tveimur plötum sem hljómsveitin er að gefa út.

■ ■ ■ LEIKLIST

- 20.00 **Rambó 7**, nýtt verk eftir **Jón Atla Jónsson**, verður frumsýnt á Smiðaverkstæði Þjóðleikhússins í leikstjórni **Egils Heiðars Antons Pálssonar**.
- 21.00 Áhugaleikhús Atvinnumannanna sýnir **Ódauðlegt verk um Stjórn og Stjórnleysi** í Klink og bank við Brautarholt. Leikarar eru **Árni Pétur Guðjónsson, Aðalbjörg Árnadóttir, Orrí Huginn Ágústsson, Ólafur Steinn Ingunnarson** og **Ólóf Ingólfssdóttir**, en **Steinn Knútsdóttir** leikstjóri.

■ ■ ■ OPNANIR

- 14.00 **Sigrún Guðjónsdóttir, Rúna**, opnar sýningu í Menningarsalnum í Hrafnistu í Hafnarfirði.
- 17.00 **Jóhann Tryggvason** opnar sýningu á olíumálverkem í Sparisjóði Hafnarfarðar, Garðatorgi 1 í Garðabæ. Viðfangsefni sýningarinnar er Elliðaárdalur og fleira.

■ ■ ■ SKEMMTANIR

- Dúndurbandið **Bermuda** skemmtir í Þjóðleikhúskjallaranum.

■ ■ ■ FUNDIR

- 08.30 **Fögur orð og framkvæmd** nefnist málling útskriftarnema á þroskaþjálfabraut Kennaraháskóla Íslands, sem haldið verður í Skriðu, fyrirlestraral skólans við Stakkahlíð. Fjallað verður meðal annars um barna- og fjölskyldumál, þjónustu við fjölskyldur fatlaðra barna um landið og þáttöku fatlaðra á almennum vinnumarkaði.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

RAMBÓ 7

FRUMSÝNING Í KVÖLD - UPPSELT!

■ Stóra sviðið kl. 20.00
MÝRARLJÓŠ - Marina Carr
Í kvöld fim. 19/5 **örfá sæti laus**, sun. 29/5 **Allra síðasta sýning**
EDITH PIAF - Sigurður Pálsson
Fös. 20/5 **örfá sæti laus**, sun. 22/5 **uppselet**. **Síðustu sýningar í vor.**
DÍNAMÍT - Bigir Sigurðsson
Í kvöld fim. 19/5 **örfá sæti laus**, sun. 29/5 **Allra síðasta sýning** 7. sýn. lau. 21/5, 8. sýn. fim. 26/5 **nokkur sæti laus**, 9. sýn. fös. 3/6, 10. sýn. lau. 11/6, 11. sýn. sun. 12/6.
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR - H.C. Andersen
Sun. 22/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, lau. 28/5 kl. 14:00 **nokkur sæti laus**, sun. 5/6 kl. 14:00. **Síðustu sýningar í vor.**
ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA - Hallgrímur Helgason/leikgerð Baltasar Kormákur
Fös. 27/5, lau. 28/5, lau. 4/6 **nokkur sæti laus**, fim. 9/6, fös. 10/6.
Aðeins örfáar sýningar vegna fjölda áskorana.
■ Smiðaverkstæðið kl. 20.00
RAMBÓ 7 - Jón Atli Jónsson
Tónlist: Gísli Galdur Þorgeirsson og Viðar Hákon Gíslason **Lýsing:** Hörður Ágústsson
Leikmynd: Ólafur Jónsson **Búningar:** Þórunn E Sveinsdóttir
Myndvinnsla: Árni Sveinsson **Leikstjóri:** Egill Heiðar Anton Pálsson
Leikarar: Gísli Örn Garðarsson, Nína Dögg Filippusdóttir, Ólafur Egill Egilsson, Ólafur Darri Ólafsson
Frumnýning í kvöld fim. 19/5 **uppselet**, sun. 22/5 örfá sæti laus, fös. 27/5, lau. 28/5
■ Valaskjálfi, Egilsstöðum
EDITH PIAF Á AUSTURLANDI - Söngdagskrá úr samnefndum söngleik
Mið. 1/6 kl. 20:00, fim. 2/6 kl. 20:00.
Míðasalan hefst í dag mið. 18/5 á Bókasafni Héraðsbúa.
Opíð alla virka daga frá kl. 14-19. Sími 471 1546
Míðasölusími: 551 1200 Netfang: midasala@leikhusid.is Vefang: www.leikhusid.is
Opíð kl. 12:30-18:00 mán.-þri. Aðra daga kl. 12:30-20:00. Stímapantanir frá kl. 10:00 virka daga.
Þjóðleikhúsið sími 551-1200

Ávaxtakarfan
Í AUSTURBÆ
Birgitta
Gadda Gulrot

...Ef horft er á í réttu ljósi hve lífið er stutt og lukkan svo hverful og smá. Ef horft er á í réttu ljósi. Hver dagur er gjöf, svo margt sem að hægt er að sjá...

SPARISJÓÐURINN

IsMedia

Míðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl. 14 til kl. 18 pantanir í síma 551 4700 www.avaxtakarfan.is

Sunnudagur 29. Maí kl: 13:30

www.midi.is

„Lestin“ á listasöfnunum

MYNDLIST

GUÐMUNDUR ODDUR MAGNÚSSON

Listahátíð í Reykjavík 2005

Listasafni Íslands
Listasafni Reykjavíkur

Niðurstaða: „Dieter varð stór fyrst og fremst með því að gera aðra stóra – sérstaklega þá sem eiga allt lítið nema hjartað.“

Þessa dagana fá Íslendingar í fyrsta sinn tækifæri til að líta yfir stóran hluta verka Dieters Roth sem kom hingað til lands fyrst 1957 út af ástinni og hafði hér aðsetur í einhverri mynd alla sína ævi eftir það. Með opnun á sýningum hans „Lestinni“ í Listasafni Reykjavíkur og Listasafni Íslands og fleiri stöðum hófst umfangsmesta og líklega merkilegasta myndlistarveisla sem hingað til hefur verið haldin hér á slóðum. Fjöldi annarra athyglisverðra sýninga er í boði hér í borginni og úti um allt land. Á fyrstu áratugum veru sinnar hér á landi var Dieter Roth alls ekki aúfúsugestur á öllum stöðum og er starf hans við Birting síður en svo eina dæmið. Hann átti þó þeim mun tryggari vini og aðdáendur þótt fáir væru. Það var aldrei hlaupið að því að efna til stórra sýninga á hans verkum né heldur var það honum auðvelt þótt hann væri sjálfur í skapi til þess – honum var svo illa við að eiga við safnafólk sem þarf að hafa reglu á öllum hlutum. Tilfinningar hans til Íslendinga voru sterkar og bera verk hans þess rík merki. Það skemmtilega við þetta í haleyjaræðum dagsins í dag er að hann elskaði

allt í Íslendingum sem ótrúlega mörgum okkar þykir ekki þar fint – hálf skömmumst okkar fyrir og viljum helst ekki að nokkrir horfi upp á – hvorki börn né útlendingar. Hann gerði heimóttarskap okkar að sínum efnivið – þar sem skortur á faguðum og menntuðum smekk er algjör og ekkert nema tært hjartað ræður ferðinni.

Dieter Roth breyttist við kynni sín af Íslendingum. Sjálfur tilheyrði hann kynslóð fólks í Mið-Evrópu sem upplifði rústir seinni heimsstyrjaldarinnar og vildi byggja upp í ströngum geometriskum stíl. Þau verk er hægt að skoða núna í húsnaði Orkuveitu Reykjavíkur. Á sjöunda áratugnum gefst hann upp á

þeirri stefnu og er fróðlegt til dæmis að rifja upp ummæli hans um íslenska umhverfið á þessum tíma sem urðu svo svo rík í verkum hans. „Þá var síður að byggja sér kjallara og bæta svo ofan á eftir efnunum, búa á meðan í kjallaranum. Alls staðar sá maður þakpappa og alls konar drasl, moldarhauga allt í kring. Og þegar snjórinn bráðnaði varð þetta að drullusvaði sem maður óð upp á legg. Það merkilega var einnig að sumir þessara húsbyggjenda virtust hafa beðið svo lengi, að húsín þeirra voru að detta í sundur áður en þau komust upp. Þetta voru nýjar rústir.“

Flæðið í verkum Dieters kemur vel fram í sýningarsölum listasafnanna. Þegar grannt er skoðað eru reglur í öllum rústunum. Í langflestum tilvikum er í þeim spegilmýnd, fiðrildi, samlokur eða andhverfur. Hans mælikvarði á allt var einhverskonar sannleikur – að fela hvorki né fegra hlutina. Fegurðin búi í sannleikanum og sannleikurinn í fegurðinni. Ekki endilega í sannleikanum fyrir hönd okkar allra heldur fyrst og fremst í hans eigin sannleika eins og okkar allra.

Dieter varð stór fyrst og fremst með því að gera aðra stóra – sérstaklega þá sem eiga allt lítið nema hjartað. Fráfall hans kom sumum aðdáendum hans ekkert illa. Þá varð til miklu stærra rými fyrir þá – minna um gagnrýni. Í lífanda lífi var hann harður dómari í sannleiksprófunum. Þegar upp er staðið er lestarferðin í listinni um svoléiðis menn – sem afhjúpuðu og komu auga á en ekki þá sem fegruðu hlutina og breiddu yfir bara til að græða peninga. ■



DIETER-LESTIN Guðmundur Oddur Magnússon skrifar um sýningarnar á verkum Dieters Roth á Listahátíð.

KRINGLUKRÁIN

Selma á breiðtjaldi í kvöld

- Sérreittamatseðill
- Tilboðsmatseðill fyrir leikhúsgesti
- Hópamatseðill

Borðapentanir í síma 568 0878 www.kringlukrain.is

DANSLEIKIR um helgina

Föstudaginn 20. maí

DANSHLJÓMSVEIT

FRÍÐJÓNS Jóhannssonar

Laugardaginn 21. maí

EVRÓVISIONPARTÝ & BRIMKLÓ

Alvöru sveitaball á mölinni...

KLÚBBURINN við Gullinbrú

Sjá nánari upplýsingar á www.klubburinn.is eða í síma 567 3100

Eurovisionpartý

Ekki missa af Eurovisionpartý NOA NOA. Full búð af flottum fötum fyrir spennandi kvöld. Góða skemmtun og áfram Ísland! Nýji Eurovisiondiskurinn fylgir með fyrir heppna viðskiptavini.



TOPSHOP

langar að bjóða öllum að koma og hita upp fyrir Eurovision, fimmtudag, föstudag og laugardag. Við ætlum að hlusta á gömul Eurovision lög til að koma okkur í stuð fyrir laugardagskvöldið.

Allir sem koma, fá að giska á í hvaða sæti Ísland lendir. Þeir **5 fyrstu** sem verða dregnir með rétt svar fá **10.000kr inneign í TOPSHOP.**

EUROVISION DAGAR Í TOPSHOP

Áfram **SELMA**



VEITINGASTAÐURINN

VEITINGASTAÐURINN RAUÐA HÚSIÐ
BÚÐARSTÍG 4, EYRARBAKKA



Ferskur. Það er alltaf jafn skemmtilegt að heimsækja Rauða húsið á Eyrarbakka.

Sveitarómantik á Eyrarbakka

Hvernig er stemmingin? Það er alltaf jafn gaman að koma í Rauða húsið á Eyrarbakka. Staðurinn flutti reyndar á dögunum í nýtt og stærra húsnæði en þrátt fyrir flutningana hefur góða andrúmsloftið haldið sér. Nýi staðurinn er mun bjartari enda státar hann af stórum gluggum, ljósum eikargólfum og fódruðum veggjum. Húsgögnin eru þau sömu og á gamla staðnum. Það er bæði skemmtilegt að heimsækja staðinn að sumri og að vetri til. Staðurinn er rómantískur og því ekki vitlaust að fara þangað á deit.

Matseðillinn: Það eru bara gómsættir réttir á matseðli Rauða hússins, bæði af sjó og af landi. Staðurinn er þekktur fyrir humarinn sinn, sem er sérlega bragðgóður.

Vinsælast: Sjávarréttasúpan er vinsælust en hún er matarmikil, full af fiski, humri og alls kyns grænmeti. Með henni er borið fram nýbakað brauð og hummus.

Réttur dagsins: Boðið er upp á rétt dagsins yfir daginn, til fimm. Réttirnir eru misjafnir frá degi til dags og kosta á bilinu 1.200-2.200 krónur.

HOLLANDIA: Gerist vart ódýrari



Nýlega kom í Vínbúðirnar nýr ódýr 4,8% bjór á aðeins 155 kr. dósin og gerist það vart ódýrara. Kærkomin viðbót sem margir munu eflaust taka fagnandi í Eurovision partíunum um helgina. Holland er lítill blettur á heimskortinu en Hollendingar hafa frá fornri tíð verið leiðandi í heimsverslun og síðast en ekki síst frábærir bjórframleiðendur. Holland er gífurlega stór bjórútflytjandi og er það að þakka góðum bjór, góðum gæðum og umfram allt góðum viðskiptatengslum frá fornu fari sem ná til allra landa. Hollandia-bjórinn er háklassa premium-bjór sem á sívaxandi vinsældum að fagna bæði innan og utan Hollands. Hollandia-bjórinn er framleiddur eingöngu úr náttúrulegum hráefnum, fyrirtækið maltar sitt eigið bygg og á sína eigin vatnsuppsprettu sem tryggir gæðinn. Hollandia er með góðri fyllingu; frískandi og þægilegur bjór 4,8% að styrkleika sem tryggir gott bragð.

Fæst í Heiðrúnu og Kringlunni og kostar 155 kr. í 500 ml dós.



SNEMMA BEYGIST KRÓKURINN Margrét Árnadóttir byrjaði að elda mat þegar hún var tólf ára.

Skapandi í eldhúsinu

Leirlistarkonan Margrét Árnadóttir er æði flink þegar kemur að matreiðslu. Hún byrjaði snemma að elda heima hjá sér eða um tólf ára gömul. Á þeim tíma var Hrísteigsglás í mestu upphaldi en sá réttur var búinn til úr hakki og fleiru og eldaður á pönnu. Þessi réttur er ekki ólíkur hakki og spaghetí eins og fólk þekkir í dag. Nú um stundir hefur Margrét mest dálæti á því að elda pottrétti úr allskonar hráefni og skiptir ekki máli hvort pottréttirnir séu úr kjöti eða fiski. „Mér finnst skipta mestu máli að hráefnið sé gott. Ég slæ hendinni aldrei á móti glænyjum fiski og nýppteikum kartöflum,“ segir Margrét. Þegar kemur að kryddi vill Margrét helst ekkert annað en krydd frá Pottagöldrum. „Mér finnst öll kryddin frá þeim góð en fiskikryddið og Lamb Islandia eru algerlega ómissandi. Ég nota Lamb Islandia í alla pottrétti hvort sem þeir eru úr lambakjöti eða ekki.“ Á meðan á eldamennskunni stendur finnst henni gott að hlusta á útvarpið og þá verður Rás 1 ávallt fyrir valinu því hún

Döðlubrauð Margrétar

4 dl af hveiti
2 dl heilhvæiti
1 1/2 eða 2 dl af haframjöli, eftir smekk
4 tsk lyftiduft
1 tsk salt
2 1/2 dl sykur
2 1/2 dl púðursykur
400 gr döðlur, gróft saxaðar
200 gr valhnetur, gróft saxaðar
4 egg
4 dl létmjólk eða 2dl af mjólk og tveir af vatni
6 msk matarolía
2-3 tsk vanilludropar

Öllum þurffnum skellt saman í skál og þau hræð saman. Síðan er döðlum og valhnetum bætt út í. Því næst eru mjólk,

egg, vanilludropar og olía þeytt saman með gaffli eða góðum þiskara og svo er þurr- og blaufnum blandað saman. Deigið er sett í tvö vel smurð ilöng form eða eit stórt.

Döðlubrauðið er bakað við 180° gráður í 45 mínútur. Þegar það er tilbúið er það látið kólna í mótunum og svo pakkað í smjörpappír og sett í plastpoka. Sniðugt er að frysta annað brauðið en þá er mjög mikilvægt að láta það þiðna í ísskáp.

180 gráður í 45 mínútur, látið kólna í mótum og pakkið inn í smjörpappír og settið í plastpoka. Ef maður frýstir þetta þá þarf að láta það þiðna í ísskáp. Gott er að borða döðlubrauðið með smjöri og osti.

segir að Gufan sé besta stöðin. „Það er líka alltaf gott að hafa eitthvað á fóninum,“ segir hún og hlær. Margrét er þó ekki bara sleip í eldamennskunni heldur er hún afbragðsgóður bakari og hefur Fréttablaðið heimildir fyrir því að hún baki heimsins besta döðlubrauð. Hún segist upphaflega hafa fengið uppskriftina að döðlubrauðinu úr bókinni Af bestu lyst, sem var gefin út í

samvinnu við Hjartavernd á sínum tíma en hafi breytt henni töluvert.

„Það getur verið æði sniðugt að breyta brauðinu með því að setja rúsinur í það eða hörfræ eða bara eitthvað allt annað. Það er alltaf gaman að prófa eitthvað nýtt og sjá hvað kemur út. Það er um að gera að virkja sköpunargleðina í eldhúsinu því það er líka listgrein,“ segir Margrét.



MATGÆÐINGURINN ÓLÖF RÚN SKÚLADÓTTIR FRÉTTAMAÐUR

Óvirkur súkkulaðifíkill

Hvaða matar gætir þú síst verið án?
Skyr er matur sem ég gæti alls ekki verið án. Ég held að ég borði skyr nánast daglega!

Fyrsta minningin um mat?
Sjálfsagt ætti ég að segja stappaðir bananar, en ég man ekkert eftir því. Æskuminning um fiskbakstur og kakósúpu hjá mömmu ylj-ar.

Besta máltíð sem þú hefur fengið?
Grillaður humar sem maðurinn minn matreiðdi og kampavín með!

Er einhver matur sem þér finnst vondur?
Hákarl er matur sem ég get ekki látið inn fyrir mínar varir nema ég haldi helst fyrir nefið.

Leyndarmál úr eldhússkápnum?
Hm... ég held ég verði að segja klettasalat og fetaostur. Það klikkar aldrei.



Hvað borðar þú þegar þú þarft að láta þér líða betur?

Þar sem ég er óvirkur súkkulaðifíkill borða ég popp þegar ég þarf að láta mér líða betur. Oftast líður mér sem betur fer vel og poppið er þá bara til að auka ánægjuna á letistundum.

Hvað áttu alltaf í ísskápnum?
Skyr þarf alltaf að vera til í ísskápnum og ávextir.

Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvaða rétt myndir þú taka með þér?
Ef ég yrði föst á eyðieyju væri aldeilis ágætt að eiga vínber, osta, ávexti og kaffi en ég yrði að eiga skyr!

Hvað er það skrytnasta sem þú hefur borðað?
Það er líkast til krókódill, kengúra og strútur. Allt saman var þetta lostæti.



Bjarni Ara

Alla virka daga kl. 13-16

Nýja kynslóðin í Barossa

Um helgina lýkur áströlskum dögum í Vínbúðunum en þeir hafa staðið undanfarnar vikur og vakið stormandi lukku. Eitt áhugaverðasta vingerðarsvæði Ástralíu er Barossa-dalurinn í suðurhlutanum. Þar hafa þrjár bylgjur gengið yfir síðustu áratugi í þeirri byltingu sem átt hefur sér stað í vingerð svæðisins. Fyrstu bylgjunni var komið af stað af þeim mönnum sem fyrir rúmum 60 árum áttuðu sig fyrstir á m ö g u l e i k u m Barossa-dalsins til að framleiða hágæðavín. Þar var í broddi fylkingar m.a. Max Schubert sem framleiddi hið fræga Penfolds Grange árið 1951.

Önnur bylgjan

Önnur bylgjan átti sér stað á 8. og 9. áratugnum og var hún mótuð af andstöðu ákveðinna gæðaframleiðenda, m.a. Burge og Lehmann, gegn ákvörðun stjórnvalda um að hvetja vínframleiðendur til að rífa upp gamla Shiraz-, Grenache- og Mourvedre- vínvið og rækta í staðinn ungan við með áherslu á hvítvínframleiðslu og létt rauðvín. Þessir gæðaframleiðendur voru líka á móti þeirri þróun í áströlskri vingerð að ákveðin risavínfyrirtæki sópuðu undir sig hverju merkinu á fætur öðru sem leiddi til einhæfni og lélegra gæða. Úr takti við tiskuna framleiddu þessir smærri gæðaframleiðendur sín bragðmiklu og kröftugu rauðvín úr gömlum vínvið og hófu nafn Barossa á hæsta stall áströlskrar vingerðar.

Þriðja bylgjan

Þriðja bylgjan hófst fyrir einungis 5 árum síðan þegar hver gæðaframleiðandinn í Barossa á fætur öðrum kom fram og sér ekki fyrir endann á þeirri þróun. Þessir framleiðendur eiga það sameiginlegt að vera afar smáir og helga sig framleiðslunni af slíkri ástriðu og metnaði að heimurinn hrifst með. Vínin þeirra eru bragðmikil og kröftug eins og góðum Ástrala ber að vera en eru líka flókin og faguð. Smæð framleiðslunnar og háir gæðastaðlar valda því jafnframt að vínin eru dýrari en þau fjöldaframleiddu.

Sá framleiðandi af þessari nýju kynslóð, hvers stjarna hefur skinið hvað skærast er án efa Torbreck. Vínin frá Torbreck hafa fengið hæst 99 stig hjá Robert Parker og á síðasta ári átti Torbreck besta vinið í Ástralíu að mati Wine Spectator. Tvö af ódýrari vínunum Torbreck fást núna á tilboði á áströlskum vindögum í Vínbúðunum Heiðrónu og Kringlunni, það eru hvítvinið Woodcutterís Semillon og rauðvinið Cuvee Juveniles.



BERENTZEN: Tilvalin skot í Eurovision-partíið!

Berentzen Apfel Korn eplasnafsinn er fyrsti eplasnafsinn sem kom á markað hér á landi og er jafnframt sá vinsælasti. Margar eftirlíkingar hafa komið á markaðinn en Berentzen hefur staðið þeim frammar að gæðum.

Eplasnafsinn góði hefur fengið liðsstyrk frá sama framleiðanda en það er Berentzen Wildkirsch, ljúft og þægilegt skot með kirsuberjabragði. Þessi skot eru upplögð með Fosters-bjórnum í partíin um helgina en margir eru nú að ljúka prófum og einnig má gera ráð fyrir að á hverju heimili verði Eurovision-partí. Því eru þessi skot tilvalin til að skjóta upp stemmingunni!

BERENTZEN APFEL KORN fæst í tveimur stærðum, annarsvegar 1 lítra flösku á 2.990 kr. og hins vegar í 70 cl flösku á 2.190 kr. Berentzen Apfel Korn fæst í allflestum Vínbúðum.



BERENTZEN WILDKIRCH er reynsluvara í ÁTVR og fæst því í Heiðrónu og Kringlunni og kostar 1.990 kr. í 70 cl flösku.



NASA

FÖSTUDAG 20.05.'05

MUGISON

TÓNLEIKAR MEÐ EINUM MESTA SNILLINGI ÍSLANDS

HÚSIÐ OPNAR KL. 20.30 | MIDVERÐ ER 500 KR.
TÓNLEIKAR HEFJAST | FORSALA FIMMTUD. KL. 13-17
STUNDV. KL. 21.30

LAUGARDAG 21.05.'05

ÞÁ ER KOMIÐ AÐ ÞVÍ!!!

EUROVISIONPARTÝ PÁLS ÓSKARS

BESTA EUROVISIONPARTÝ Í HEIMI VERÐUR Á LAUGARDAGSKVÖLDIÐ ÞVÍ ÞÁ MÆTIR PALLI ENN OG AFTUR OG HELDUR UPPI BRJÁLUÐU EUROVISION-STUÐI Á NASA. PALLI ER DJ KVÖLDSINS OG ÁSAMT ÞVÍ AÐ TROÐA UPP FÆR HANN OKKAR SKÆRUSTU EUROVISION STJÖRNUR TIL AÐ TROÐA UPP MEÐ SÉR.

SIGRÚN EVA SIGGA & GRÉTAR, STEBBI HILMARS OG EYFI KRISTJÁNS

STÓRVIÐBURÐUR HEIÐURSGESTIR KVÖLDSINS

ICY

HELGA, PÁLMI OG EIRÍKUR KOMA SAMAN Í FYRSTA SKIPTI Í 19 ÁR. ÞESSU EINFALDLEGA MÁ ENGINN MISSA AF!!!

MIDVERÐ 1.500 KR
FORSALA FÖST. KL. 13-17
HÚSIÐ OPNAR 23:00

NASA

ÞAR SEM ÍSLENDINGUM FINNST SKEMMTILEGAST AÐ DJAMMA



Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI

Lokbrá: Army of Soundwaves, **Khonor**: Handwriting, **Stephen Malkmus**: Face the Truth, **Jane**: Berserker, **Smog**: A River Ain't Too Much to Love, Ariel Pink's Haunted **Graffiti 2**: The Doldrums og að sjálfsgöðu **Selma**: If I Had Your Love.

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Tónleikar fyrir venjulegt fólk

Tónlistarmaðurinn Mugison heldur tónleika á Nasa annað kvöld en í gærkvöldi lék hann á Græna hattinum á Akureyri. Hann er nýkominn úr tónleikaferð um Evrópu sem var að hans sögn alveg frábær.



Mugison á Nasa hefst stundvíslega klukkan 21.30 og lýkur klukkan 23.00. „Það verður engin seinkun. Ég vil að venjulegt fólk geti komið á tónleikana, vaknað síðan snemma og farið í garðinn á laugardeginum,“ segir Mugison, sem heldur jafnframt tvöna tónleika í Bretlandi um helgina. Aðgangseyrir á Nasa er 500 krónur.

þegar við komum heim,“ segir Mugison. „Við reyndum að selja skítuga boli af okkur og þeir seldust eins og heitar lummur, aðallega í Þýskalandi.“

Nýjasta plata Mugison, Mugimama is this Mon-keymusic?, fékk undantekningalítið góða dóma á meðan á tónleikaferðinni stóð og er hann að sjálfsgöðu hæstánægður með viðbrögðin. „Það er gaman að fá svona margar skoðanir á því sem maður er að gera. Það var einn slæmur dómur og það var bara svollitið hressandi. Það er gaman að fá svona löðrung í andlitið. Þá langar mann að standa upp og sanna sig betur.“

Tónleikarnir á Nasa hefst stundvíslega klukkan 21.30 og lýkur klukkan 23.00. „Það verður engin seinkun. Ég vil að venjulegt fólk geti komið á tónleikana, vaknað síðan snemma og farið í garðinn á laugardeginum,“ segir Mugison, sem heldur jafnframt tvöna tónleika í Bretlandi um helgina. Aðgangseyrir á Nasa er 500 krónur.

> Plata vikunnar ...



NINE INCH NAILS: With Teeth

„Skotheld plata sem ætti að festa hann í sessi sem einn merkasta tónlistarmann okkar tíma.“ **BÖS**

> Poptextinn ...

„They're out to get you, better leave while you can don't wanna be a boy, you wanna be a man. You wanna stay alive, better do what you can so beat it, just beat it.“

Michael Jackson stappar í sig stálinu í laginu Beat It af metsölu-plötu sinni Thriller frá árinu 1982.



M12

M12-DAGURINN FJÖLSKYLDUSKEMMTUN! LAUGARDAGINN 21. MAÍ KL. 11-16

M12-áskrifendum Stöðvar 2 er boðið í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn.

- Frítt í öll leiktæki í garðinum.
- Leiktæki frá Skátalandi.
- Ískalt Pepsi og SS pylsur fyrir alla fjölskylduna.
- Strákagasblöðrur fyrir börnin.

Aðgöngumiðinn kemur í pósti til þín.

Gerum okkur glaðan dag í frábæru umhverfi.

Taktu næsta laugardag frá fyrir M12-daginn!



FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN



Búðarþjófadansinn vinsæll

Drengirnir hressu í hiphop-hljómsveitinni Loop Troop munu skemmta íslenskum tónleikagæstum í þriðja sinn á morgun. Borghildur Gunnarsdóttir spjallaði við Promoe hinn loðna um nýju plötuna og fleira forvitnilegt.

Nýjasta plata Loop Troop-meðlima, Fort Europa, kom nýlega út í Svíþjóð og er gefin út af útgáfu-fyrirtæki þeirra drengja, David vs. Goliath. Hún er ekki enn komin út hérlandis en varla er langt í það og að sjálfsgöðu munu strákarnir selja plötuna á tónleikunum. Loop Troop skipa þeir Dj Embee, Cosmic, Supreme og Promoe. Sá síðastnefndi er mest áberandi og líklega frægasti meðlimurinn. Hann hefur gefið út fjölda sólóplátuna og er einna eftirminnilegastur fyrir sérkennilegt útlit sitt sem einkennist af miklu skeggi og þykkum og löngum dreddum.

Hann er geysilega hressilegur á sviði og býst blaðamaður því við því sama þegar hann bjallar í hinn mikla Promoe. „Halló?“ svarar hann rómri og þreytulegri röddu sem veldur örhlitum vonbrigðum. Hann er þó kurteis, viðkunnaður og hinn finasti viðmælandi þrátt fyrir syfju.

Pólítískir textahöfundar

„Ég er mjög sáttur við nýju plötuna,“ segir Promoe aðspurður. „Hún er örhlitið ólík fyrri plötunum aðallega vegna þess að við unnum hana hraðar en hinar fyrri. Ég held að það komist líka til skila í tónlistinni, það er meira af spontant-hlutum og meiri hómur í henni.“

Promoe talar hægt og örhlitið letilega sem er reyndar ágætt því það auðveldar blaðamanni að pikka svörin hans inn á lykllaborðið. Hann segir plötuna hafa fengið ágætis viðbrögð í Svíþjóð þó svo að ekki séu allir dómur um plötuna jákvæðir.

„Margir eru góðir en ekki allir. Gagnrýnandi Aftenposten var til dæmis ekki svo sáttur við plötuna. Ég held að margir textarnir okkar hugnist ekki öllum,“ segir Promoe en þeir í Loop Troop eru þekktir fyrir hápólítíska texta þar sem oft



LOOP TROOP Svíarnir halda nú tónleika hérlandis í þriðja sinn vegna þriðju breiðskífu þeirra, Fort Europa. Promoe er hér þriðji frá vinstri, síðhærður, skeggjaður og stórskemmtilegur karakter.

er deilt harkalega á stjórnmálamenn. „Sumum finnst við vera að setja okkur á háan hest með því að reyna að segja öðrum hvernig þeir eigi að lifa lífinu. Ég er ekki sam-mála því, við erum bara að ræða málefni sem okkur þykja mikilvæg.“

Hressir á sviði

Promoe er ánægður með að starfa í tónlistariðnaðinum og er að sögn í fullri vinnu í Loop Troop. „Við vinnum ekkert fyrir utan hljómsveitina og erum því mjög heppnir. Einnig höfum við fengið að ferðast út um allan heim á tónleikaferðalögum og höfum meira að segja komið til Japans og Suður-Afríku. Við áttum þó augljóslega ekki eins marga aðdáendur þar eins og í Evrópu og til dæmis í Ástralíu.“

Þeir sem hafa séð hljómsveitina á tónleikum vita að strákarnir eru með þeim hressari á sviði. Blaðamaður minnst þess við Promoe að á síðustu tónleikum hérlandis hafi þeir meðal annars tekið „The Shoplifters Dance“ eða „Búðarþjófa-dansinn“ við mikinn fögnuð tónleikagæsta. Þetta er eins konar látbragðsdans þar sem þeir teygja hendurnar út í loftið og þykjast setja eitthvað í vasann á milli þess sem þeir dilla sér við tónlistina. „Já, hann vekur alltaf mikla gleði í áhorfendahópnum,“ segir Promoe og hlær. „Það var nú plötusnúðurinn okkar sem fann þennan dans upp og kenndi okkur hann. Okkur finnst gaman að sprella smávægis á sviði.“

Stoppa stutt við

Þrátt fyrir að vera hiphop-listamaður segist Promoe aðallega hlusta sjálfur á reggítónlist. Blaðamaður grípur þá að sjálfsgöðu tækifærið og segir honum frá íslensk-sænsku hljómsveitinni Hjúlmum og er Promoe afar áhugasamur og langar að tékka á þeim þegar hann kemur. Á tónleikunum á morgun munu Loop Troop spila lög af nýju plötunni í bland við gamalt og þekktara efni og eflaust megum við búast við skemmtilegum tónleikum eins og Loop Troop eru snillingar í að galdra fram úr erminni. Þeir félagar stoppa þó stutt við og fara heim til Svíþjóðar strax á laugar-daginn.

„Ég ætla að slappa af í húsinu mínu í sveitinni þangað til við förum til Helsinki og höldum tónleika þar.“ Blaðamaður spyr hann þá meira í gríni en alvöru hvort hann ætli semsagt að drífa sig heim til þess að missa ekki af Evróvisjón segir hann svo nú ekki vera: „Nei, ég er orðinn hundleiður á Evróvisjón. Einu sinni var þetta bara eitt kvöld en núna er þetta rætt sundur og saman í margar vikur áður en keppnin er haldin. Mér finnst tónlistin sjálf líka leiðinleg þó svo að það sé auðvitað bara smekksatriði.“ Tónleikarnir eru á Gauk á Stöng á morgun og opnar húsið klukkan ellefu, aldurs-takmark er átján ár og aðgangseyrir 1500 krónur. Upphitun er í höndum NBC, Dj Paranoia og Dj Deluxe. ■

Pearl Jam hitar upp

Hljómsveitirnar Pearl Jam, Black Eyed Peas, Maroon 5 og The John Mayer Trio verða á meðal þeirra sem munu hita upp fyrir rokkhundana í Rolling Stones á tónleikaferð þeirra um Bandaríkin í haust.

Pearl Jam mun hita upp á tónleikum í Pittsburgh 28. september en þetta verður í fyrsta sinn síðan 1997 sem hljómsveitin stígur á stökk með Stones. Miðasala fyrir tónleikaferðina hefur gengið vel og er uppselt á flestum stöðum. ■



PEARL JAM Það er ekki á hverjum degi sem gruggrokkarnir vinsælu hita upp fyrir aðrar hljómsveitir.

[SMS]

UM NÝJUSTU PLÖTURNAR

Hildur Vala: Hildur Vala


„Það á greinilega vel við Hildi Völu að synja rölg lög þar sem gullfalleg rödd hennar nýtur sín svo vel.“ **FB**

Hot Hot Heat: Elevator

„Önnur eiginleg breiðskífa Hot Hot Heat inniheldur svipað magn af glaðlegum tónum, en ekki sama magn af ferskleika og frumraun þeirra.“ **BÖS**

Fischerspooner: Odyssey

„Þýndu prinsarnir í bandarísku raftónlistarsunnuni snúa aftur eftir þriggja ára útgáfuþögn. Biðin var þess virði, og platan það besta sem þeir hafa gert.“ **BÖS**



HR HELENA
RUBINSTEIN

STELLARS DOUBLE STARS

TVÖFALT STJÖRNUREGN



www.helenarubinstein.com



Gildir til 25. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmitilegast að versla

Helena Rubinstein dagar í snyrtivörudeild Hagkaupa Kringlunni. Gjöfin fylgir þegar þú kaupir HR vörur fyrir 4.500 kr. eða meira dagana 19. - 25. maí.

Gjöfin þín*

Snyrtitaska í sumarlitunum

- Hreinsimjólk 50 ml
- Andlitsvatn 50 ml
- Prodigy verðlaunakremið 7 ml
- Prodigy augnkrem 3 ml
- Prodigy Sérúm 3 ml
- Extravagant maskari

Verðgildi gjafarinnar er 7.100 kr.

* gildir meðan birgðir endast.

Fæst í snyrtivöruverslun Hagkaupa Kringlunni.



SELMA BJÖRNSDÓTTIR Söngkonan snjalla stigur á svið í Kænugarði í Úkraínu í kvöld. Hún gaf sér þó tíma frá æfingum til að spóka sig á frelsistorginu í Kænugarði.

Verum viðbúin því versta

Selma Björnsdóttir stigur á svið í forkeppni Eurovision í kvöld. Pjetur Sigurðsson ræddi við hana um undirbúninginn fyrir kvöldið stóra.

Selma Björnsdóttir stigur á svið í kvöld í íþróttahöllinni í Kænugarði ásamt dönsurunum fjórum og Reginu Ósk Óskarsdóttur bakraddarsöngkonu. Selma er tíunda á svið í kvöld og það er ljóst að íslenska þjóðin hefur miklar væntingar í garð hennar en hvernig skyldi henni líða fyrir stóru stundina?

„Þetta leggst alltaf betur og betur í mig, en mér fannst þetta ofsalega skrítið í fyrstu því þetta er allt öðruvísi en þau tvö skipti sem ég hef tekið þátt. Fólk er miklu dreifðara á svæðinu nú en venjulega er eitt Eurovision-

hótel þar sem allir keppendur, aðdáendur og fjölmiðlar búa, þannig að mér fannst ég svolítið lítil í fyrstu. Þá er landið ofsalega framandi þar sem allt tekur mun lengri tíma og maður verður eiginlega að hugsa allt öðruvísi en heima. Það er búið að taka sinn tíma, en nú er ég öll að koma til og nú líður mér bara vel. Ég er mjög ánægð með alla tæknivinnu og þá er ég sérstaklega ánægð með sviðið og ég er mjög örugg vitandi það að þessi mál eru í höndum Svía sem hafa séð um sviðið og tæknimálin síðustu ár.“

Betra eftir breytingar

Nú hefur þú þurft að gera lítillskiltar lagfæringar á atríðinu. Er það vandamál fyrir þig?

„Nei, alls ekki. Ég skipti yfir úr handfrjálsum hljóðnema yfir í handhljóðnema eftir fyrstu æfingu þar sem hljóðið var ekki nægilega gott. En það er allt annað og betra eftir að við breyttum. Ég er miklu vanari handhljóðnemanum, þrátt fyrir að ég hafi æft fyrir keppnina með handfrjálsum hljóðnema. Ég er miklu öruggari með mig nú og þetta hefur engin áhrif á dansatriðið.“

Ertu kvíðin fyrir undankeppnina?

„Ég fæ stundum svolítil kvíðaköst, en það kemur allt í bylgjum. Auðvitað er ég kvíðin fyrir svona keppni, annað væri óeðlilegt, en ég reyni að ýta þessari pressu svolítið frá mér. Þetta á fyrst og fremst að vera skemmtilegt. Við stelpurnar erum svo vel undirbúnar og erum ofboðslega ánægðar með þetta lag, dansatriðið og allt annað sem lýtur að þátttöku okkar þetta árið. Meira getur maður ekki gert. Við erum eins tilbúnar og við getum orðið, en auðvitað fær maður fiðrildi í magann.“

Finnurðu fyrir miklum væntingum fólks á Íslandi?

„Ég heyrir af miklum væntingum að heiman, en eins og áður sagði reyni ég að ýta því frá mér. Ég er ofsalega jarðbundin og að eðlisfari mikil efasemdamannskja og það er mjög mikilvægt að almenningur á Íslandi geri sér grein fyrir því að við erum að fara í forkeppni. Ég hef alveg sjálfstraust í að segja að mér finnst við vera með eitt af fimm bestu lögnum í keppninni í ár og þá er ég að tala um öll lögin. Ég er hins vegar það raunsæ að ég geri mér fulla grein fyrir að það er fullt af löndum í forkeppninni sem ég hef enga trú á að muni

gefa okkur stig sama hversu gott lagið er og flutningurinn. Ég er mjög meðvitund um að það getur allt gerst og það er alls ekki víst að við komumst í gegnum forkeppnina, þrátt fyrir að við eigum það skilið að mínu mati. Ég segi við Íslendinga, vonum það besta en verum viðbúin því versta.“

Landslagið í keppninni hefur breyst mikið undanfarin ár. Austur-Evrópuþjóðum hefur fjölgað mikið og þær kjósa mikið hver aðra og hafa ekkert sérstaklega mikinn áhuga á okkar gerð af tónlist.“

Nú hefur þú náð frábærum árangri í Eurovision, náðir öðru sæti í Jerúsalem árið 1999 með *All out of Luck*. Er ekki svolítil áhætta fyrir þig að reyna aftur því miðað við aðstæður er erfitt að toppa þann árangur?

„Ég lít ekki þannig á þetta. Þetta eru tvær mismunandi keppnir því fyrirkomulagið hefur breyst svo mikið og ég lít á þetta sem tvo mismunandi viðburði. Fyrir mér er sigurinn að nokkru leyti unninn. Íslendingar hafa sýnt mér alveg ótrúlegan stuðning í undirbúningnum og hafa lýst svo mikilli ánægju með lagið og mér finnst Íslendingar stoltir af okkur, sem ég merki af þeim mikla stuðningi sem við höfum fengið. Það er náttúrulega aðalmarkmiðið. Maður er hér sem sendiherra Íslands og ef fólk er ánæggt, þá getur maður vart bedið um meira. Maður verða að taka á þessu með æðruleysi. Það verður að koma sem koma skal. Auðvitað er erfitt að gera betur en síðast, en ég reyni að gera það í minni framkomu og söng. Ég er að vonast til að sex ára reynsla skili sér í kvöld og að það skini í gegn. Annað er í höndum Evrópubúa og ég veit ekkert hvernig það fer.“

Hvað finnst þér um þessa keppni

sem slíka og hvernig hefur álit þitt breyst með þátttökunni?

„Ég er alin upp við hana og það var alltaf horft á hana heima. Fjölskyldan kom saman og það var grillað og við höfðum það skemmtilegt. Mér finnst gaman að fylgjast með henni, þótt atríðin og lögin séu auðvitað misgóð, en það leynast oft mjög góð lög á milli. Með því að taka þátt í keppninni hef ég fengið meiri áhuga á henni. Mér finnst hins vegar leiðinlegt að þróunin virðist vera í þá átt að þetta er farið að snúast miklu meira um peninga, en ekki um lagakeppnina sem slíka. Vegna breytinga á keppnisfyrirkomulagi þá hafa margir brugðið á það ráð að ferðast um alla Evrópu til að kynna lagið. Til að þetta sé hægt þarf mikið fjármagn og það eru því aðeins þeir fjársterkari sem geta það og gera. Það eru hérna lönd sem eyða hundruðum milljóna í undirbúning og kynningu. Við þessar smærri þjóðir höfum ekki fjárhagslegt bolmagn til að standa í kynningu sem þessum, þannig að þetta er varhuga-verð þróun. Ég trúir því þó að góðir hlutir gerist hjá þeim sem eiga það skilið í þessari keppni eins og lífinu sjálfu og það skipti að lokum meira máli hvernig lagið er og flutningur þess, en ekki hversu ríkur viðkomandi er.“

Ef við skiljum undan *If I Had Your Love*, af hvaða lagi ertu hrifnu?

„Það koma nokkur til greina, en ég held ég nefni norska lagið. Ég fyllist svo miklum innblæstri við að sjá Norðmennina koma fram, því þeir eru hér algerlega á sínum eigin forsendum og hugsa bara um að skemmta sér og öðrum. Maður á að taka þá sér til fyrirmyndar, því það eru ekki himinn og jörð að farast. Þetta á að vera skemmtileg hátíð en það er bara einn sem sigrar.“ ■

Quiznos SUB Veislu- og fundabakkar

Suðurlandsbraut 32 • S: 577 5775

Stóra stundin í kvöld

Það er komið að því. Í kvöld skýrist það hvort Selma Björnsdóttir verður meðal keppenda í aðalkeppni Eurovision á laugardaginn. Gífurleg spenna er fyrir kvöldið og mun Selma leggja allt að veði. Hin sígilda stigatafla verður ekki fyrir hendi í undankeppninni. Eftir að keppni lýkur hefst tíu mínútna símakosning og svo munu kynnarnir mæta á sviðið með tíu umslög sem innihalda nöfn þeirra þjóða sem komast áfram í aðalkeppnina. Ekki verður gefið upp hversu mörg stig lögin tíu fá en þau raðast inn í aðalkeppnina í þeirri röð sem þau koma upp úr umslögnum. Ef Ísland kemst áfram getur það verið fyrst á sviði.

